



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. júlí 2006 – 204. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Hver í heimi fegurst er

James Bond hefur ætíð verið umkringdur fögum fljóðum en nýverið var gerð könnun á því hver þeirra væri sú flottasta. Úrslitin koma fæstum á óvart.



KVIKMYNDIR 27

## Líkir í útliti en ólíkir í sér

Tviburabræðurnir Magnús og Sæmundur Pálssynir eru sjötugir í dag en þeir eiga báðir fjögur börn og ellefu barnabörn og segjast hafa nóg að gera eftir að þeir hættu að vinna.

TÍMAMÓT 20

## Íslenskir bændur búa á Kúbu

„Sumir lifa á því að leigja út heimili sín og búa í tjaldi árið um kring á meðan aðrir hafa tjaldað yfir sál sína og leigja út líkamann,“ segir Hallgrímur Helgason í grein sinni.



Í DAG 18


## Sigmundur vann með yfirburðum

Sigmundur Einar Músson vann yfirburðasigur á Íslandsmóttinu í höggleik en Helena Árnadóttir vann Ragnhildi Sigurðardóttur eftir bráðabana í flokki kvenna. Sigmundur hafði átta högga forystu á næsta mann.



ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**EINNA BEST Í BORGinni** - Í dag verður hæg norðlæg átt. Rigning austan til, bjart með köflum suðvestan til, annars skúrir. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins á Suður- og Vesturlandi.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL 18-49 ÁRA

## Lestur á fasteignablöð



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.



**STEMNING Á KLAMBRATÚNI** Fjórmenningarnir í Sigur Rós léku fyrir mikið fjölmenni manns af sinni heimskunnu snilld á Klambratúni í gærkvöld. Tónleikarnir eru hluti af Íslandsreisni þeirra, en þegar hafa þeir spilað á mörgum stöðum víðsvegar um landið, meðal annars í gömlu síldarverksmiðjunni í Djúpavík. Stúlkurnar í strengjakvartettinum Amína sáu um að kynda undir eftirvæntingunni eins og svo oft áður við mikla hrifningu allra sem á hlýddu. Nær örugglega má fullyrða að aldrei hafi jafnmargir verið saman komnir á þessu fyrrum bæjarstaði í hjarta höfuðborgarinnar. Lögreglan í Reykjavík taldi að tónleikagestir væru um fimmtán þúsund.

FRÉTTABLAÐIÐ STEFAN

# Árásin á Kana vekur reiði um heim allan

Loftárás ísraelska hersins á Kana, þar sem nærri sextíu manns létu lífið, mætir litlum skilningi á alþjóðavettvangi. Þjóðarleiðtogar fordæma verknaðinn.

**LÍBANON, AP** Leiðtogar fjölmargra ríkja fordæmdu í gær harðlega árásir ísraelska hersins á borgina Kana í Líbanon í fyrrinótt. Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, lýsti hryllingi sínum og Jan Eliasson, utanríkisráðherra Svíþjóðar, hvatti menn til að hætta þessu „hernaðarlega stigmögnunarbrjálæði.“

Javier Solana, utanríkisráðgjafi Evrópusambandsins, sagði ekkert geta réttlætt dauða saklausra borgara og frönsk stjórnvöld fordæmdu „þennan óréttlæt-

anlega verknað, sem sýnir betur en nokkur sinni fram á nauðsyn þess að vinna að því að vopnahlé komist á nú þegar.“

Reiði ríkir einnig alls staðar í arabaheiminum vegna atburðanna. Jafnvel leiðtogar ríkja, sem hafa verið hliðholl Bandaríkjunum, fordæmdu árásina hörðum orðum.

„Þessi fjöldamorð eru glæpaverk hugleysingja og frekleg brot á öllum alþjóðasamningum,“ sagði til dæmis Abdullah Jórdaníkonungur, sem varð fyrstur arabaleiðtoga til að tjá sig um atburðina.

Í Líbanon komu um fimm þúsund manns saman strax í gærmorgun fyrir utan byggingu Sameinuðu þjóðanna í Beirút og hrópuðu slagorð gegn Bandaríkjunum og Ísrael. Síðar um daginn réðust um fimmtíu manns inn í bygginguna og brutu þar allt og brömluðu.

Bandarísk stjórnvöld létu hins vegar nægja að kalla árásina „hryllilegt og sorglegt atvik“ og hvöttu Ísraelsmenn til þess að forðast að valda manntjóni meðal almennra borgara.

## Veðurhorfur um næstu helgi: Hitabylgja í uppsiglingu

**VEÐUR** Það lítur út fyrir hitabylgju um verslunarmannahelgina, en samkvæmt Sigurði Þ. Ragnarssyni, yfirveðurfræðingi NFS, verður hitinn á svipuðu róli og í hitabylgjunni í ágúst árið 2004. Helsti munurinn sé að nú verði ekki jafn sólríkt og jafnvel væta á köflum.

„Það verður boðið upp á hlýjan matseðil um helgina og það er mjög ánægjulegt,“ segir Sigurður. Hitinn á laugardag gæti orðið 25 til 27 gráður þar sem hlýjast verður, en hitabylgjan á að ná hámarki á laugardag. Á flestum stöðum ætti dags-hitinn að ná um tuttugu stigum.

Sigurður segir líkurnar á hitabylgjunni miklar. „Ef þetta fer á versta veg ét ég hattinn hans Sigmundar Ernis því ég á engan hatt.“

- sps

Framkvæmdastjóri SI segir lækkuð matarverðs ekki snúast um ýsu og rúgbrauð:

# Sælgæti og gos lúxus sumra

**MATVÆLAVERÐ** Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, fagnar hugmyndum formanns matvæla- og fiskveiðisráðgjafar forsætisráðherra um afnám vörugjalds af matvöru. Hann geldur hins vegar varhug við hugmyndum um að viðhalda vörugjöldum á sælgæti og gosdrykki, í því skyni að stýra neyslu fólks.

Sveinn nefnir sem rök, máli sínu til stuðnings, að slíkar vörur séu á sinn hátt lúxusvörur þeirra lægra launuðu.

„Mér finnst Alþýðusambandið mega huga að þessu. Á meðan hinir



SVEINN HANNESSON framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

hærra launuðu fara í utanlandsferðir eða út að borða eru sælgæti og gosdrykkir lúxus þeirra sem lægri hafa launin. Þetta sýna kannanir.“

Sveinn segir að á þessu þurfi verkalýðshreyfingin að átta sig. „Það eru ekki einhverjar verur utan úr geimnum sem kaupa þessar vörur heldur félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar. Menn hafa verið svolítið fastir í að horfa bara á ýsu og rúgbrauð og telja að það sé það eina sem hinir lægra launuðu borða eða eiga að borða. Mér finnst við ekki eiga að stjórna því hvort fólk borðar rúgbrauð eða kex.“

- bps / sjá síðu 16



REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. AGÚST



Skráðu þig núna á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is)

GLITNIR





## SPURNING DAGSINS

Dagur, er þetta eitthvað sem þú hefur alltaf þráð?

„Ég þráði þetta fyrir löngu síðan en gleymdi því svo en er nú aftur að taka upp þráðinn.“

Samfylkingin lagði fram tillögu í borgarráði í liðinni viku um að kannaðar yrðu leiðir til að koma á þráðlausri nettengingu um alla Reykjavíkurborg. Dagur B. Eggertsson er oddviti Samfylkingar.

Nauðganir tíðar í fangelsum:

## Misnotaðir fangar þegja

**WASHINGTON, AP** Mun algengara er að fangar séu misnotaðir kynferðislega en tilkynningar um slík brot gefa til kynna. Þetta er niðurstaða nýrrar bandarískrar rannsóknar á vegum dómsmálaráðuneytisins.

Tæplega þrjár af hverjum þúsund fóngum tilkynna um slík brot gegn sér, en talið er að þau séu mun algengari. Kannanir hafa meðal annars sýnt að tíu prósent karlkyns fanga í Miðvesturríkjunum hafi verið nauðgað. Þeir veigri sér þó mjög oft við að segja frá því.

Þá er sagt frá því að nauðganir í fangelsum séu ekki bara vandamál fangelsanna, því þeir sem verði fyrir misnotkun þar brjóti oft af sér á sama hátt þegar þeir losna út. -sh

2.000 gestir á Grundarfirði:

## Töluverð ölvun meðal gesta

**LÖGREGLUMÁL** Töluverð ölvun var á bæjarhátíðinni Á góðri stund sem lauk á Grundarfirði í gærkvöld. Að sögn lögreglunnar á Snæfellsnesi voru um tvö þúsund manns á hátíðinni og þurftu lögreglumenn að hafa nokkur afskipti af fólki.

Nokkuð var um minniháttar þústra manna á milli og voru nokkrir ólátabelgir fluttir á lögreglustöð. Einn var tekinn grunaður um að aka ölvaður í gærmorgun. Hann taldi sig vera kominn í ökuhæft ástand eftir gleði næturinnar. -vör

## FRAKKLAND

**Engir þvengir** Borgarstjórnin í París hefur ákveðið að banna þvengbikin og berbrjósta sólböð á sumarhátíðinni Strendur Parísar. Ekki er fyllilega ljóst hvers vegna bannið var sett á núna en hátíðin, sem stendur yfir í mánuð, hefur verið haldin um fimm ára skeið.

Kjaranefnd fékk ekki yfirvinnubeiðni vegna rannsóknar á olíusamráðinu:

## Ráða engu um vinnuheimild

**SAMRÁÐ** Kjaranefnd barst ekki beiðni frá embætti ríkissaksóknara um heimild fyrir aukinni yfirvinnu vegna rannsóknar á samráði olíufélaganna samkvæmt Guðrúnu Zoëga, formanni kjararáðs, sem áður hét kjaranefnd. Aðeins einn starfsmaður ríkissaksóknara hefur unnið að rannsókn málsins seinustu mánuði en hann er nú í sumarfrí og því liggur rannsókn málsins niðri.

Í Fréttablaðinu á laugardag sagði Helgi Magnús Gunnarsson, sá lögræðingur sem unnið hefur að málinu, að ríkissaksóknari hefði sent kjararáði beiðni um heimild til að vinna frekari yfirvinnu

vegna rannsóknar á málinu, en þeirri beiðni hafi verið hafnað. Formaður kjararáðs segir þetta ekki rétt.

„Kjaranefnd barst beiðni frá Helga Magnúsi Gunnarssyni um viðbótargreiðslur vegna málsins, og hún var afgreidd þannig að ákvörðun skyldi tekin þegar málinu væri lokið. Það er í samræmi við afgreiðslu kjaranefndar á svipuðum málum,“ segir Guðrún.

„Kjaranefnd hefur ekkert með heimildir til vinnu að gera en hún ákveður hins vegar hvernig greitt er fyrir vinnuna. Í þessu tilviki var það afgreitt þannig að málið skyldi skoðað að þessari törn lokinni.“ -sps



**BENSÍNI DÆLT** Guðrún Zoëga segir kjaranefnd hafa ekkert með heimildir til vinnu að gera, það sjái formaður embættisins um.

Lögregla skarst í leikinn:

## Eyrnabítur tekinn höndum

**LÖGREGLUMÁL** Betur fór en á horfðist þegar maður beit hluta af eyra af öðrum manni í átökum þeirra á milli á Bergstaðastræti snemma í gærmorgun. Lögreglumenn handtóku áráðarmanninn á vettvangi en fórnarlambið var flutt á slysa-deild Landspítalans. Að sögn varðstjóra tókst læknum að sauma eyrað saman.

Áráðarmaðurinn var látinn sofa úr sér í fangaklefa. Hann var yfirheyrður í gær en mun ekki hafa viðurkennt brot sitt. Fórnarlamb áráðarmanninn hafði síðdegis í gær ekki lagt fram kæru á hendur áráðarmanninum. Rannsókn málsins heldur áfram. -vör

## Reglur um lyftara-réttindi oft brotnar

Fyrirtæki sjá ekki alltaf til þess að þeir sem stýra lyfturum séu með tilskilin próf. Oftast eru það stjórnendur minni lyftara sem eru próflausir, en það er brot á reglum. Vinnueftirlitið segir reglur varðandi minni lyftara í endurskoðun.

**ÖRYGGI** Nokkuð er um að fyrirtæki láti starfsmenn sína vinna á lyftara án þess að þeir hafi tilskilin leyfi eða próf. Starfsmannastjórar og öryggisfulltrúar hjá Aðföngum, Eimskip og Rúmfatalagernum segja að þótt þeir reyni að sjá til þess að allir sem stýri lyfturum séu með réttindi þá komi fyrir að minni lyftara séu notaðir af mönnum sem hafi ekki lyftarapróf.

„Ég get fullt að við reynum okkar besta,“ segir Eypór Ólafsson, öryggisstjóri hjá Eimskip. „Á stærri lyfturunum eru allir með réttindi, en á hinum geta verið nýbyrjaðir starfsmenn sem eru í þjálfun.“

Hann segir að það taki alltaf einhvern tíma fyrir menn að fara í gegnum námið og á meðan vinni þeir undir leiðsögn kennara á minnstu lyfturunum.

Á þriðjudaginn var lést franskur verktaki í vinnuslysi við Helliðarvirkjun. Maðurinn stóð á göfllum lyftara í sjö til níu metra hæð þegar jörðin undan lyftaranum seig, með þeim afleiðingum að hann valt á hliðina. Við það féll maðurinn til jarðar og hlaut höfuðhögg sem dró hann til dauða. Að mati Vinnueftirlitsins var öryggisráðstöfunum ekki fylgt þegar slysið varð. Lögreglan á Selfossi gefur ekki upp hvort ökumaður lyftans hafi verið með lyftararéttindi eða ekki.

Samkvæmt reglum Vinnueftirlitsins sem heyra undir lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verður stjórnandi lyftara að hafa réttindi til að nota hann. Mismunandi reglur gilda



**LYFTARI** Öryggisstjóri hjá Eimskip segir fyrirtækið gera sitt besta til að sjá til þess að allir séu með réttindi sem stýra lyftara. Þó komi fyrir að starfsmenn stýri minni lyfturum án prófs.

um mismunandi stærðir á lyfturum, en réttindi þarf til að stýra bæði minni og stærri lyfturum.

„Það sem ég heyri oftast er að það sé erfitt að halda þessum reglum í lagi varðandi minnstu tækin,“ segir Magnús Guðmundsson, deildarstjóri á vinnuvéladeild Vinnueftirlitsins. „Það er þá vegna mikillar starfsmannaveflu, fyrirtækin séu að skipta svo oft um starfsmenn að þau hafi ekki undan að senda þá á námskeið.“

Hann segir þessa flokkun á réttindum í endurskoðun hjá Vinnueftirlitinu. „Það er mat manna að það sé fullmikið af minni tækjum í þessum réttindaflokki sem væri óþarfi að gera kröfum um réttindi á. Það eru alltaf að koma fjölbreyttari tæki á markaðinn og með endurskoðuninni á að reyna að flokka þetta betur.“

salvar@frettabladid.is



**FLUGVÉL VIÐ JÓNSBÚÐ** Það var skrautlegt planið við Jónsbúð þegar flugvél og fjögur myndarleg vélhjól stóðu þar meðan eigendur fylltu á fararskjóta sinn.

MYND/HLYNUR ÞÓR MAGNÚSSON

Jónsbúð á Reykhólum:

## Fyllti á tankinn

**VERSLUN** Nokkuð óvenjuleg sjón blasti við þeim sem leið áttu í Jónsbúð á Reykhólum á laugardag en þá voru flugmenn að setja bensín á fleygan fararskjóta sinn. Flugbrautin á Reykhólum er ekki nema um hundrað metrum frá Jónsbúð.

„Ég sá manninn draga flugvélin hingað inn á plan hjá okkur og ég hugsaði bara, vá,“ segir Ingibjörg Sæmundsdóttir sem afgreiddi flugmennina. „Það koma margar flugvélar hingað á Reykhóla en aldrei koma þær upp á plan. Reyndar höfum við einu sinni afgreitt mann sem kom hingað með físvél,“ segir Ingibjörg. -jse

Fíkniefnamál á Sauðárkróki:

## Tveir menn handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn voru handteknir um helgina í heima-húsi á Sauðárkróki. Annar manna var með lítilsháttar magn af hassi. Honum var sleppt að lokinni yfirheyrslu en talið er víst að hassið hafi verið ætlað til einkaneyslu. Á hinum mannum fundust sjö grömm af hassi og smáræði af amfetamíni. Þá fundust töluverðir fjármunir í fórum hans og leikur grunur á að peningarnir séu ágóði eiturlyfjasölu.

Báðir mennirnir hafa áður gerst brotlegir við lög. Þeir játuðu báðir við yfirheyrslur. -vör

Miklar vonir bundnar við fyrstu kosningarnar í Kongó í fjóra áratugi:

## Kabila þykir sigurstranglegur

**KINSHASA, AP** Kosningar voru haldnar í gær í Kongó, hinu austara, í fyrsta sinn í fjörutíu ár. Kosningarnar þykja marka tímamót og vonir standa til þess að friðsamlegri tímar séu í vændum í þessu landi, þar sem átök og spilling hafa sligað allt mannlíf áratugum saman.

„Þetta er sögulegur dagur fyrir okkur. Við höfum ekkert haft neitt nema stjórnarbyltingar og einræðisherra í þessu landi, draugastjórnir,“ sagði Jean-Pierre Shamba, 44 ára verkfræðingur, eftir að hann hafði greitt atkvæði í bænum Bunia í gær. „Núna fáum við stjórn fólksins. Ég þakka guði fyrir það.“

Joseph Kabila, hinn ungi forseti landsins, þykir sigurstranglegastur af 33 frambjóðendum til forsetaembættisins, en í hópi þeirra eru fyrrverandi uppreisnarleiðtogar sem hann barðist við á sínum tíma.



**KJÓSENDUR Á KJÓRSTAD** Í KINSHASA Kjósandi stingur kjörseðli sínum í kjörkassann, en á bak við má sjá kjörklefana.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrir þremur árum var gert friðarsamkomulag, sem fól í sér að bráðabirgðastjórn tók við völdum þar sem Kabila var forseti en uppreisnarleiðtogarnir varaforsetar.

Meira en níu þúsund manns eru í framboði til löggjafarþings landsins, sem verður skipað fimm hundruð þingmönnum. Íbúar landsins eru 58 milljónir og af þeim eru 25 milljónir á kjörskrá. -gb

## BÍLL DAGSINS

### TOYOTA AVENSIS SOL EXE

Nýskr 12.05 - ssk, ek. 8 þús. km.



Verð áður: 3.090.000,-  
Tilboð: 2.880.000,-

50.000kr.  
af bensini fylgja öllum notuðum bílum



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.





Vaxtabót og Viðbót



ARGUS / 06-0334

Ef þú stofnar SPRON Vaxtabót eða SPRON Viðbót fyrir 20. ágúst getur þú unnið glæsilegan ferðavinning að verðmæti 100 þúsund kr.

Dregið 22. ágúst 2006.

# Tveir sterkir

– sparnaðarreikningar á Netinu!

**SPRON Vaxtabót – 12,50% vextir\***

Óverðtryggður sparnaðarreikningur sem ber allt að 12,50% vexti.\*

**SPRON Viðbót – 4,80% vextir\***

Verðtryggður sparnaðarreikningur sem ber allt að 4,80% vexti.\*

Sparaðu í SPRON - það borgar sig !

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,  
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

\*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. júlí 2006

 **spron**  
– frelsi í bankaviðskiptum



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 28.7.2006

## KAUP SALA

|                 |        |        |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 72,85  | 73,19  |
| Sterlingspund   | 135,38 | 136,04 |
| Evra            | 92,33  | 92,85  |
| Dönsk króna     | 12,375 | 12,447 |
| Norsk króna     | 11,735 | 11,805 |
| Sænsk króna     | 9,996  | 10,054 |
| Japanskt jen    | 0,6301 | 0,6337 |

SDR 107,67 108,31

Gengisvísitala krónunnar  
127,9599

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fólkskuleg árás á Selfossi:

## Árásarmönnum sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Mönnunum fimm sem handteknir voru fyrir grófa líkamsárás á Selfossi aðfaranótt laugardags hefur verið sleppt úr haldi. Yfirheyrslum yfir þeim lauk í fyrrakvöld.

Mennirnir réðust á tvo aðra með bareflum, meðal annars keðju sem lögreglan hefur undir höndum. Ekki liggur fyrir hvað árásarmönnum gekk til en fórnarlömbin eru talsvert meidd, annað höfuðkúpubrotið.

Málið er enn í rannsókn lögreglunnar á Selfossi. -sh



Í GARDINUM HEIMA Maðurinn affelgaði bílinn í hamaganginum.

Ökuníðingur á Selfossi:

## Staðnæmdist í eigin húsgarði

**LÖGREGLUMÁL** Ungur ökuþór á Selfossi stakk lögreglu af í fyrri-nótt, ók yfir hringtorg þar sem hann affelgaði eitt hjól bílsins og endaði ferðina loks inni í garðinum heima hjá sér.

Lögreglumenn höfðu ætlað að stöðva manninn fyrir reykspól þegar hann brást svona við. Hann var á Camaro-bíl sem hann hafði í láni og segir lögreglan bílinn sennilega vera nokkurra milljóna króna virði. Nú lítur allt út fyrir að hann verði að kaupa bílinn, sem skemmdist töluvert.

Maðurinn var allsgáður og hafði ekki mörg umferðarlagabrot á skrá. Hann var þó sviptur öku-réttindum fyrir athæfið. -vör

Sautján ára Íslendingur laus úr haldi landamæravarða á flugvelli í Tel Aviv eftir þrettán klukkustunda dvöl:

## Lætur ekki brjóta sig auðveldlega niður

**ÍSRAEL** Sautján ára Íslendingur, Yousef Ingi Tamimi, var í haldi landamæravarða á flugvelli í Tel Aviv í 13 klukkustundir í gær. Hann fékk hvorki vott né þurr í tíu klukkustundir og vissi aldrei hvenær eða hvort hann yfirleitt kæmist inn í landið.

Yousef var á leið ásamt ísraelskum frænda sínum í mánaðarheimsókn til föðursystur sinnar í Jerúsalem. Flugvél hans lenti í Tel Aviv klukkan fimm að morgni að staðartíma, eða klukkan tvö að íslenskum tíma. Eftirlitsmönnum á flugvelli þótti hann grunsamlegur og trúðu ekki sögunni um að hann væri á leið til frænku

sinnar. Vegabréfið var því tekið af honum til skoðunar, en frænda hans var hleypt inn í landið. Þegar vegabréfið var tekið af honum var honum sagt að athuginn gæti tekið frá fimm mínútum til sólarhrings.

„Vegabréfið kemur þegar það kemur, sögðu þeir. Samt lá það á borði hjá þeim allan tímann. Þeir voru bara að reyna að brjóta mig niður á einhvern hátt,“ sagði Yousef þegar hann var kominn til frænku sinnar í gær. „Ég held að þetta hafi verið fyrirfram ákveðið. Þeir ætluðu bara að láta mig vera þarna í tólf tíma.“

Yousef, sem átti allt eins von á

því að vera sendur til baka, fékk loks eitthvað að borða eftir tíu tíma dvöl á flugvelli, og var þá orðinn sársvangur. Honum var loksins hleypt inn í landið klukkan þrjú að íslenskum tíma.

Salman Tamimi, faðir Yousefs, segir svona hegðun landamæra-varða í Ísrael engin nýmæli. „Það er alltaf látið svona við fólk, sérstaklega þegar það er vitað að það er á leiðinni í arabíska hlutann. Þeir reyna að gera þetta eins leiðinlegt og hægt er svo fólk vilji örugglega ekki koma aftur.“

Yousef segir þetta atvik þó alls ekki fæla hann frá því að heim-sækja landið. „Ef maður trúir á



YOUSEF INGI TAMIMI Landamæraverðir stöðvuðu fór Yousefs og héldu honum fongnum í þrettán klukkustundir.

málstaðinn þá bara kemur maður oft til að sýna þeim það að það er ekki hægt að brjóta mann auðveldlega niður.“ -sh

## Straumur kaupir ráðgjafa í London

Straumur-Burðarás hyggst opna útibú í London. Fyrstu skrefin að innkomu á breska markaðinn hafa verið stigin með kaupum á helmingshlut í hinu virta ráðgjafar fyrirtæki Stamford Partners.

**VIÐSKIPTI** Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hefur fest kaup á helmingshlut í breska ráðgjafafyrirtækinu Stamford Partners í London. Breska fyrirtækið sérhæfir sig í ráðgjöf fyrir matvæla- og drykkjarvöru fyrirtæki og eru þekkt fyrirtæki í þeim geira meðal viðskiptavina þess. Jafnframt hyggst Straumur opna útibú og hefja útlánastarfsemi í London síðar á árinu.

Seljendur eru stofnendur fyrirtækisins og lykilstarfsmenn. Þeir munu allir starfa áfram hjá fyrirtækinu. „Við erum að fara inn á áhugaverðan og mikilvægan markað og gerum það með kaupum á sérhæfðu fyrirtæki sem náð hefur frábærum árangri og sjáum möguleika í að samhæfa ráðgjöf og fjármögnun,“ segir Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðarás.

Markmið Straums með kaupunum er að koma sér fyrir á breska markaðnum sem er skilgreindur sem einn af kjarnamörkuðum bankans.

Guðmundur Þórðarson, framkvæmdastjóri fyrirtækisviðs bankans, segir seljendurna sjá, eins og Straumur, mikil tækifæri í því að tengja saman ráðgjöfina og lánagetu Straums. „Þeim finnst spennandi við þessi kaup að geta boðið sínum viðskiptavinum upp á fjölbreyttari þjónustu en þeir geta í dag.“

Guðmundur segir kaupin lið í þeirri stefnu sem var mörkuð við sameiningu Straums og Burðarás, þegar stefnan var sett á að bankinn yrði leiðandi fjárfestingabanki á Norðurlöndunum og í Bretlandi.



UPPHAFSSKREF Á BRESKA MARKAÐNUM Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðarás, og Friðrik Jóhannsson forstjóri. Bankinn hefur stigið fyrsta skrefið á breska markaðnum með kaupum á reyndu og virtu ráðgjafar fyrirtæki.

Straumur hefur þegar hafið starfsemi í Danmörku með því að byggja upp frá grunni. Hann segir London erfiðan markað þar sem mikil samkeppni ríki. „Við völdum því þá leið að kaupa fremur en að byggja upp frá grunni. Það að við kaupum fyrirtæki sem þjónar þessum tilteknu atvinnugreinum, hefur enga merkingu í sjálfa sér.“ Þeir segja tækifærin liggja í að koma sér fyrir á markaði með öflugum samstarfi og breikka verkefna- og útlánastarfsemi.

Stjórnendur Stamford Partners hafa áratuga reynslu af ráðgjöf í matvæla- og drykkjarvörugeiranum og höfðu fyrir stofnun fyrirtækisins unnið hjá fjárfestingabönkum að slíkum verkefnum um árabil. Meðal viðskiptavina má nefna fyrirtæki

eins og Northern Foods, Barilla og Cadbury Schweppes.

Þeir segja gríðarleg tækifæri í sameiningarverkefnum í matvæla-geiranum, en markmiðið sé að ná fötvestu á markaðnum og breikka tekjuggrunn bankans, þannig að hann verði leiðandi fjárfestingabanki í Norður-Evrópu.

Stamford Partners er ekki stórt fyrirtæki í starfsmönnum talið en leiðandi á sínu sviði. Að kröfu seljendna eru ekki gefnar upp tölur um kaupverð og veltu. Þeir segja þó leitun að félagi sem skili jafn miklu á starfsmann og að félagið njóti mikillar virðingar, kaupin styrki því Straum-Burðarás verulega á þessum markaði. Hugmyndin að kaupnum hafi komið upp þegar Straumur-Burðarás vann með Stamford fyrir á árinu. hafliði@frettabladid.is



GÚMMIÖND Þegar ferðalaginu lýkur hafa endurnar siglt yfir þrjátíu þúsund kílómetra.

Fjórtnán ára ferðalagi lýkur brátt:

## Gúmmiöndur sigla um höfin

**SJÓFERÐIR** Stór floti gúmmiöndna sem féll af flutningaskipi árið 1992 fer brátt að koma að landi, en um tíu þúsund slíkar endur hafa siglt um heimshöfin síðustu fjórtán ár. Þetta kemur fram á fréttavefnum Sunday Mirror.

Endurnar féllu í Kyrrahafið ásamt froskum og skjaldbökkum úr gúmmi, en talið er að endurnar hafi yfirgefið höpin ári seinna og haldið inn Beringssund. Þar frusu þær í ís og ferðuðust norður fyrir til Atlantshafsins. Að lokum lenda þær í Golfstraumnum sem ber þær til Bretlands.

Vísindamenn hafa fylgst með ævintýri annanna til að fræðast betur um hafstrauma. -sps

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Pung umferð á Búðardal** Fjórir voru teknir fyrir hraðakstur og einn fyrir ölvunarakstur nálægt Búðardal aðfaranótt sunnudags. Að sögn lögreglu var mikil umferð á svæðinu enda veður með eindæmum gott og nokkur stór ættarmót haldin á svæðinu. Umferð gekk greiðlega og engin slys á fólki.

**Slagsmál á Borðeyri** Tveir voru fluttir í fangaklefa fyrir ölvun og óspektir á Borðeyrarhátíð aðfaranótt sunnudags. Um það bil 300 manns voru samankomin við hátíðarhöldin. Þá liggur annar mannanna undir grun fyrir fíkniefnamisferli. Báðir voru vel við skál og voru þeir vistaðir á lögreglustöðinni í Blönduósi.

PIPILAGNIR LOFTNET

allt

... sem þig vantar í nýja húsnæðið

VIACERDIA

**VÍSIR**

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

**VEÐURSPÁ**

Sigurður Þ. Ragnisson, veðurfræðingur

**HITABYLGJA UM VERSLUNAR-MANNAHELGINA**

Það er sannarlega gleðilegt að lesa í hitafarið um verslunarmannahelgina. Mikil hlýindi er að sjá á föstudag og laugardag og kann hið nýja að slá í 25-27 stig þar sem hlýjast verður. Að líkindum verður það á norðanverðu landinu þar sem vindur verður suðlægir þessa stóru ferðahelgi. Vonandi rættist þetta sem og að tíma-setningar standist.

**VEDURHORFUR**

**Í BORGinni**

Hæg norðlæg átt. Bjart með köflum og hætt við síðdegisskúrum. Hliti allt að 18 stig að deginum.

**um hádegi »**

**um hádegi »**

|               |                 |                 |                 |            |                 |
|---------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 24°C skúrir     | London          | 22°C léttskýjað | Alicante   | 33°C léttskýjað |
| Billund       | 22°C skýjað     | Paris           | 25°C léttskýjað | Mallorca   | 30°C léttskýjað |
| Oslo          | 18°C rigning    | Frankfurt       | 26°C léttskýjað | Algarve    | 31°C léttskýjað |
| Stokkhólmur   | 22°C léttskýjað | Friedrichshafen | 26°C skúrir     | Krít       | 29°C léttskýjað |
| Gautaborg     | 21°C skúrir     | Berlín          | 27°C skúrir     | Las Palmas | 25°C heiðskirt  |

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**» á morgun**

Hæg norðaustlæg átt.

**» miðvikudagur**

Hæg breytileg átt. Hætt við þokulofni með ströndum.



# TEKJUBLAÐIÐ

Tryggðu þér eintak!



TAKMARKAÐ UPPLAG • Aðeins selt í 11 daga\*

\* skv. ákvörðun Persónuverndar

FRJÁLS VERSLUN

[www.heimur.is](http://www.heimur.is)

Áskriftarsíminn  
er 512 7575

  
heimur





## KJÖRKASSINN

Ætlar þú á útihátíð um verslunarmannahelgina?

|     |     |
|-----|-----|
| Já  | 31% |
| Nei | 69% |

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Först þú á tónleika Sigur Rósar í gær?

Segðu skoðun þína á Vísi.is



Menntamálaráðherra segir verk í eigu RÚV sóma sér vel innan stofnunarinnar:

# Óþarft að færa listaverkin

**LISTAVERK** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sitjandi forsætis- og menntamálaráðherra, segir ástæðulaust að finna listaverkum í eigu Ríkisútvarpsins nýjan stað á safni. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu fyrir skömmu taldi Hilmar Einarsson, forvörður í Morkinskinnu, sem vann að mati á listaverkunum, að farsælast væri að finna listaverkunum stað á Listasafni Íslands. Listaverkin eru samkvæmt mati Hilmars metin á tæpar 52 milljónir króna.

Þorgerður segir listaverkin sóma sér vel á veggjum útvarps-hússins við Efstaleiti. „Ég held að

það sé ástæðulaust að finna verkunum stað á Listasafni Íslands, þar sem þau glæða menningarlega ásynd Ríkisútvarpsins miklu lífi og gefa stofnuninni mikilvæga menningarlega ásynd. Auk þess er ég þeirrar skoðunar að það sé íslenskri menningu til hagsbóta að jafn glæsileg listaverk og þau sem eru í eigu RÚV séu fyrir augum þeirra fjölmörgu sem sækja höfuðstöðvar Ríkisútvarpsins heim.“

Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu að listrænt gildi þriggja verka Gunnlaugs Scheving, sem metin eru á rúmar 40 milljónir, gæfi tilefni til



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Segir listaverkin glæða RÚV menningarlegu lífi.

þess að koma verkunum fyrir innan veggja Listasafns Íslands. Hann sagðist þó vel skilja það sjónarmið að verkin væru hluti af mikilvægri menningarlegri ásynd RÚV. -mh



HOUSE OF FRASER Áreiðanleikakönnun er á lokastigi.

Tilboð í House of Fraser:

## Lagt fram á næstu dögum

**VIBSKIPTI** Baugur er að leggja loka-hönd á 47 milljarða yfirtökutilboð í House of Fraser (HOF) sem líklega verður lagt fram um miðjan ágúst. Áreiðanleikakönnun er á lokastigi að sögn Daily Telegraph og þykir jafnvel líklegt að tilboðið liggi fyrir í þessari viku.

Don McCarthy, sem var meðal fjárfesta og stjórnenda í Rubicon Retail sem tískuverslunarkeðjan Mosaic Fashions keypti á dögum, verður stjórnarformaður HOF, gangi áformin eftir.

Philip Mountford, forstjóri herrafratakeðjunnar Moss Bros, þykir líklegur að taka við stjórnartaumunum í HOF en ekki er útlokað að núverandi forstjóri, John Coleman, haldi starfi sínu.

FL Group og Kevin Stanford munu einnig koma að yfirtökunni ásamt bankanum HBOS. -epa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Stakk lögreglu af** Lögreglan í Reykjavík mældi vélhjólaman á 148 kílómetra hraða á Vesturlandsvegi á laugardagskvöldið. Lögregla veitti vélhjólamaninum eftirför en tókst ekki að ná honum þar sem hann keyrði í burtu á um það bil 160 kílómetra hraða.

# Tugir barna meðal hinna látnu í Kana

Að minnsta kosti 56 manns, flestir konur og börn, létu lífið í loftárásum á líbönsku borgina Kana í fyrrinótt. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað á neyðarfund. Ísraelar segjast ekki vera að flýta sér að koma á vopnahléi.

**LÍBANON, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman á neyðarfund í gær vegna loftárása ísraelska hersins á þorpið Kana í Líbanon í fyrrinótt. Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði við upphaf fundarins að ráðið verði að grípa til aðgerða nú þegar, „aður en mikið fleiri börn, konur og menn falla í átökum sem þau hafa enga stjórn á“.

Að minnsta kosti 56 manns féllu í loftárásinni, sem gerð var í fyrrinótt. Þrjátíu og fjórir hinna látnu voru á barnaldri. Þjörgunarstarfsmenn og íbúar unnu að því fram eftir öllum degi að bjarga fólki úr rústunum og grafa upp lík hinna látnu.

Ísraelar réttlæta árásina með því að hundruðum flugskeyta hafi verið skotið frá Kana yfir landamærin til Ísraels. Þeir segjast einnig hafa varað íbúana við árásumum bæði með útvarpstilkynningum og dreifimiðum. Fáir íbúanna ákváðu þó að flýja borgina, þrátt fyrir þessar viðvaranir. Fólk leitaði frekar skjóls í kjöllum, sem dugði skammt þegar húsin hrundu.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, sagði í gær að Ísraelar væru „ekkert að flýta sér“ að koma á vopnahléi. Fyrst vilji þeir ljúka því verkefni, að afvopna Hizbollah-samtökin. Hann sagði við Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að þeir



ÞJÖRGUNARMÁÐUR MEÐ EITT BARNLÍKANA Í KANA Að minnsta kosti 34 börn fundust látin í rústunum í Kana í gær eftir árásir Ísraels.

þyrftu tíu til fjórtán daga í viðbót til þess að ljúka því sem þeir ætla að gera í Líbanon.

Rice var stödd í Ísrael þegar fréttir bárust af árásinni á Kana og ákvað þá að snúa strax heim til Washington. Hún sagðist vilja að vopnahlé kæmist á sem allra fyrst, og hefur ekki fyrr tekið jafn afdráttarlaust til orða um það.

Fyrir tíu árum gerðu Ísraelar einnig harða árás á Kana og drápu þá meira en hundrað líbanska borgara sem höfðu leitað þar skjóls í

bækistöðvum Sameinuðu þjóðanna. Sú árás, sem ídulega er nefnd „fjöldamorðin í Kana“, vakti hörð viðbrögð um heim allan og átti sinn þátt í að Ísraelar hættu árásum sínum á Líbanon.

Þessar síðustu árásir hafa nú staðið yfir frá 12. júlí og kostað meira en 510 manns í Líbanon lífið, og voru langflestir þeirra almennir borgarar í landinu. Meira en 750 þúsund Líbanar hafa flúið að heiman vegna átakanna.

gudsteinn@frettabladid.is



KIRKJURÚSTIR Þrjár kirkjur stóðu á kirkjustæðinu, sú síðasta upp úr 1300.

Uppgröftur á Gásum:

## Fundu rústir miðaldakirkju

**UPPGRÖFTUR** Rústir miðaldakirkju hafa fundist við uppgröft á Gásum í Eyjafirði. Er um að ræða rústir af þremur kirkjum sem stóðu á sama kirkjustæðinu á mismunandi tímabilum og er sú yngsta frá því eftir 1300.

„Þetta hefur verið gríðarlegt mannvirki á þeim tíma og sett mikinn svip á staðinn,“ segir Orri Vésteinnsson fornleifafræðingur. Talið er að kirkjan hafi þjónað erlendum kaupmönnum sem stunduðu viðskipti á Gásum.

Þetta er sjötta og jafnframt síðasta árið sem unnið er að uppgræfti á Gásum. -öho

Árekstur við Svignaskarð:

## Tveir á sjúkrahús eftir slys

**SLYS** Harkalegur árekstur varð við Svignaskarð um sex leytið í gær, með þeim afleiðingum að fjórir slösuðust. Tveir voru fluttir á slyssadeild til aðhlyningar.

Báðar bifreiðarnar eru öökufærar eftir áreksturinn en lögregla telur líklegt að annar bíllinn hafi verið á öfugum vegarhelmingi þegar þeir rákust saman. Hvorugur ökuumaðurinn er grunnaður um að hafa ekið of hratt eða undir áhrifum áfengis. -sps

Yfir fimmtíu slökkviliðsmenn börðust við eld í kvikmyndaveri á Englandi í gær:

# Bond-sviðsmynd eldi að bráð

**LONDON, AP** Sviðsmynd nýrrar kvikmyndar um njósnara hennar hátignar, James Bond, geryddilagðist í miklum eldsvoða í gærmorgun. Verið var að fjarlægja leikmuni úr PinewoodStudios-kvikmyndaverinu í Buckingham-skíri á Englandi þegar mikill eldur



DANIEL CRAIG

blossaði upp og sviðsmyndin varð fljótt alelda.

Rúmlega fimmtíu slökkviliðsmenn á átta dælubílum börðust við eldinn og eldtungur teygðu sig tugi metra í loft upp. Gríðarmikinn reyk lagði yfir nágrennið upp um þak kvikmyndavarsins sem hrundi að mestu. Þeir þrír sem í húsinu voru þegar eldurinn kviknaði sluppu heilu og höldnu.

Nýja kvikmyndin, Casino Royale, er 21. Bond-myndin í röðinni, og sú fyrsta sem skartar breska leikaranum Daniel Craig í aðalhlutverkinu. Myndirnar hafa



SVARTUR MÖKKUR Mikinn reyk lagði yfir nágrenni kvikmyndavarsins, en þak þess hrundi í hitanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

oftar en ekki verið teknar upp í Pinewood-kvikmyndaverinu, en það var reist árið 1935. Fyrsta Bond-myndin, Dr. No, var tekin þar upp árið 1962.

Tökusalurinn þar sem eldurinn

kviknaði hafði að geyma eftirmynd af Feneyjum, en sami salur brann til grunna árið 1984 við tókur á annarri Bond-mynd, The Spy Who Loved Me, og var endur-reistur fyrir tveimur árum. -sh



Lífð heil

www.lyfja.is



## Voltaren Dolo

FLJÓTVIRKT VERKJALYF VIÐ M.A. TÍÐAVERKJUM. INNIHELDUR ENGIN ÁVANABINDANDI EFNI.

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Voltaren Dolo® (diklófenakalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannþínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta líffræðisfermi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfja- fræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Gardargöngi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammsstaða - Skagaströnd - Selfossi - Laugarás





**HJÖRTUN SLÁ HRADAR  
UM HELGAR!  
SMS OG MMS Á 5 KR.**

**SMS & MMS  
5 KR\***  
ALLAR HELGAR Í SUMAR



SONY ERICSSON W810i

35.980 kr.

Æðislegur tónlistarsími með frábærri myndavél fyrir sumarfilinginn.



SONY ERICSSON K510i

24.980 kr.

Flottur sími með miklum möguleikum. **Þráðlaust blátannar heyrnartól fylgir með.**



SONY ERICSSON Z300i

10.980 kr.

Lítill og krúttlegur skjaldbókusími sem þjónar þér vel á sumarferðalögunum.

Nánari upplýsingar á [siminn.is](http://siminn.is) eða á næsta sölustað Símans.





## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvers lenskur var bóndinn sem fékk nýtt andlit ágrætt?
- 2 Hvar fór hátíðin Á góðri stund fram um helgina?
- 3 Í hvaða landi er Hrókurinn að kynna skáklitina í fjórða skipti?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Niðurstöður rannsóknar á fiskneyslu og viðhorfi ungs fólks verða kynntar í haust:

# Kunna ekki að matreiða fisk

**NEYSLA** Fiskneysla hefur minnkað um þrjátíu prósent á seinustu árum, mest meðal ungs fólks, og mun það hafa neikvæð áhrif á markaðssetningu og sölu fiskafurða í framtíðinni. Aðstandendur rannsóknarverkefnis um hvernig auka megi vinsældir fiskafurða vilja bregðast við þessari þróun og segja fræðslu um fiskupp-skriftir og hráefni sárvant.

Ýmsar niðurstöður úr umræðum við rýnihópa ungs fólks komu mjög á óvart, að sögn aðstandenda verkefnisins. Til að mynda þótti ungu fólki umræða um fisk á Íslandi vera í neikvæðari kantinum, aðallega væri talað um kvóta-

kerfið og hvað fiskur væri dýr. Að sama skapi væri fiskur ekkert auglýstur og öll þekking ungs fólks á fiski kæmi frá foreldrum.

Hvað varðar matreiðslu á fiski töldu fæstir sig kunna að undirbúa og elda fisk, hvað þá þekkjá ferskleika, gæði eða mun á fisktegundum. Flestir sögðu þó að afstaða sín mundi breytast í kjölfar barneigna og með stofnun fjölskyldu.

Í haust munu niðurstöður verkefnisins liggja fyrir, en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Háskóli Íslands, Landspítali-háskólasjúkrahús og Icelandic Services eru aðilar að rannsókninni.



GLÆSILEGIR FISKRETTIR Samkvæmt rannsókninni kys ungt fólk frekar fisk sem heilsutengt fæði en skyndibita.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nektardansmær í New Jersey:

## Með stórt safn af líkamsleifum

**BANDARÍKIN, AP** Nektardansmær í New Jersey, Bandaríkjunum, hefur verið kærð fyrir ólöglega varðveislu á líkamsleifum, en lögregla fann sex hausklupur og afhöggna hönd við leit á heimili hennar. Dansarinn, Linda Kay, ætlar að lýsa yfir sakleysi sínu og heldur því fram að ekkert ólöglegt sé við þetta safn hennar.

Samkvæmt fyrrverandi herbergisfélagi hennar var höndin gjöf frá læknanema, og móðir hennar segir Lindu hafa keypt hausklupurnar úr póstlista. Lögreglingur hennar bíður nú eftir að saksóknari ákveði hvort glæpur hafi verið framinn.

- sps

Samstarfsyfirlýsing undirrituð:

## Aukin viðskipti EFTA og Perú

**UTANRÍKISMÁL** EFTA-ríkin og Perú undirrituðu nýlega samstarfsyfirlýsingu sem miðar að því að auka samstarf á sviði viðskipta- og efnahagsmála. Yfirlýsing af þessu tagi er gjarnan undanfari samninga-viðræðna um fríværslun.

Sett verður á fót sameiginleg nefnd ríkanna sem mun funda reglulega um viðskiptamál.

Í yfirlýsinguinni er einnig lögð áhersla á að auka viðskiptafrelsi milli landanna, einkum með því að ryðja úr vegi tæknilegum viðskiptahindrunum, lækka tolla, stuðla að góðum vinnubrögðum við tollaafgreiðslu og fleira.

- sdg



**BÍLHRÆ VIÐ BÆINN** Um sex hundruð bílar voru við bæinn þegar mest var, en nú hefur þeim fækkað um þriðjung.

Fækkun í bílakirkjugarði:

## Tvö hundruð bílar fjarlægðir

**HREINSUN** Tæplega tvö hundruð bílar voru fjarlægðir úr bílakirkjugarði á Garðsstöðum við Ísafjarðardjúp á dögunum, en það er liður í hreinsunaráttaki Súðavíkurhrepps. Í janúar var gerður samningur milli hreppsins og Þorbjarnar Steingrímssonar, eiganda bílanna, um að pressa þá og flytja á brott, en um fjögur hundruð bílar eru nú eftir.

Að sögn Ómars Más Jónssonar, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, olli mikil rigningatið því að ekki náðist að klára flutningana í ár eins og vonast var til, en áætlað er að þeim ljúki næsta vor.

- sps

# Landspítalinn er á rúmlega 20 stöðum


Starfsemi Landspítala-háskólasjúkrahúss er á tuttugu og tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. LSH gæti selt tvær dýrustu eignirnar, Vífilstaði og byggingarnar í Fossvoginum, fyrir minnst tíu milljarða króna til að fjármagna háskólasjúkrahús.

**FRAMKVEMDIR** Landspítali-háskólasjúkrahús, LSH, er á rúmlega tuttugu stöðum á höfuðborgarsvæðinu með alls um 150 þúsund fermetra undir starfsemi sína. Stærsta einingin er gamli Landspítalinn við Hringbraut með um sjötíu þúsund fermetra í nokkrum byggingum, um þrjátíu þúsund fermetrar eru í Fossvogi, Kleppspítali er um átta þúsund fermetrar að stærð, sex til sjö þúsund fermetrar eru í Landakoti og Grensásdeild hefur um þrjú til fjögur þúsund fermetra til umræða. Aðrar einingar eru smærri.

„Það er óvenjulegt að starfsemiinni sé dreift svona mikið og við finnum mjög fyrir því. Með þessum hætti verður allt erfiðara. Það er dýrara og erfiðara að reka litlar einingar úti um allan bæ. Bæði þarf að senda sjúklinga og upplýsingar á milli og svo þarf að halda utan um þetta allt. Einingarnar ættu að liggja saman. Það myndi vinnast mikið með því,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson, sviðsstjóri tekna og eigna hjá LSH.



**STARFSEMI LANDSPÍTALA-HÁSKÓLA-SJÚKRAHÚSS** LSH er með starfsemi á um 20 stöðum í borginni. Rannsóknarstofur, skrifstofur og deildir eru dreifðar hingað og þangað. Hagstætt væri að flytja sem flestar einingar á einn stað.



Aðalsteinn segir að ekki verði hægt að sameina alla starfsemi háskólasjúkrahússins á einn stað því að alltaf verði eitthvað um langlegudeildir og heimiliseiningar annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar sé æskilegt að sameina sem mest, helstu deildir spítalans, skrifstofur og rannsóknarstofur á spítalavæðinu, og þá losni um eignir víða í borginni.

„Þetta gengur að hluta til út á það að skipta út eignum, losa húsnæði og byggingarland fyrir aðra starfsemi,“ segir hann og bendir á að margar af þessum eignum séu á góðum stöðum. Þannig eigi ríkið til dæmis Vífilstaði og landið umhverfis, meðal annars landið undir golfvellið og allt að nýrri

verslun Ikea í Garðabæ.

Ingólfur Þórisson verkefnisstjóri telur að tvær eignir ríkisins í umsjón LSH séu verðmætastar, Vífilstaðir og spítalinn í Fossvogi, og giskar á að verðmæti þeirra nemi samtals minnst um tíu milljörðum króna en samkvæmt verðmæti frá 2001 nemur það sjö milljörðum króna. Þessar eignir væri hægt að selja til að fjármagna nýtt húsnæði fyrir háskólasjúkrahúsið.

Ingólfur segir að undirbúningur að háskólasjúkrahúsi gangi í samræmi við áætlanir. Ekki fáiast mikið með því að fresta undirbúningi því aðeins séu 200 milljónir ætlaðar í hann á næsta ári. Framkvæmdir við bygginguna eigi að hefjast árið 2009.

ghs@frettabladid.is



**GÁMASVÆÐI EIMSKIPPA** Eimskip braut ekki á karlmanni með ráðningu annars manns.

Eimskipafélag Íslands:

## Braut ekki á karlmanni

**JAFNRETTI** Kærunefnd jafnréttismála hefur komist að þeirri niðurstöðu að Eimskipafélag Íslands hafi ekki brotið ákvæði jafnréttis-laga þegar karlmaður var ráðinn í tímabundið starf tækjastjóra hjá félaginu á síðasta ári.

Annar karlmaður sem sótti um starfið kærði ráðninguna á þeim forsendum að kona hefði fengið starf hjá félaginu áður, án þess að gerðar væru sömu hæfniskröfur til hennar og gerðar voru við þessa ráðningu.

Komst kærunefndin að þeirri niðurstöðu að þar sem annar karlmaður hefði verið ráðinn í starfið gæti kynferði ekki hafa haft áhrif á ráðninguna sem kærð var.

- öhs

Eftirlitslaus í útilegu:

## Lögregla tók ölvæða unglunga

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Ísafirði stöðvaði um helgina eftirlitslausa útilegu þriggja unglunga í Dagverðardal skammt frá Ísafirði. Voru ungmenninn mjög ölvuð og flutti lögregla tvo pílta heim en þeir eru báðir fæddir árið 1989. Þriðja ungmennið, sem er fjórtán ára gömul stúlka, var sótt af foreldrum sínum.

Lögreglan á Ísafirði brýnir fyrir foreldrum að fylgjast með ferðum barna sinna, sérstaklega nú þegar stýttist í mestu ferðahelgi ársins.

- öhs

Reiði múslima vegna Múhameðsteikninga Jótlandspóstisins:

## Nærri lá að konum yrði rænt

**KAUPMANNAHÖFN** Þegar fárið út af dönsku skopmyndunum af Múhameð spámanni stóð sem hæst í byrjun febrúar munaði minnstu að fjórum dönskum konum hefði verið rænt á Vesturbakkanum í Palestínu.

Hending ein varð til þess, í öll fjögur skiptin, að konurnar sluppu. Þrjár kvennanna voru ekki heima hjá sér þegar vopnaðir menn réðust inn á heimili þeirra, en sú fjórða bjargaði sér með því að gefa snögglega í botn þegar reynt var að draga hana út úr bíl sem hún ók.

Frá þessu skýrir danska dagblaðið Jótlandspósturinn, sem vitnar í skýrslu danska utanríkisráðuneytisins um málið.

„Eitt atvikið átti sér stað í Nablus, þar sem ung dönsk kona bjó í húsi vinar síns,“ segir Rolf Holmboe, yfirmaður dönsku ræðis-



**DÖNSKU TEIKNIMYNDUNUM MÓTMÆLT** Þessi mynd er tekin í Nasaret í byrjun febrúar þegar mótmælin stóðu sem hæst.

FRÉTTABLAÐIÐ/APP

mannsskrifstofunnar á Vesturbakkanum, í viðtali við Jótlandspóstinn. „Konan hafði yfirgefið svæðið fáeinum klukkustundum fyrr þegar tólf grímuklæddir og vopnaðir menn réðust inn í húsið og kröfðust þess að fá hana

afhenta.“

Skopteikningarnar af Múhameð spámanni birtust í Jótlandspóstinum síðastliðið haust og vöktu mikla reiði meðal múslima víða um heim nokkrum mánuðum eftir að þær birtust.

- gb

Mest lesna tímarit landsins!



51%

Meðalrestur á tbl. 20-50 ára



18%\*

Meðalrestur á tbl. 20-50 ára

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

**birta**

\* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.



# Rýmingar- sala

**70%**  
afsláttur

af **ALLRI**  
vöru\*

**Smára-  
torgi**

*Verzlunin lokar  
allt á að seljast*

Allra  
síðustu dagar  
Rýmingarsölnunnar



\* Gegn staðreiðslu og gildir ekki með öðrum tilboðum.

**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál





**LISTIN OG LÍFIÐ** Listamaðurinn Pricasso leggur hér lokahönd á eitt verka sinna, en hann sýnir á SEXPO-sýningunni í Sydney í Ástralíu. Sýningin er haldin í tíunda sinn í ár.

NORDICPHOTOS/AFP

Rúmlega 400 Íslendingar eru skráðir stofnfrumugjafar hjá Blóðbankanum:

## Innan við tíu voru valdir

**HEILBRIGÐISMÁL** Innan við tíu Íslendingar hafa verið valdir til stofnfrumugjafar síðan Blóðbankinn hóf skipulega skráningu á þeim sem tilbúnir eru til slíks en rúmlega fjögur hundruð manns eru alls á skránni.

Stofnfrumugjöf er tvenns konar, frá blóði eða beinmerg, en er ekki ýkja erfið eða sársaukafull aðgerð. Þeir sem gefa verða þó að fara til Noregs þar sem aðgerðin fer fram á þarlandum spítala. Stofnfrumugjöf úr blóði tekur innan við viku og fylgja henni lítil óþægindi en sé um stofnfrumugjöf úr beinmerg að ræða finna gjafarnir gjarnan fyrir sársauka í



**STOFNFRUMURÆKTUN** Stofnfrumugjöf er í mörgum tilfellum eina von margra sjúklinga um betra líf.

NORDICPHOTOS/AFP

baki eða mjaðmagrind í nokkra daga eftir á.

Aðeins skráðir blóðgjafar hér á landi koma til greina sem stofnfrumugjafar og hefur þeim fjölg-

að talsvert á síðustu árum enda Blóðbankinn lagt í talsvert kynningarstarf vegna þessa.

Stofnfrumugjöf er í vaxandi mæli eina mögulega lækningin fyrir sjúklinga með hvítblæði og eitlakrabbamein auk margra þeirra er hafa meðfædda efna-skiptasjúkdóma. Er þá stofnfrumum sjúkra skipt út fyrir frumur úr heilbrigðum einstaklingi en úr stofnfrumum koma blóðfrumur að nokkrum vikum liðnum. Vegna þess hve vefjaflokkar manna eru mismunandi þarf marga gjafa á skrá til að auðvelda leitina að heppilegum gjafa.

- aðe

Atlantshaf við Vestur-Sahara:

## Marokkó og ESB leyfa veiðar

**MAROKKÓ, AP** Evrópusambandið og Marokkó hafa gert samning sem heimilar 119 bátum ESB-landa að veiða á umráðasvæði konugsríkisins í Atlantshafi næstu fjögur árin gegn því að greiða samtals þrettán milljarða í ríkiskassa Marokkó.

Svíþjóð og fjölmargir aðrir hafa mótmælt samningnum, því hann tekur jafnframt til svæðisins undan ströndum Vestur-Sahara en ekkert land í heimi yfirkennir yfirráðarétt Marokkó yfir því.

Árið 2002 bönnuðu Sameinuðu þjóðirnar Marokkó að ráðstafa rétti til oluleitunar undan ströndum Vestur-Sahara.

- smk

Ögmundur Jónasson:

## Vill afdráttarlausu kröfu

**UTANRÍKISMÁL** Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna

segir það fagnadarefni að ríkisstjórn Íslands hafi farið þess á leit við stjórnvöld í Ísrael að látið yrði af árásum og efnt til vopnahlés. Hann segir þó að mun afdráttarlausar hefði þurft að kveða að orði í bréfinu sem utanríkisráðherra sendi stjórnvöldum í Ísrael.

„Í bréfinu er talað um að leitað verði leiða til að koma á vopnahléi. Við aðstæður þar sem ein milljón manna er komin á vengang og búið að drepa mörg hundruð óbreyttra borgara, er til efni til þess að setja fram afdráttarlausu kröfu um vopnahlé þegar í stað og skilyrðislaust,“ segir Ögmundur.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

# Fjöldamorðingjar í keppni um athygli

Tveir fjöldamorðingjar í Phoenix, sem talið er víst að hafi myrt samtals 13 manns, eru sagðir í drápskeppni hvor við annan. Annar skýtur fólk úr launsátri, sem vekur upp minningar um samskonar morðöldu í Washington árið 2002.

**PHOENIX, AP** Tveir fjöldamorðingjar hafa sett líf íbúa Phoenix-borgar í Arizona úr skorðum undanfarið ár. Morðingjarnir tveir, sem talið er víst að hafi myrt samtals 13 manns og sært eða misþyrmt tæplega þrjátíu til viðbótar, eru sagðir í einhverskonar drápskeppni hvor við annan.

Fyrsta morðið var framið í ágúst á síðasta ári, en áður höfðu nokkrir hestar og hundar fundist skotnir á víð og dreif um borgina. Lengi vel var talið að um einungis einn mann væri að ræða og var sá kallaður Baseline-morðinginn, eftir götunni þar sem fyrsta fórnarlambið fannst. Nú þykir ljóst að annar maður ber ábyrgð á hluta morðanna.

Baseline-morðinginn er talinn hafa myrt samtals átta manns, þar af sjö konur, og nauðgað og rænt 20 til viðbótar. Lögreglan hefur sent frá sér mynd af ætluðum sökudólgi sem teiknuð var eftir lýsingum vitna. Hún sýnir blökkumann með svokallað „dreadlock“-hár. Sú var þó sögð geta verið ónákvæm þar sem maðurinn klæddist



**BASELINE-MORÐINGINN** Lögreglan í Phoenix hefur birt myndir úr öryggismyndavél sem eiga að sýna Baseline-morðinginn. Jafnan mismunandi dulargervum.

Hinn morðinginn gengur undir heitinu „the Serial Shooter“, eða raðskyttan. Hann skýtur fólk og dýr handahófskennt úr launsátri úr bíl sínum og er talinn hafa myrt fimm og sært að minnsta kosti 17 aðra. Fólk hefur verið skotið aftan frá þar sem það það hjólar um borgina, ryksugar bílinn á bílaþvottastöð eða bíður eftir strætisvagni. Raðskyttan lætur yfirleitt

til skarar skrifa undir kvöld á meðan Baseline-morðinginn athafnar sig á nóttunni. Flestir borgarbúar eru sammála um að mennirnir tveir séu í keppni, meðal annars um fjölmiðlaathygli, og þegar einn myrðir þá fylgi hinn fljótlega í kjölfarið.

Atburðirnir hafa breytt hegðun íbúa borgarinnar og nú þorir fólk ekki lengur eitt út úr húsi á nóttunni. Samstarfsfólk gengur í hópum út í bíla sína eftir vinnudaginn og foreldrar sleppa varla sjónum af börnum sínum. Sjálfsvarnarnámskeið hafa verið þéttsetin og íbúar með farsíma og neyðarflokkar í hönd hafa tekið sig saman um aukna hverfagæslu.

Leyniskyttumorðin í Phoenix vekja upp slæmar minningar í hugum margra Bandaríkjamanna um samskonar morðöldu sem reið yfir Washington árið 2002 þegar tíu manns voru skotnir til bana úr launsátri. Upp komst um mennina tvo sem þar voru að verki fyrir tilviljun og hlaut annar maðurinn dauðadóm fyrir.

stigur@frettabladid.is

Aukin umsvif á slysadeild:

## Æ fleiri koma vegna ofbeldis

**HEILBRIGÐISMÁL** Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson, yfirlæknir bráða- og slysadeildar LSH í Fossvogi, segir þeim hafa fjölgað nokkuð sem komi á deildina vegna líkamsáverka sem rekja megi til ofbeldis. „Það hefur verið 10 til 11 prósentu aukning á ofbeldismálum á slysadeildinni milli ára eða um 2.000 tilfelli árlega.“

Alls koma 67 þúsund manns á slysa- og bráðamóttöku LSH árlega, þar af 44 þúsund á slysadeildina. „Af þeim sem koma á bráðadeild koma um 14 þúsund með sjúkrahúsum en þar eru veikindi eins og lungnabólga og hjartabilanir algengastar.“

- hs

Kynning í Bandaríkjaþingi:

## Nýting vetnis og jarðvarma

**UTANRÍKISMÁL** Sendiráð Íslands í Washington og auðindaskrifstofa utanríkisráðuneytisins stóðunýlega fyrir kynningarfundum um áform Íslands um aukna nýtingu vetnisorku og jarðvarma.

Fundurinn fór fram í Bandaríkjaþingi í samstarfi við áhugahóp fulltrúadeildar um vetni. Fundurinn var vel sóttur, einkum af sérfræðingum úr starfsliði bandarískra þingmanna, ráðuneyta, fyrirtækja og stofnana sem starfa á sviði vetnisorku og jarðvarma.

- sdg

### FISKMARKAÐIR

**Mest sala á mánudegi** Mest er selt af fiski á fiskmörkuðum á mánudögum af öllum vikudögum fyrstu sex mánuði ársins. Aflaverðmæti hans er einnig mest þann sama dag. Þetta kemur fram í frétt frá Íslandsmarkaði. Salan dregst saman það sem eftir lifir vikunnar og nær lágmarki á laugardegi.

www.volkswagen.is

# Transporter – öflugur vinnufélagi



**Transporter Pickup**  
Verð frá 2.625.000 kr.



**Transporter**  
Verð frá 2.520.000 kr.



Aus Liebe zum Automobil



# 1. flokks upplifun

Verð frá kr. 2.790 þús.

Eyðsla aðeins 9,1 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri



Nýr Grand Vitara

Nýr Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um hagkvæman rekstur, aksturseiginleika og öryggi.

Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla.

Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, hagkvæmni og einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.



  
**SUZUKI**  
*...er lífsstíll!*


SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.  
[www.suzukibilar.is](http://www.suzukibilar.is)



**NÝR GRAND VITARA**



&gt; Erlendir farþegar til Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

## neytendur

hagur heimilanna

MATUR Á MÁNUDEGI: GUÐJÓN SIGMUNDSSON (GAUI LITLI) ATHAFNAMADUR

### Alinn upp við rónasteikina

Guðjón Sigmundsson, betur þekktur sem Gaui litli, er að vinna í framleiðslu-fyrirtækinu Basecamp. Gaui segir að ekki sé haldið partí eða veisla nema hann komi þar að og þegar blaðamaður hafði sambandi við hann var hann önnur kafinn við að undirbúa partí fyrir Ölgerð Egils Skallagrímssonar. Enn sem komið er lætur Gaui sér næja rigninguna á suðvesturhorninu en segir ferðinni heitið út fyrir landsteinana um næstu mánaðamót.

„Það er fastur liður hjá mér að snæða svokallaða rónasteik á mánudögum en þetta er siður sem ég man eftir frá því ég var að alast upp.“ En fyrir þá sem ekki vita upplýsist það hér með að rónasteik er kjötfars og brauð steikt saman. „Nú í seinni tíð er ég farinn að nota gróft

heilsubrauð í rónasteikina og kjötfarsíð, og brauðið steiki ég á sitt hvorri hliðinni og nota til þess ólífuolíu.“

**Innihald:**  
200 grömm kjötfars  
gróft brauð  
sveppir  
hvítlaukur  
ólífuolíu

„Kjötfarsinu smyr ég á báðar hliðar brauðsins og finnst betra að steikja þær þar til þær verða dálítið dökkar. Síðan fínsaxa ég hvítlauk og fáeina sveppi og steiki með.“ Gaui segist nota laukinn og sveppina af því það sé ódýrasta grænmetið í borðinu. „Með þessu verða mánudagar hálfgerðir sparnaðardagar í leið-

inni.“ Gaui viðurkennir að aðrir fjölskyldu-meðlimir séu ekki mjög hrifnir af rónasteikinni og því snæði hann hana einn. Þegar Gaui er spurður um hollustu rónasteikarinnar segir hann hana mun hollari en t.d. djúpsteikta ýsu í orly deigi sem sumir snæði á mánudögum.



#### VERÐ Í ÞREMUR BORGUM

Fréttablaðið fór á stúfana á dögum og lét kanna verð á þremur algengum en ólíkum vörum í heimborgunum London, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

■ Að þessu sinni var borið saman verð á Casio FX2.0 Algebra Plus grafískri reiknivél, Apple Macbook fartölvu með 1.83GHz örgjörva og dós af Magic. Öll verð eru með virðisaukaskatti. Ekki var leitað eftir lægsta verði á hverri vöru.

| Borg          | Casio FX2.0 | Apple Macbook | Magic   |
|---------------|-------------|---------------|---------|
| London        | 12.478 kr.  | 101.478 kr.   | 146 kr. |
| Kaupmannahöfn | 9.939 kr.   | 108.372 kr.   | 155 kr. |
| Reykjavík     | 15.995 kr.  | 124.900 kr.   | 180 kr. |

Öll verð eru með virðisaukaskatti og miðast við gengi gjaldmiðla þegar þau voru könnuð.

#### ■ Verslun og þjónusta

##### Tölvusíminn - ný þjónusta frá Símanum

Síminn hefur sett á markað nýja þjónustu sem nefnd hefur verið Tölvusíminn. Með honum geta viðskiptavinir hringt, án þess að greiða mínútagjald, í alla heimasíma innanlands hvar sem þeir eru staddir í heiminum. Einnig er mögulegt að hringja án þess að greiða mínútagjald í aðra Tölvusíma. Þjónustunni er ætlað að koma til móts við þann hóp viðskiptavina sem óskar eftir föstum mánaðargjöldum og vill eiga möguleika á lægri símgjöldum. Ekki er þörf á sérstöku símtæki til að geta hringt úr Tölvusímanum en mælt er með að notast verði við höfuðheymartól með hljóðnema. Tölvusímann er mögulegt að nota með öllum tölvum sem keyra Windows XP eða ME stýrikerfi og með háhraðatengingu við internetið. Ekki eru skilyrði um önnur viðskipti við Símann.



■ EIN MED ÖLLU Margir leggja eflaust leið sína á Akureyri um helgina, en þar verður hátíðin Ein með öllu. Meðal annarra hátíða eru Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, Fjölskylduhátíð í Galtalæk, Síldarævintýri á Siglufirði og Neistaflug í Neskaupstað.

#### VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



# Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga  
með 1800W mótör  
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:  
**kr. 15.990**

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-grábláu

**35%  
afsláttur**

Miele Tango ryksuger, fæst nú  
hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

**GEISLI**

Flötum 29, Vestmannaeyjum

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

**LJÓSQJAFINN**

Glerárgötu 34, Akureyri

# EIRVÍK

– hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík  
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

## Misjafnlega dýrar hátíðir

Mörg þúsund manns leggja leið sína á útihátíðir um helgina. Aðgangseyrir á hverja hátíð er æði misjafn. Fréttablaðið kannaði kostnaðinn við fimm af stærstu hátíðunum.

Það kostar sitt að fara á útihátíð um verslunarmannahelgina, og er verðið æði mismunandi eftir hátíðum. Sumar hátíðir rukka aðeins eitt gjald inn á svæðið, sem felur í sér aðgang á tjaldsvæði og böll, en aðrar rukka ekkert inn á sjálft hátíðarsvæðið. Þar kostar hins vegar oft inn á tjaldsvæði og einstök böll.

Miði á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum kostar 9.900 krónur en er seldur á 8.500 krónur í forsölu. Aðgangur að tjaldsvæði og á dansleiki er innifalinn í þessu verði. Gestir þurfa að koma sér út í eyjunna með einhverjum hætti og kostar ein ferð með Herjólfri 1.800 krónur. Meðal helstu gesta í Eyjum eru Todmobile, Bubbi, Stuðmenn og Í svörtum fötum.

Á Akureyri er hátíðin Ein með öllu, og kostar ekkert inn á sjálft svæðið enda svæðið allur bærinn. Að tjalda á tjaldsvæðum bæjarins kostar milli 800 og 1.000 krónur fyrir nóttina og miði á dansleiki, sem eru meðal annars haldnir í Sjallanum og í KA-heimilinu, kostar 1.500 til 2.500 krónur. Fyrir norðan spila Sálín hans Jóns míns, Skítamóráll, Páll Óskar og KK ásamt fleirum.

Vímulaus fjölskylduhátíð verður haldin í Galtalæk sem áður, og

er svipað fyrirkomulag á verði þar og í Eyjum. Aðeins er eitt gjald inn á hátíðina, 5.800 krónur í forsölu, og er bæði aðgangur á tjaldsvæði og á dansleiki innifalinn í því. Stuðmenn, Skítamóráll og Paparnir eru meðal þeirra sem stíga á svið í Galtalæk.

Á Neistaflug í Neskaupstað kostar ekkert inn á svæðið og tjaldsvæði eru ókeypis fyrir alla fjölskylduna. Það eina sem þarf að kaupa eru miðar á einstaka dansleiki, en þeir kosta 1.500 til 2.300 krónur. Hægt er að kaupa passa sem gildir á alla dansleiki helganna. Stærstu nöfnin á Neistaflugi verða Sálín hans Jóns míns, Skítamóráll og Í svörtum fötum.

Síldarævintýri verður á Siglufirði um verslunarmannahelgina og kostar ekkert inn á sjálft svæðið. Þeir sem vilja tjalda á tjaldsvæðum bæjarins borga 700 til 1.000 krónur fyrir nóttina, og inn á böllin kostar frá 500 til 1.500 krónur. Á Siglufirði spila Geirmundur Valtýsson, Páll Óskar og Spútnik ásamt fleirum.

Hátíðarhöld verða á mörgum fleiri stöðum um verslunarmannahelgina, hér voru aðeins nefndar fimm hátíðir sem hafa verið meðal þeirra stærstu undanfarin ár.

salvar@frettabladid.is

#### HVAÐ KOSTAR Á ÚTIHÁTÍÐIRNAR?

| Staður          | Inn á hátíðina | Nóttin á tjaldsvæði | Inn á böll    |
|-----------------|----------------|---------------------|---------------|
| Eyjar           | 9.900          | 0                   | 0             |
| Neistaflug      | 0              | 0                   | 1.500 - 2.300 |
| Akureyri        | 0              | 800-1000            | 1.500 - 2.500 |
| Galtalækur      | 5.800          | 0                   | 0             |
| Síldarævintýrið | 0              | 700-1000            | 500 - 1.500   |

Öll verð eru í krónum og með virðisaukaskatti.



# Við erum Mazda



## sóltíloboð

### Veldu Mazda á sóltíloboði Brimborgar

# 2.525 þús.\*

Mazda6 Touring 2,0i  
4 dyra, sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 2.525.000 kr.  
Bílasamningur 34.726 kr.  
Rekstrarleiga 46.100 kr.



## sóltíloboð



Mazda6 Touring 2,0i  
4 dyra, sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 2.525.000 kr.  
Bílasamningur 34.726 kr.  
Rekstrarleiga 46.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i  
5 dyra, sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 2.575.000 kr.  
Bílasamningur 35.414 kr.  
Rekstrarleiga 47.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i  
Wagon, sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 2.625.000 kr.  
Bílasamningur 36.102 kr.  
Rekstrarleiga 48.700 kr.

#### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu sóltíloboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltíloboði Brimborgar.

#### Skoðaðu úrval Mazda á sóltíloboði.



Mazda2 Core 1,4i  
5 dyra, 5 gira\*  
Sóltíloboð 1.590.000 kr.  
Bílasamningur 19.670 kr.  
Rekstrarleiga 31.900 kr.



Mazda3 Touring 1,6i  
4 dyra, 5 gira\*  
Sóltíloboð 1.920.000 kr.  
Bílasamningur 26.307 kr.  
Rekstrarleiga 35.200 kr.



Mazda5 Touring 2,0i  
7 manna, 5 gira\*  
Sóltíloboð 2.390.000 kr.  
Bílasamningur 32.748 kr.  
Rekstrarleiga 43.400 kr.

#### Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltíloboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltíloboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.860.000 kr. \* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltíloboði Brimborgar.

#### Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- 16" Álfelgur
- Hraðastillir



**Við erum Mazda**  
Komdu núna. Sóltíloboð Brimborgar  
gildir meðan birgðir endast.

Sumarið er  
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.mazdabrimborg.is](http://www.mazdabrimborg.is)

\*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueffiritt samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sölluga. Skv. verðlista Toyota 07/06. \*\*Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluábyrgjafar Brimborgar.



# ALLT ÞAÐ BESTA Á EINUM STAÐ




**UNITED**  
UTV14x50

14" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.

**VERÐ 12.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**UNITED UTV21x62**

21" SJÓNVARP með Nicam Stereo, textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 18.990**

FULLT VERÐ kr. 24.990



**UNITED LTV20L60**

ÖRPUNNT  
LCD

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereo hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 54.990**

FULLT VERÐ kr. 69.990

BÆÐI FYRIR  
12 OG 220V

**Lenco**

DVT1501

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD  
Spilar CD, CD-R/RW og JPEG



## LCD SJÓNVARP OG DVD SPILARI

15" LCD SJÓNVARP með DVD SPILARA, 1024x768 punkta upplausn, 6w Stereo hljóðkerfi, USB, Scart, SVHS, RCA og Component tengjum, PC-inngangi (VGA), tengi fyrir heyrnartól, SD/MS/MMC minniskortalesara, svefnrofa, textavarpi og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

**VERÐ 59.990**

FRÁBÆRT VERÐ

## UNITED

LTV27

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, HDTV Ready, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.



**TILBOÐ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990

## DVD FERÐASPILARI

**UNITED DVP6050**

Flottur fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, Dolby Digital, og DTS út, AV inn/út, 2 heyrnartólstengjum, Coaxial útgangi, hleðslurafhlöðu, spennubreyti, tösku og fjarstýringu.

Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, (S)VCD og MPEG4  
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

**TILBOÐ 16.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990



## DVD FERÐASPILARI

## JVC

LT32S60

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w RMS/BBE Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi VGA tengi (stýður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.



**TILBOÐ 169.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990



BÆÐI FYRIR  
12 OG 220V

**Lenco** MES220

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX  
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

Fjölkerfa DVD DivX FERÐASPILARI með tveimur 7" LCD breiðtjaldsskjám, Dolby Digital, innbyggðum hátölurum, hristivörn, heyrnartólstengi, tösku og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.



DVD Í BÍLA  
OG BÚSTAÐ  
TVEIR SKJÁIR

**VERÐ 34.990**

FRÁBÆRT VERÐ

# ASUS

# FARTÖLVUR

KYNNINGARVERÐ

**AÐEINS KR. 7.499**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI

**VAXTALAUST!**

EDA KR. 89.990 STAÐGREITT

FULLT VERÐ KR. 99.990



15" XGA SKJÁR

**ASUS A6R-5083H**

- Intel Celeron M390 1.7GHz örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 60GB 4200rpm harður diskur
- 128MB ATI Xpress X200 skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Práðlaust net
- Windows XP Home stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir



15.4" TFT WXGA BREIÐSKJÁR

**ASUS A6R-B037H**

- Intel Celeron M390 1.7GHz örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- 128MB ATI Xpress X200 skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Práðlaust net
- Windows XP Home stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

**AÐEINS 99.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990

INNBYGGÐ  
TASKA  
OG MÚS  
FYLGR ÖLLUM  
FARTÖLVUM  
VEFMYNDAVÉL

ASUS TRAUST OG HRAÐVIRK

INTEL CELERON  
M390 ÖRGJÖRVI

INNBYGGÐ  
VEFMYNDAVÉL

DVD+/- DUAL  
LAYER SKRIFARI



# ÚRVAL GÆÐI VERÐ

## STAFRÆN MYNDAVÉL

FRÁBÆR VIÐ ÖLL BIRTUSKILYRÐI  
BrightLight Technology



FÆST Í FJÓRUM LITUM!

**OLYMPUS MJU700**

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 6.5 - 19.5mm linsu, 2.5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 19.1 mb minni. Tekur xD kort.

**TILBOÐ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990

## STAFRÆN MYNDAVÉL

MEÐ 2,5" TFT SKJÁ



**CASIO EXZ60**

EXILIM ZOOM

**6 MEGA PIXEL**

**512MB MINNI FYLGIR**

Örsmá Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, 2.5" LCD skjá, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, Anti Shake DSP hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, 8.3Mb minni og rauf fyrir SD kort. Rafhlaða endist í 180 myndir.

**TILBOÐ 29.990**

FULLT VERÐ kr. 33.990

## STAFRÆN TÖKUVÉL



**JVC GRD340**

DIGITAL NIGHT SCOPE

Digital DV TÖKUVÉL með 2.5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökufloðu með 800.000 díllum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 32x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

**VERÐ 37.990**

FRÁBÆRT VERÐ

## JVC

**GZMG21**



Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með **30GB** hörðum disk (allt að 25 tíma upptaka) og innbyggðri kyrrmyndavél (640x480), 1/6" upptökufloðu með 800.000 pixela upplausn, 2.5" LCD skjá, 25x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 6.7x7x10.9.

## STAFRÆN TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

**TILBOÐ 74.990**

FULLT VERÐ kr. 79.990

**20GB HARÐUR DISKUR**

**INNBYGGÐ KYRRMYNDAVÉL**

## DVD SPILARI



DVD VIDEO

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD og SVCD  
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

**UNITED DVD6071**

Vandaður fjölkerfa DVD SPILARI sem spilar öll kerfi og alla diska. Frábær kaup.

**TILBOÐ 4.990**

FULLT VERÐ kr. 5.990

## DVD SPILARI MEÐ HÖRÐUM DISK

**JVC DRM200**

DVD VIDEO



Spilar HDD, DVD, DVD-RAM, DVD-R/RW  
Spilar CD, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3/WMA og JPEG

Tekur upp á HDD, DVD-RAM, DVD-R/RW

DVD UPPTÖKUTÆKI með innbyggðum 160GB hörðum disk sem tekur upp á HDD, DVD-RAM, DVD-R/RW með Progressive Scan, allt að 300 tíma upptöku á HDD og allt að 8 tíma á DVD, allt að 32x hraða upptöku frá HDD yfir á DVD, tengi að framan: CVBS, Audio og Firewire (DV, i.Link), tengingum að aftan: 2 Scart (með RGB), Component, SVHS og Audio tengi, Digital Optical og Coaxial tengi, NTSC afspilun á PAL sjónvarpi.


**TILBOÐ 64.990**

FULLT VERÐ kr. 79.990

**THOMSON**

**DIVX VIDEO DVD VIDEO**

Spilar DVD, DVD+R/RW, CD-R/RW, DivX, VCD/SVCD, MP3 og JPEG



**DPL912VD**

HEIMABIÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, 160w (5x25 og 1x35) Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfshátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, útvarpi með FM og 40 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ 19.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990

**JVC**

**DIVX VIDEO DVD VIDEO**

Spilar DVD-Video/Audio, DVD-R/RW/RAM, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3/WMA, DivX, MPEG4 og JPEG



**THS55**

Kraftmikið HEIMABIÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, 3x140w og 3x130w Dolby Digital/DTS magnara, 5 umhverfshátölurum og bassaboxi, Progressive Scan, Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarp, RDS FM útvarp með stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990

Mikið úrval **MINNISKORTA** og **LESARA** frá SanDisk - stærsta framleiðanda í heimi.



1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)


UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍK/URSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borganesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Pristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Tumbraður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SÚÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatekni, Keflavík. Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.





## Svona erum við

&gt; Utanríkisverslun milli ára.



## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: FÓTPOKI

## Íþrótt sem snýst ekki um að sigra

Á góðviðrisdegi má oft koma auga á fjölda manns sem standa í hring og sparka litlum grjónapoka á milli sín. Þetta kemur mörgum furðulega fyrir sjónir en íþróttin, sem nefnist fótþoki á íslensku, er gríðarvinsæl og stunduð um allan heim. Ólíkt öðrum íþróttum snýst fótþoki ekki um að bera sigurorð af andstæðing sínum heldur er markmiðið að halda pokanum á lofti sem lengst og láta hann ganga á milli sem flestra.


## Hvenær var fótþoki fundinn upp?

Árið 1972 var Bandaríkjamadurinn John Stalberger að leita að aðferð til að líðka hnéð eftir aðgerð sem hann hafði nýlega gengist undir. Félagi hans Mike Marshall hafði verið að leika sér að halda litlum grjónapoka á lofti og John leist svo vel á að hann fór að stunda íþróttina með Mike. Upphaflega kölluðu þeir

þessa íþrótt „Hack the sack“ en nokkrum árum síðar ákváðu þeir að skira hana „footbag“, eða fótþoka. Íþróttin gengur líka undir nafninu „Hacky sack“ eða hakkísakk.

## Hvaða búnað þarf?

Þó að góðir skór hjálpi til þá er sjálfur fótþokinn eini nauðsynlegi búnaðurinn til að stunda fótþoka. Fótþokar eru til í mismunandi stærðum og gerðum en oftast eru þeir fylltir með sandi eða plastkúlum og gerðir úr bómull eða rúskinni. Vinsældir fótþoka má að stórum hluta þakka þessum einföldu kröfum um búnað, en



fótþoki er ódýr og kostar á bilinu fimm hundruð til þúsund krónur. Fótþokinn er handhægur og geymist auðveldlega í vasa.

## Hverjar eru reglurnar?

Nokkur afbrigði eru til af fótþoka, meðal annars eitt þar sem þátttakendur sparka boltanum yfir net líkt og í tennis, og annað þar sem einn maður sýnir listir með pokann. Langvinsælasta afbrigðið er þó þannig að þátttakendur standa í hring og sparka pokanum á milli sín. Þar eru engir andstæðingar eða keppendur og enginn sigrar eða tapar. Markmiðið er að halda pokanum sem lengst á lofti með öllum hlutum líkamans fyrir utan hendur og handleggji.

## SPURT OG SVARÐ

EINKAÞJÁLFAVAR



BJÖRN LEIFSSON

## Einkaþjálfun færast í vöxt

Einkaþjálfun komst í umræðuna í vikunni þegar í ljós kom að börn hefðu verið send til slíkra þjálfara. Björn Leifsson er eigandi World Class, stærstu líkamsræktarstöðvakeðju landsins.

## Eru einkaþjálfarar almennt fagmenntaðir?

Ég mundi halda að svona helmingur væri það. Þeir menntuðu hafa yfirleitt íþróttakennaramenntun og svo erum við með þriggja mánaða einkaþjálfarskóla sem við krefjumst þess að allir fari í gegnum.

## Hversu margir starfa við einkaþjálfun á landinu?

Við erum með í kringum 40 manns þannig að ég mundi giska á að þeir væru í kringum hundraðið á landinu.

## Leitar fólk í auknum mæli til einkaþjálfara?

Já, þetta hefur færst mjög mikið í vöxt. Fyrir fimm árum voru einn og einn sem voru hjá einkaþjálfara, í dag er þetta mjög algengt.

## Neyslustýringin virkar ekki

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir mikilvægt að afnema vörugjöld af matvælum enda sé löngu ljóst að ómögulegt sé að stýra neyslu í gegnum skattkerfið. Hann segir ömurlegan tvískinnung ríkja í tollamálum og telur landbúnaðinum hollt að starfa í hefðbundnu samkeppnisumhverfi.

Afnám vörugjalda af matvælum hefur lengi verið meðal helstu baráttumála Samtaka iðnaðarins. Í nýlegri skýrslu formanns matvæla-verðsnefndar forsætisráðherra eru færð rök fyrir ágæti niðurfellingar vörugjalda enda myndi þess bæði gæta í matarreiðingju heimilanna og hagræði hjá framleiðendum. Vörugjöld á matvæli hafa verið réttlætt með því að æskilegt sé að hafa háa skatta á matvörum sem taldar eru óhollusta og eru þau því stundum nefnd sykurskattur. Þannig hefur verið reynt að stýra neyslu fólks. Sveinn Hannesson blæs á það. „Rökin fyrir að verið sé að skattleggja óhollustu eru bara píp. Vörugjöld leggjast til dæmis á allar drykkjarvörur, hvort sem þær eru óhollar eða hollar.“ Máli sínu til stuðnings bendir hann á að te og sóðavatn beri vörugjöld. „Fólk drekkur meira og meira sóðavatn þrátt fyrir þennan okurskatt, sem sýnir að þessi neyslustýring virkar ekki.“

## Eina þjóðin innan OECD sem leggur vörugjöld á lúxusvörur

Vörugjöld eru víða við lýði og leggjast nánast hvarvetna á fjóra flokka vara: áfengi, tóbak, bíla og eldsneyti. Sæmileg sátt ríkir um þá skipan mála, að sögn Sveins. Vörugjöld voru lögð á matvæli, sælgæti og gosdrykki í Finnlandi og Svíþjóð en þegar þjóðirnar gengu í Evrópusambandið voru þau afnumin. Norðmenn



MATARINNKAUP Sveinn Hannesson segir að ef ekki sé hægt að halda úti landbúnaðarframleiðslu nema með stórkostlegum niðurgreiðslum þá eigi að draga úr framleiðslunni.

leggja vörugjöld á matvæli og Danir á sælgæti og gos. Á umliðnum árum hefur þeim vöruflokkum fækkað sem vörugjöld eru lögð á hælendis. Má þar nefna byggingarefni á borð við gler og steypustyrktarjárn. Hins vegar leggjast gjöldin enn á ýmis lagnaefni, gólfduka, baðkór og klósett. „Við erum að líkindum eina þjóðin innan OECD sem leggur vörugjöld á slíkar lúxusvörur,“ segir Sveinn og glottir.

Vörugjöldin eru föst krónutala í fjölmörgum flokkum og nema frá átta krónum upp í fjögur hundruð krónur á kíló vöru. Þau leggjast á millistig viðskipta og ofan á þau bætast verslunarlagning og virðisaukaskattur. Fyrir vikið eru þau það sem kallað er ógagnsæ. „Þessi skattur er ósýnilegur neytendum og jafnvel stjórnmálur furða sig á að einhver tiltekin vara sé dýrari hér en annars staðar en gleyma því að þau hafa lagt vörugjöld á vöruna. Þá mismuna gjöldin framleiðendum og skekkja verðmyndun,“ segir Sveinn.

## Ótrúlegur og ömurlegur tvískinnungur

Upphaflega voru vörugjöld lögð á með bráðabirgðalögum árið 1975 sem sértækar aðgerðir í efnahagsmálum. Síðar voru þau fest í sessi meðal annars með þeim rökum sem

áður voru nefnd, að verið væri að beina neyslu fólks frá óhollum vörum. Sveinn veltir fyrir sér hvers vegna vörugjöld séu þá ekki líka lögð á saltar og feitar vörur. „Opinberir aðilar láta sér detta í hug að gera átak gegn offitu og sjúkdómum með að skattleggja óhollustu. En hvað með salt? Það er allt í lagi að borða pínulítið salt en vafalaust óhollt að borða heilan bauk. Á þá að skattleggja saltið sérstaklega?“, spyr Sveinn og svarar sjálfum sér neitandi. „Við skulum frekar upplýsa fólk um hvað er hóflegt í stað þess að stýra því með skattlagningu.“

En það eru ekki bara vörugjöldin sem Sveinn og iðnrekendur gagnrýna þegar kemur að skattlagningu matvæla. Tollar, hvort sem þeir leggjast á vörur til hreinnar skattheimtu eða verndar innlendri framleiðslu, eru þyrnir í þeirra augum.

„Við Íslendingar erum með ótrúlegan og ömurlegan tvískinnung í tollamálum. Við berjumst fyrir afnámi tolla og viljum fríverslun með fisk en stöndum svo með þeim þjóðum sem berjast hardest gegn tollalækkunum á landbúnaðarvörum. Við höfum í raun geðklofna afstöðu til þessara mála og ég vorkenni þeim mönnum sem þurfa að

mæta á fundi í alþjóðlegum viðræðum með svona afstöðu,“ segir Sveinn.

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Guðni Ágústsson landbúnaðar-ráðherra vildu hvorugur kveða upp úr um hvort rétt væri að lækka eða afnema verndartolla á landbúnaðarvörur þegar þeir tjáðu sig um skýrslu matvæla-verðsnefndar. Bentu þeir á að innan Alþjóða viðskiptastofnunarinnar stæðu yfir viðræður um þau mál og rangt væri að stíga nokkur skref í þeim efnum áður en niðurstaða viðræðanna lægi fyrir. Viðræðurnar hafa nú runnið út í sandinn og ekki von á niðurstöðum. Sveinn telur miður að ekki hafi samist um málið enda náist ekki umtalsverðar breytingar á verndartollum og niðurgreiðslum nema með alþjóðlegu samkomulagi.

„Reynslan sýnir að hugmyndir um frelsi í viðskiptum og aukna samkeppni hafa ekki fæðst á Íslandi. Þessu hefur yfirleitt verið troðið upp á okkur í tengslum við alþjóðlega samninga.“

## Landbúnaðurinn fórnarlamb verndarstefnu

Breyting varð á höfum iðnaðarins þegar Ísland varð aðili að EFTA. Tollvernd var þá afnumin og segist Sveinn ekki vilja sjá þann iðnað í dag sem hefði þróast áfram í skjóli tollverndar. „Ég held að sama gildi um landbúnaðinn. Hann þarf á þeim aga að halda sem samkeppinn veitir.“ Og Sveinn gengur raunar lengra í að lýsa afstöðu sinni.

„Ef ekki er hægt að halda úti landbúnaðarframleiðslu nema með stórkostlegum niðurgreiðslum eða tollamálum þá eigum við að draga úr henni. Það gilda engin sérstök lögmál í landbúnaði ólík öllum öðrum greinum í heiminum. Landbúnaðurinn er hins vegar fórnarlamb verndarstefnu stjórnsvalda víða um lönd þar sem menn eru svo talsmenn hnattvæðingar og frelsis í viðskiptum í öllum öðrum greinum.“



SVEINN HANNESSON Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. „Reynslan sýnir að hugmyndir um frelsi í viðskiptum og aukna samkeppni hafa ekki fæðst á Íslandi. Þessu hefur yfirleitt verið troðið upp á okkur í tengslum við alþjóðlega samninga.“



FRÉTTAVIÐTAL  
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON  
bjorn@frettabladid.is

Mest lesna tímarit landsins!



51% 14% \*  
Meðallesur á töl. 20-50 ára

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

birta

\* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.



allt að  
600.000 kr.  
afsláttur

Notaðir bílar  
á frábæru  
verði

# Ferðatilboð

NÚ STYTTIST Í VERSLUNARMANNAHELGINA

Toyota Rav 4 Sport



Árg 7/05, ek 6 þús.  
Sjálfsk.

Verð 2.890 þús.



VW Polo 1.4i



Árg 11/99, ek 76 þús.  
Beinsk.  
Verð 550 þús.

Tilboð 390 þús.

160.000  
Afsláttur



Peugeot 206 XR



Árg 6/04, ek 35 þús.  
Beinsk.  
Verð 1.150 þús.

Tilboð 990 þús.

160.000  
Afsláttur



Hyundai Santa FE V6



Árg 5/06, ek 4 þús.  
Sjálfsk.

Verð 3.090 þús.



Toyota Avensis New Sol



Árg 3/06, ek 3 þús.  
Beinsk.  
Verð 1.670 þús.

Tilboð 2.590 þús.



Honda HRV Smart



Árg 6/04, ek 51 þús.  
Beinsk.  
Verð 1.790 þús.

Tilboð 1.190 þús.

600.000  
Afsláttur



BMW 318IA



Árg 9/99, ek 118 þús.  
Sjálfsk.

Verð 1.350 þús.



Honda CRV ES 2.2 CTDI



Árg 7/05, ek 24 þús.  
Beinsk.

Verð 3.430 þús.



Honda Accord Executive



Árg 4/05, ek 11 þús.  
Sjálfsk.

Verð 2.990 þús.



Honda Stream Esi



Árg 5/03, ek 46 þús.  
Sjálfsk.

Verð 1.510 þús.



Honda HRV Smart



Árg 2/04, ek 42 þús.  
Sjálfsk.

Verð 1.690 þús.



Peugeot 1007 Dolce



Árg 7/05, ek 3 þús.  
Beinsk.  
Verð 1.690 þús.

Tilboð 1.490 þús.

200.000  
Afsláttur



Peugeot 307 SW



Árg 11/03, ek 40 þús.  
Sjálfsk.  
Verð 1.750 þús.

Tilboð 1.390 þús.



Subaru Impreza 2.0 GL



Árg 5/99, ek 105 þús.  
Sjálfsk.  
Verð 690 þús.

Tilboð 390 þús.

300.000  
Afsláttur



## Tilboð dagsins



360.000  
Afsláttur

MMC Lancer STW

Árg 2/00, ek 117 þús.  
Sjálfsk.  
Verð 650 þús.

Tilboð 290 þús.



Komdu strax í Bernhard Notaða Bíla, Bílaskjarnanum og gerðu frábær kaup á notuðum bíl.

OPIÐ  
Virka daga 10 - 18  
Fimmtudaga 10 - 21

**BERNHARD**  
NOTAÐIR BÍLAR

Eirhöfða 11 - 110 Reykjavík - Sími: 551 7171



# skoðun

SKÓÐUN  
SJÓNARMÍÐ  
HAFLÍÐI HELGASON

Alþjóðasamfélagið verður að ná tökum á ástandinu í Líbanon.

## Við eigum að taka siðferðisafstöðu

Það er fagnaðarefni að utanríkisráðherra hefur lýst yfir stuðningi við afstöðu helstu Evrópuríkja til árása Ísraelsmanna í Líbanon. Ástandið er hörmulegt. Alþjóðasamfélagið situr vanmáttugt hjá þegar Bandaríkjamenn veita þegjandi samþykki fyrir því að gengið sé milli bols og höfuðs á skæruliðum Hizbollah.

Niðurstaðan er sú að Ísraelsmenn fara fram með offorsi og drepa fjöldann allan af óbreyttum borgurum á leið sinni að þessu markmiði sínu. Leið Ísraelsmanna er siðlaus. Hún skeytir engu um saklaust fólk. Hún er fordæmanleg á sama hátt og dráp öfgamús- lima á saklausum borgurum í skæruliðarásum.

Bretar hafa komið sér í sérstaka stöðu á alþjóðavettvangi sem einhvers konar sáttasemjarar milli Evrópu og Bandaríkjamanna. Íslendingar drógu taum Bandaríkjanna í aðdraganda Íraksstríðs- ins. Það voru mistök.

*Afstaða til stórra deilumála á heimsvísu markast af tveimur þáttum. Annars vegar hagsmunum og hins vegar siðferðilegri sýn á heiminn með þá grundvallar- spurningu á vörnum: Fyrir hvað viljum við standa?*

Afstaða til stórra deilumála á heimsvísu markast af tveimur þáttum. Annars vegar hagsmunum og hins vegar siðferðilegri sýn á heiminn með þá grundvallar- spurningu á vörnum: Fyrir hvað viljum við standa?

Við erum friðelskandi þjóð sem viljum standa vörð um frelsi og mannréttindi. Þetta ætti að vera útgangspunktur afstöðu okkar á alþjóðavettvangi. Án slíkrar meginreglu eigum við ekkert erindi í stofnanir á borð við Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Ef við eigum þá eitthvert erindi þangað yfirleitt.

Við erum meðal ríkustu þjóða heims og það er algjörlega óverjandi ef slík þjóð tekur ákvarðanir um afstöðu til meginspurninga út frá sérhagsmunum.

Ísrael er stríðshráð land og skilningur og langlundargeð er á margan hátt skiljanlegt í afstöðu til atburða og aðgerða fyrir botni Miðjarðarhafs. Ísrael hefur hins vegar fyrir löngu gengið á lag samviskubits Vesturlanda vegna óhæfuverka nasista í stríðinu og illri meðferð á gyðingum í gegnum söguna. Það er ekki endalust hægt að sækja sér athafnarými óhæfuverka til sögunnar.

Túlkun Ísraels á afstöðu Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þar sem Bandaríkin beittu neitunarvaldi er hörmuleg. Íslendingar eiga að hafa skýra afstöðu til þess að tafarlaust verði komið á vopnahlé í Líbanon. Sú krafa snýst um að Ísrael skeytir ekki um almenna borgara í aðgerðum sínum. Ísrael brýtur mannréttindi á saklausu fólki. Slíkt er óverjandi og ber að fordæma. Því minni stuðning á alþjóðavettvangi sem slíkt hefur, því erfiðara verður að halda út í slíkar herferðir gegn saklausu fólki. Mótstaðan mun líka gera Bandaríkjunum sífellt erfiðara fyrir að halda kíkinnu við blinda augað þegar óhæfuverk þjóða sem þeir styðja eiga í hlut.

## Heitt TILBOÐ

Hagstæðar ferðir á nokkra af okkar frábæru áfangastöðum í sólinu í ágúst. Kominn tími til að drífa sig úr rigningunni! Verð frá 44.590 kr.

Sumarleyfið er dýrmætur tími sem þú notar til að slaka á og njóta lífsins með þeim sem eru þér kærastir.

Við vitum að þú vilt ódýrt, gott og fjölbreytt sumarleyfi og bjóðum því nú á tilboði ferðir til Marmaris, Portúgal, Benidorm, Krít og Mallorca.

**Portúgal 44.590kr. Krít 44.590kr.**

Brottfarir 22. og 29. ágúst og 5., 12. og 19. september. Netverð á mann miðað við 2-4 í íbúð á **Elimar** í 7 nætur.

Brottfarir 21. og 28. ágúst og 4., 11. og 18. september. Netverð á mann miðað við 2-4 í íbúð á **Malou** í 7 nætur.

**Mallorca 44.590kr. Marmaris 44.590kr.**

Brottfarir 22. og 29. ágúst. Netverð á mann miðað við 2-4 í íbúð á **Pilari Playa** í 7 nætur.

Brottfarir 22. og 29. ágúst. Netverð á mann miðað við 2-3 í herbergi á **Fidan** í 7 nætur.

**Benidorm 44.590kr.**

Brottfarir 22. og 29. ágúst. Netverð á mann miðað við 2-4 í íbúð á **Buenavista** í 7 nætur.



www.plusferdir.is

Plúsferðir • Lág múla 4 • 105 Reykjavík • Sími 535 2100

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Læknar eru ávísun á lukku

Íslendingar hafa ávallt mælst meðal hamingjusömmostu þjóða í könnunum sem gerðar eru á vegum háskólans í Leicester. Sú var tíðin að við trónuðum efst á þeim lista en verum nú fjórða sætið og Danir það efsta. Adrian White, prófessor við háskólann í Leicester, sagði könnunina leiða í ljós að auðæfi væru ekki ávísun á hamingju heldur skipti aðgengi að heilsugæslu mestu máli. Ætli það sé þess vegna sem svo margir sækja í læknanám? Það hlýtur að vera gott hlutskipti að fylla fólk hamingju bara með því að láta það vita að maður sé innan seilingar. Albanía er ekki innan tuttugu efstu og kemur það kannski ekki svo á óvart en þar í landi brugðust menn hart við þegar skandinavískar konur lágu þar berbjóstá á baðströnd. Svona viðbrögð kunna ekki góðri lukku að styra.

### Ómar Ragnarsson efstur á Norðurlandi vestra

Það er ýmislegt hægt að lesa úr listunum yfir skattgeiðendur. Þó er eitt og annað þar sem gæti ruglað menn í ríminu. Til dæmis greiðir Ómar Ragnarsson hæstu opinberu gjöld á Norðurlandi vestra. Það er ekki endurkoma Sumargleðinnar eða umfjöllun um Kárahnjúka sem hefur neitt með þau útgjöld að gera enda er um að ræða Ómar Ragnarsson lækni frá Blönduósi. Af tíu efstu á listanum þar eru fimm læknar. Þar er líka aðeins ein kona meðal tíu efstu rétt eins og á Vestfirðum. Þeir sem vilja frekari upplýsingar getu þurft að hrista af sér nokkra unga sjálfstæðismenn.

### Að rugla neytendur í ríminu

Osta- og smjörsalan og Mjólka heyrja nú harða markaðsbaráttu um fetaostinn

og ganga ýmsar áskanir á báða bóga. Magnús Ólafsson, forstjóri Osta- og smjöröslunnar, áskar Mjólkanum um að reyna að rugla neytendur í ríminu með því að selja fetaost sinn í umbúðum sem eru mjög áþekkar þeirra. Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, segir vera að ihuga að kæra Osta- og smjörösluna fyrir að nota orðið Feta á umbúðum sínum en það er beygingarmynd orðsins Feti sem er lögformlega skráð vörumerki Mjólku. Það er svo spurning hvort landinn fái í náinni framtíð að kaupa hinn gríska fetaost hér á landi í stað þess að láta rugla sig í ríminu með þessum látum.

js@frettabladid.is



## Íslenskir bændur búa á Kúbu

Síðasta grein vakti meiri viðbrögð en vanalega. Ég birti þar lista yfir forsetningar framman við staðar- nöfn landsins og það fólk að leiðrétta þær sem rangar væru. Flestir leiðrétta villu mína um Norðfirjörð. Það á að segja „í Neskaupstað“ og „á Norðfirði“ en ekki öflugt. Að auki hafði ég ritað tvö s í kaupstað. Þó var þetta eini staðurinn sem ég hringdi sérstaklega í og breytti réttu í rangt eftir samtal við lögregluna í Fjarðabyggð. Ég hefði betur hringt í málfrags- lögregluna.

Þá benti Strandamaður á að Djúpvík beygist ekki í „Djúpvík.“ Víkin er kennd við djúpin sem í henni eru. Sunnlendingur sagði að þaðan færu menn „inn á“ hálendið. Þá sagðist kona fyrir norðan einatt fara „til Húsavíkur“ og „til Akureyrar.“ Ég þakka ábendingarnar.

En þá að grein vikunnar:

Bóndi skrifaði í blaðið og var hissa á verðhækkunum verslana á lambakjöti. Þær hafi ekki skilað sér til hans. Kaupmaður svaraði um hæl og benti á milliliði sem höndla með kjötið á leið þess frá búi í búð.

Bændur virðast ekki skilja eigið kerfi. Kerfið sem þeir sitja fastir í. Eins og flugur í neti. Því er ekki furða að við hin eigum stundum erfitt með að skilja það.

Íslenskur landbúnaður virkar nær óskiljanlegur. Bóndi sýslar með 200 fjár allan ársins hring, fæðir það og hýsir, rýir og rekur, og fær í staðinn 200-300 krónur fyrir kjötkílóíð einu sinni á ári. Ég keypti síðasta lærið á Dalvík í gær. Á 1.900 krónur kílóíð. Og lambakjötsmenn státa sig af því að útlendingar borgi tvöfalt og þrefalt meira. Fyrir ullarreifnið fær bóndinn fimmtíu kall ef hann er heppinn. Heilsárs ullarvöxtur á heidum og í húsi gefur tuttugu mínútur á stöðumæli í miðbæ Reykjavíkur. Hvernig kemst þetta fólk af? Fyrir nokkrum árum dundu á okkur fréttir um fátækt í stéttinni og sannarlega eru bændur engir skattakóngar. Samt

Í DAG  
LANDBÚNAÐUR

HALLGRÍMUR  
HELGASON



*Túristar flykkjast til Kúbu af því það er svo krúttlegt að sjá fólkið þar fast í fortíðinni, svona sjarmerandi fátækt, á öllum þessum gömlu bílum og spilandi þessa gömlu tónlist*

framleiða þeir „heimsins besta lambakjöt“, eins og auglýsingarnar segja. Kaninn er meira að segja búinn að uppgötva það, kallar gúrmeti og heimtar meira.

Við okkur blasir mynd: Fátækt fólk framleiðir lúxusvöru sem eftirsótt er á heimsmarkaði. Kannast lesendur við hana? Jú. Henni svipar til ástandsins á Kúbu. Úr sér gengið kerfi hefur haldið þjóð í heljargreipum svo lengi sem menn muna. Og yfir því trónir léttgeggjaður leiðtogiinn sem fyrir löngu missti sambandið við veruleikann og lifir á ímyndinni einni. En afurðin er eftirsótt: frægasti smyglvarningur heims, Havana- vindlar. Glaumgosar allra landa borga svimandi fjárhæðir fyrir kassann á meðan amma gamla situr sveitt og tannlaus heima á Kúbu og vefur tóbak fyrir dollara á dag. Íslenska lambakjötið slær í gegn á fremstu veitingahúsum vestra á meðan frostbitnir bændur brjótast í fjárhús til að gefa á garðann. Fyrir túkall á tímann.

Samanburðurinn gengur óþægilega vel upp. Túristar flykkjast til Kúbu af því það er svo krúttlegt að sjá fólkið þar fast í fortíðinni, svona sjarmerandi fátækt, á öllum þessum gömlu bílum og spilandi þessa gömlu tónlist. Hérlendis flykkjast nýstöndugir borgarar í sveit á sumrin, kaupa jarðir, túttur

og lopapeysu, þar til þeim líður „alveg eins og afa gamla“ og njóta þess að strita upp á gamla móðinn.

Helst eiga bændur að vera pikkfastir í gamla tímanum. Sumir borgarbúar hafa enn ekki tekið rúllubaggana í sátt. Helst eiga bændur að heyrja upp á gamla lagið, svo notalegt að sjá heysátur með yfirbreiðslu þegar brunad er hjá í fína jeppanum. Ómeðvituð ósk Íslendinga er sú að landbúnaðurinn tæknivæðist ekki um of, fari ekki of langt inn í nútímann, heldur standi eins og minnisvarði um ljöna tíð: síðasta vígi gamla Íslands. Á sama hátt mun sumum sárna þegar Kastró deyr og Kúba verður rifin út úr krúttlegri fortíðinni.

Til að ná að lifa af undir kommúnismanum hefur kúbanska þjóðin þróað með sér hliðarhagkerfi, knúð af bandaríkjadöllum úr vösum ferðamanna. Sumir lifa á því að leigja út heimili sín og búa í tjaldi árið um kring á meðan aðrir hafa tjaldað yfir sál sína og leigja út líkamann. Vændi mun vera undirstöðuatvinnugrein á Kúbu. Á sama hátt hefur íslenski bóndinn reynt að bjarga sér þar sem hann situr fastur í hálf-kommúnísku kerfi fortíðar. Og rétt eins og á Kúbu er stílað á túrismann. Bændur breyta jörðum sínum í golfvelli, selja þær undir sumarhús, setja upp leiktæki og húsdýragarða, breyta fjósum og fjárhúsum í hótél. Ferðaþjónusta bænda.

Kúba selur dætur sínar. Ísland selur nætur sínar.

Og yfir öllu ríkir leiðtogiinn: léttgeggjaður forngripur sem vér grínistar höfum óvart hæpað upp úr hófi fram svo hann er orðinn vinsælasti stjórnmalamaður landsins. Samt er hann maðurinn sem engu vill breyta, sem ríkir eins og konungur yfir fátækt bænda og lifir á ímyndinni einni. Guðni Ágústsson er Kastró og íslenskur landbúnaður er Kúba.

Gagnvart þeirri staðreynd er Geir H. Haarde jafn ráðalaus og Bush gagnvart félagi Fidel.

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

## Sögurnar, tölurnar, fólkið.




AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871





## HVER GARÐUR HEFUR SINN SVIP

Unglingar í vinnuskólanum taka til í gördum eldri borgara.

HÚS 4

# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

| FASTEIGNASÖLUR          |           |
|-------------------------|-----------|
| 101 Reykjavík           | 8 og 9    |
| Ás                      | 16,17,18, |
| Draumahús               | 6         |
| Eignamiðlun Suðurn.     | 15        |
| Eignastýring            | 19        |
| Fasteignafélag Austurl. | 14        |
| Fast.miðlunin           | 11 og 14  |
| Fast.miðlun Reykjav.    | 21        |
| Fast.salan Árborgir     | 20        |
| Fast.salan Framtíðin    | 14        |
| Hof                     | 5         |
| Kjöreign                | 7         |
| Lundur                  | 12 og 13  |
| Lögmenn Suðurlandi      | 19        |



Lóðin við húsið er falleg og þar er góð verönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 31. júlí, 212. dagur ársins 2006.



|           | Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|-----------|-------------|---------|----------|
| Reykjavík | 4.30        | 13.34   | 22.35    |
| Akureyri  | 3.57        | 13.19   | 22.37    |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

## Falleg eign í Fossvoginum

Fasteignasalan Hof hefur til sölu 218 fermetra raðhúsaíbúð með bílskúr í Ljósalandi í Fossvoginum.

Íbúðin er 194 fermetrar en henni fylgir 24 fermetra bílskúr til sölu. Húsið er í Ljósalandi í Fossvoginum og því fylgir fallegur og gróinn suðurgarður. Á lóðinni er einnig stór timburverönd meðfram allri suðurhlíðinni, skjólveggir og blómaker. Húsið lítur vel út og hefur að sögn eigenda fengið gott viðhald í gegnum árin.

Forstofa hússins er flísalögð með fataskápum og snyrtingu. Borðstofan er björt með ljósu ullarteppi á gólfi og Palesander-

þiljum á einum veggnum. Eldhúsið er dúkaglað með AEG eldavél, víftu og borðkróki. Út frá svefngangi liggja fjögur herbergi, þrjú parketlögð og eitt teppalagt. Badherbergi er flísalagt í hól og gólf, með lítilli innréttingu og baðkari. Á hæðinni er einnig hol með sérinngangi og forstofu frá kjallaratröppum norðanmegin. Þar er eitt herbergi, lítið eldhús, snyrting, köld geymsla og stórt þvottahúsi með sturtuklefa.

Nokkur þrep liggja frá aðalhæð upp í stóra stofu og samliggjandi arinstofu en þar er ullarteppi á gólfum og útgengt á suðursvalir sem ná meðfram allri suðurhlíðinni.

Ásett verð er 49,9 milljónir.



## Byggt af kappi í Reykjanesbæ

BYGGINGALEYFUM FJÖLGADI VERULEGA HJÁ REYKJANESBÆ Á SÍÐUSTU MÁNUÐUM MIÐAÐ VIÐ SAMA TÍMA Í FYRRA.

Hundrað og sex byggingaleyfi fyrir nýjar íbúðir voru gefin út í júní og júlí í Reykjanesbæ en sömu mánuði í fyrra voru þau þrjátíu og fjögur. Í apríl og maí dróst útgáfa byggingaleyfa hins vegar saman á milli árunna en á heildina litið virðist um fjölgun að ræða á ársgrundvelli. Alls hafa verið gefin út 238 byggingaleyfi í Reykjanesbæ það sem af er þessu ári en allt árið í fyrra voru þau 486 talsins. Miklar sveiflur eru á milli mánaða hvað útgáfuna varðar, t.d. voru gefin út 76 byggingaleyfi núna í júlí en ekki nema 8 í apríl þegar þau voru fæst.

Í Víkurfréttum er haft eftir Steinþóri Jónssyni, formanni Umhverfis- og skipulagsráðs bæjarins, að útlit sé fyrir kraftmikla uppbyggingu á næstu misserum enda sjái fólk sér hag í að setjast að á Suðurnesjum.

STOLTIR viðskiptavinir er okkar hvatning

Það er góð tilfinning að vera stolt fyrir hönd fjölskyldunnar af okkar nýja heimili

- Svanberg & Ásta Rósa

## TWIN-WALL

Hjá Nýtt Hús ehf. framleiðum við TWIN-WALL húseiningar fyrir:

- einbýlishús
- parhús
- fristundahús

Endilega hafðu samband og kannaðu málið



www.nytthus.is

Nýtt Hús ehf.  
Söluskrifstofa  
Höfðabakka 9  
Guðmundur Andri  
Sími: 820-0215





**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**


- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

**Fjöldi ánægðra viðskiptavina Sjá nýuppsetta stiga á [www.byggingavorur.com](http://www.byggingavorur.com)**

**Stigar & Handrið Mex - byggingavörur**  
Sími 567 1300 og 848 3215  
[www.byggingavorur.com](http://www.byggingavorur.com)

Vantar betra aðgengi í garðinn?, stigi getur leyst málið.....

**Girðingaeefni**



Nú er tækifæri að girða af lóðina, garðinn eða sumar- bústaðinn. Val á galvaniseruðu eða plasthúðuðu (grænt) girðingaeefni. Hæð 2m eða 1,2m.



**ATLANTSKAUP ehf.**  
Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík, sími 533 3700



**Hert gler ...í stigann?**



Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - [www.gler.is](http://www.gler.is)

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS  
Flokkurinn var stofnaður af Anton Drexler árið 1919 sem verkalyðsflokkur og sama ár hóf Adolf Hitler að mæta á fundi. Með mælsku sinni og krafti náði Hitler fljótlega völdum innan flokksins, breytti nafni hans og kom á fót áætlan sem fólst í því að Þjóðverjar ykju landsvæði sitt og sneru baki við Versalassamningnum.

Undir stjórn Hitlers jókst stuðningur við flokkinn og árið 1923 gerðu flokksmenn uppreisn gegn Weimar-lýðveldinu sem varð til í Þýskalandi þegar fyrri heimsstyrjöldinni lauk. Uppreisnin mistókst,



flokkurinn var bannaður og Hitler var dæmdur til fangelsisvistar.

Þegar að Hitler losnaði úr fangelsi árið 1924 hóf hann þegar að endurreisa flokkinn og ákvað að að þessu sinni skyldi flokkurinn fara að lögum og reglum og komast til valda með kosningasigrum, ekki valdaráni. Vendipunkturinn í frama flokksins var kreppan mikla og atvinnuleysið og angistinn sem fylgdi henni á árunum í kringum 1930. Nasistaflokkurinn náði vel til atvinnulausra sem vildu breytingar á stjórn landsins og fylgi flokksins jókst enn frekar. Í kosningunum í júlí árið 1932 fékk flokkurinn 14 milljónir atkvæða eða 38 prósent fylgi og var þar með orðinn stærsti flokkurinn á þýska ríkisþinginu. Hitler var síðan kanslari tæpu ári síðar og tók sér einræðisvald og í júlí árið 1933 gaf ríkisstjórnin það út að Nasistaflokkurinn væri eini flokkurinn í Þýskalandi.

## MERKISATBURDIR

- 1556 Stofnandi Jesúíta, Ignatius de Loyola, deyr í Róm.
- 1667 Breda-samningurinn batt enda á annað ensk-hollenska stríðið.
- 1919 Þýska Þjóðþingið tekur upp Weimar-stjórnarskrána.
- 1971 Geimfarar úr Apollo 15 geymferjunni eru fyrstir til þess að keyra um í „tungflakkaránunum“.
- 1991 Börn náttúrunnar er frumsýnd í Reykjavík. Hún var sýnd daglega í yfir ár og var síðar tilnefnd til Óskarsverðlauna.
- 1992 Fyrsta barnið sem fæðist eftir glasfrjógvun á Íslandi kemur í heiminn.
- 1999 Rolling Stones-meðlimurinn Mick Jagger spókar sig á ísafirði.

## AFMÆLI



KOLBRÚN  
HALLDÓRS-  
DÓTTIR  
ÞINGKONA ER  
51 ÁRS.

## ÚTFARIR

11.00 **Jóhanna Björg Th. Ingi-mundardóttir** frá Patreksfirði verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Björn Lárusson**, fyrrverandi bóndi á Auðunnarstöðum, Sléttuvegi 15, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Jón Pálsson**, húsmíðameistari, Fannafold 3, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



### Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Allhlíða útfararþjónusta

Símar: 567 9110,  
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.  
Stofnab 1990



TVÍBURABRÆÐURNIR MAGNÚS OG SÆMUNDUR Segjast tala saman að minnsta kosti einu sinni á dag og telja að það sé tími til kominn að þeir haldi upp á afmælið saman og bjóði nánustu fjölskyldu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

## TVÍBURABRÆÐURNIR SÆMUNDUR OG MAGNÚS: SJÖTUGIR Í DAG

# Líkir í útliti en ólíkir í sér

„Það er voða líkt með okkur, við eigum báðir konu þó að hann hafi gíft fjórum árum seinna. Báðir eigum fjögur börn og báðir eigum við ellefu barnabörn hvor og ég á fjögur langafabörn sem hann á ekki,“ segir Sæmundur Pálsson og bætir við að þeir hafi samband oftar en einu sinni á dag en tvíburabræðurnir Magnús og Sæmundur verða sjötugir í dag og ætla að fagna deginum með fjölskyldum sínum.

Bræðurnir hafa mikið yndi af því að dansa og var Sæmundur meðal annars Rokkóngur Íslands og Rokkmeistari Reykjavíkur á sínum tíma en með árunum hefur danssporunum fækkað. Sæmundur kenndi dans í nokkurn tíma en dóttir hans og tengdasonur eiga í dag dansskólann Danssmíðjuna. „Þau hafa nú tekið við krakkarnir þó ég hafi nú verið að sýna þeim ýmislegt af þessu eldra sem er ávallt klassískt, eins og rokkdans,“ segir Sæmi. Magnús hljóp stundum í skarðið fyrir Sæma þegar hann var

upptekinn eða þegar hann var meiddur. „Við unnum einu sinni stóra keppni 1980, ég og Didda á Spáni, með danspörum frá öllum þjóðum,“ segir Sæmi og bætir við að þau hafi verið með þeim elstu sem tóku þátt.

Magnús lærði bæði raftækni og kerfisfræði og vann í tæp fjörutíu ár hjá Rafveitu ríkisins. „Það var ofsalega gaman í gamla daga þegar maður var að hanna spennuvirki og annað, þá var tíminn svo fljótur að líða en þetta er orðið meira þannig að menn eru í sérherbergjum núna,“ segir Magnús. Hann á hús á Spáni þar sem hann dvelur jafnan á sumrin með fjölskyldu sinni og þrátt fyrir nokkur óhöpp í ferðinni í sumar þá finnst honum gott að vera á Spáni. „Við eigum stóra fjölskyldu, fjögur börn, tvo stráka og tvær stelpur og ellefu barnabörn, tíu stráka og eina dómu þannig að þetta er aldeilis hópur,“ segir Magnús. Ljóst er að nóg er að gera við að sinna fjölskyldunni en Magnús hefur líka verið að mála og dytta að húsunum sínum tveimur á Spáni og hér

heima og lagði rafmagn í hús dóttur sinnar. „Maður hefur haft mikið að gera síðan maður hætti að vinna, það er ekkert minna að gera,“ segir Magnús og hlær. Hann ætlar líka að sinna golfinu meira, en hann fékk sitt fyrsta sett í fimmtugsafmælisgjöf. Hann segir að þrátt fyrir að hann hafi lítið stundað golf að undanförunu þá hafi hann unnið mót á Leirunni sem fjölmargir kerfisfræðingar og tölvunarfræðingar tóku þátt í.

Sæmundur starfaði hjá lögreglunni í 36 ár en hætti fyrir tveimur árum síðan en hann er lærður trésmíðameistari. Þegar hann gekk í lögregluna hafði hann hugsað sér að vera þar í aðeins skamman tíma á meðan lítið var að gera í smíðunum en þegar upp var staðið voru liðin tæpir fjórir áratugir.

Þeir eru báðir að dytta að húsunum sínum í sumar og eru sammála um að það sé nóg að gera þó þeir séu hættir að vinna.

gudrun@frettabladid.is

Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík

REYKJAVÍK.COM  
REYKJAVÍKMAG

Allar nýjustu upplýsingar  
og fréttir á ensku á  
vefnum reykjavik.com og  
í blaðinu Reykjavikmag.

## Rit um Ísleif biskup kemur út

Skúli Sæland sagnfræðingur hefur tekið saman rit um Ísleif biskup, sem var fyrsti íslenski biskupinn og fyrstur til þess að stofna biskupsdæmi hér á landi. Skúli segir að ritið hafi komið til vegna þess að ekki hafi verið til neitt sérítt um Ísleif en í ár eru 950 ár síðan hann var vígður til embættis.

„Ég tók saman það sem til er í frumheimildum af Ísleifi og reyndi að setja saman heillegt yfirlit um ævi hans. Þar sem heimildir stönguðust á þar bar ég saman skoðanir fræðimanna og reyndi að setja fram frekari hugmyndir af álitamálum sem upp hafa komið,“ segir Skúli en Ísleifur



SKÚLI ÁSAMT SYNI SÍNUM, GÚSTAF Ísleifur biskup var biskup yfir Íslandi og Grænlandi og frumkvöðull á sviði menntunar hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON.

var bæði biskup yfir Íslandi og Grænlandi.

„Hann er líka frumkvöðull, hann er fyrsti íslenski maðurinn sem vitað er með vissu að hafi farið út í nám og sómuleiðis sá fyrsti sem kemur á fót skóla hér á Íslandi,“ segir Skúli. Ísleifur var líka einn af ættfeðrum helstu valdaættar Íslendinga á sínum tíma, Haukdælinga.

„Ég starfa í hlutastarfi sem skjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Árnesinga og svo er ég að vinna við skráningu menningarsögu uppsveita Árnessýslu,“ segir Skúli og útilokar ekki að fleiri rit eftir hann komi út.



# Útsala!

## 15-50%

### afsláttur



VERIÐ VELKOMIN!

Opið virka daga kl. 10-18.



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 [www.ondvegi.is](http://www.ondvegi.is) / [ondvegi@ondvegi.is](mailto:ondvegi@ondvegi.is)



## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hefur klámkynslóðin kannski alltaf verið til?

DÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR VEIT EKKI HVORT HÚN TILHEYRIR KLÁMKYNSLÓÐINI EÐA EKKI.



Klámkynslóðin hefur verið mikið í umræðunni undanfarin misseri og sjálf hef ég hneykslast á kynlífsvæðingunni sem ríður yfir heiminn. Ég hef setið kúrsa í Háskólanum þar sem klámvæðingin er í brennidepli og hef þrúgað mig sæla að hafa fæðst nógu snemma til að losna undan því að tilheyra klámkynslóðinni.

Um daginn renndi ég í gegnum tíu ára gamalt myndaalbúm hjá vinkonu minni og varð dálítið brugðið. Ég minnst þess ekki að hugtakið klámvæðing hafi átt upp á pallborðið þegar ég var unglingur en miðað við tískuna á þessum tíma

hefðu foreldrar okkar svo sannarlega átt að vera áhyggjufullir. Þarna var mynd af okkur, þremur 15 ára bekkjarsystur á leið á skólaball. Við brostum okkar breiðasta brosi (því á þessum tíma var enn til síðs að brosa framan í myndavélar en ekki setja upp stút), klæddar í fatnað sem hefði sómt sér vel í þrjú flokks klámmynd.

Pilsíð mitt náði varla niður fyrir rasskinnar og þröngur hlýrabolurinn var óhugnanlega fleginn. Við þessa mýnderingu var ég í húðlitum háglans eróbikksokkabuxum og svörtum lakkskóm, með 11 cm hæl og 5 cm þykkum sóla – skóm sem voru svo klámfengnir að jafnvel fatafellur létu varla bjóða sér þá nú til dags. Klæðnaður vinkvænna

minna var ekki skárri. Önnur í magabol með vafasamri áletrun og hin klædd í stutta bláa plastkáu og skó með himinháum hælum. Hún minnti einna helst á barnungan stríppara á leið í steggjapartí. Einnhversstaðar í bakgrunninn ímynda ég mér að lagið „Wannabe“ með Spice girls hafi hljómað: „If you wanna be my lover, you gotta, you gotta.“

Líklega vorum við á barmi þess að tilheyra klámkynslóðinni og þrátt fyrir það hefur ræst furðu vel úr okkur í dag. Með það í huga og minnug þess að mjaðmahnykkir Elvis Presley þóttu argasta klám þegar mamma var unglingur leyfi ég mér að fullyrða að klámkynslóðin sé afar afstætt hugtak.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli



### Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## RÚNAR RÓBERTSSON

13-16 ALLA VIRKA DAGA

### HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

**BYLGJAN**  
20 ÁRA  
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



## Orkuflæði í Art-Iceland

**Kl. 9.00**

Rögnvaldur Skúli Árnason sýnir málverk og teikningar í Gallerí Tukt, Pósthússtræti 3-5. Sýningin stendur yfir frá 22. júlí til 5. ágúst.

Fyrsta samsýning gallerisins Art-Iceland.com var opnuð í Mublunni, Nýbýlavegi 18 í Kópavogi um helgina. Listafólkið Árni Rúnar Sverrisson, Helga Sigurðardóttir og Álfheiður Ólafsdóttir eiga verkin á sýningunni sem ber yfirskriftina Orkuflæði.

Milli 200-300 gestir heimsækja vefsvæði Art-Iceland daglega en þar leitast gallerið við að kynna Ísland frá ólíkum sjónarhornum og birtast þar greinar um mannlíf og listalíf hérlandis.

Árni Rúnar Sverrisson er undir sterkum áhrifum frá litbrigðum og formum frumgróður jarðar en Álfheiður nálgast myndefni sitt með



**TILFINNINGABÁL OG KRAFTUR**

Verk eftir Helgu Sigurðardóttur sem tekur þátt í fyrstu samsýningu Art-Iceland.

krafti og sterkum litatönnum. Helga Sigurðardóttir slær á sína litastrengi með ákefð og ákveðnum stíl sem maður upplifir sem mikið tilfinningabál.

Sýningin stendur til 30. september en þess má geta að mikið verður um dýrðir í galleríinu á Menningarnótt, 19. ágúst næstkomandi, þegar gallerið fagnar árs-afmæli sínu. Þá mun hjóm-sveitin Hjónabandið kynna nýútkominn disk sinn og góðir gestir mæta á svæðið og kveða stemmur. Sýningin „Orkuflæði“ stendur til 30. september.

# menning

menning@frettabladid.is



**BJÖRN ÞORSTEINSSON HEIMSPEKINGUR**

## Lærdómsrit og lífsspeki

Hið íslenska bókmennta-félag hefur séð um útgáfu Lærdómsritanna í eina þrjá áratugi en þau eru orðin 62 að tölu. Björn Þorsteinsson heimspekingur tók við sem meðritstjóri ritanna haustið 2005, en hann ritstýrði nýjustu útgáfu þeirra, Játningum Ágústínusar, sem Sigurbjörn Einarsson þýddi og ritaði inngang að ásamt fleirum.

Lærdómsritin spanna vítt svið mennta og fróðleiks, allt frá fornöld til nútíma. Má þar nefna rit um hagfræði, heimspeki, guðfræði, bókmenntir og listir, sagnfræði, sálfræði, siðfræði, líffræði, eðlisfræði og umhverfismál. Sum eru líka fræg skáldverk, full af lífsspeki og eru því í eðli sínu lærdómsrit í bestu merkingu þess orðs.

Nýverið gaf Hið íslenska bókmenntafélag út kynningarrit á Lærdómsritunum í þeim tilgangi að gefa hugmynd um hið fjölbreytta efni sem þar er að finna. „Lærdómsritin eru ein metnaðarfullsta og virtasta ritröð sem gefin er út á Íslandi, en mikill fjöldi fræðirita og sígildra bókmenntaverka hefur verið þýddur af hinum ýmsum sérfræðingum hér á landi. Mörg ritanna hafa verið endurprentuð, sum allt að fimm sinnum, en það hlýtur að bera vitni um vinsældir bóka-flokksins. Lesendahópurinn er líka nokkuð breiður, enda er efni ritanna fjölbreytt og aðgengilegt,“ segir Björn.

„Markmiðið með útgáfu þeirra frá upphafi var að þau höfðu til þorra almennings

sem þykir gaman að lesa góða fræðitexta á íslensku. Eins og ég bendi á í eftirmála Játninga Ágústínusar, þá er það rit gott dæmi um eðli Lærdómsritanna, því þau eru skrifuð á alþjóðlegu máli og eru skemmtileg aflestrar. Játningar Ágústínusar er í aðra röndina ævisaga, en í hina er verið að takast á við grundvallarspurningar, eins og um eðli tímans, hvernig guð skapaði heiminn og stöðu mannsins almennt í heiminum. Lærdómsritin fjalla um nær öll viðfangs-efni mannlegrar hugsunar, sem oftast en ekki hafa markað djúp spor í menningu og hugsunarhátt Vesturlandabúa.“

### Ritin ekki stofustáss

Björn segir bókaflökka í anda Lærdómsritanna hafa þá náttúru að vekja upp söfnunarástríðu hjá fólki. „Margir vilja eiga sem flestar hilluraðir af ritunum en



**LÆRDÓMSRITIN KOMIN YFIR SEXTÍU** Ein virtasta ritröð sem út kemur á íslensku.

útlit þeirra er jafnframt sérstakt. Helsta einkenni þeirra er látlaus og grípandi kápa, hönnuð af Hafsteini Guðmundssyni.“ Hann segir söfnunarástríðuna þó varla áráttukennda eins og þegar fólk safnar til dæmis frimærkjum eða öðru í þeim dúr. „Ég held að það hljóti að vera óhugsandi að fólk sanki að sér þessum ritum í þeim tilgangi einum að nota þær sem stofuspúss. Þeir sem eiga safn af ritunum hafa lesið þær flestar eða alltént gluggað í þær. Þessar bækur draga mann til sín, enda er ekki of mikið af svona aðgengilegu, fræðilegu efni á íslensku.“

### Salan stöðug og jöfn

Að sögn Björns er hugmyndin að útgáfu kynningarritsins að taka saman útgáfu allra Lærdómsritanna, svo fólk geti með tiltölulega litlum tilkostnaði áttað sig á því hvað þau geyma margbreytilegt efni og mikið. „Lærdómsritin eru óvenjulegar bækur fyrir margra hluta sakir. Sem dæmi má nefna er hverju riti fylgt úr hlaði með ítarlegum formála þýðanda eða annars höfundar, ásamt skýringum við texta ritsins. Þar er meðal annars greint frá höfundinum, útskýrd tilurð ritsins, úr hvaða menningarheimi það er sprottið og í hvaða samhengi, auk þess sem leitast er við að gera grein fyrir áhrifum þess á íslenska menningu og setja það að öðru leyti í samhengi við íslenskar aðstæður.“

Björn segir að ritin seljist jafnan vel, líka löngu eftir fyrstu útgáfu. „Salan á ritunum er stöðug og jöfn og því er ekki um árstíðarbundnar vinsældir að ræða. Nokkur ritanna, eins og Síðustu dagar Sókratesar, hafa selst í áratugi eða áratugaráðir. Afstæðiskenningin eftir Albert

Einstein, í þýðingu Þorsteins Halldórssonar eðlisfræðings og nútímaverkið Saga tímans, eftir Stephen W. Hawking í þýðingu Guðmundar Arnlaugssonar, hafa einnig verið mjög vinsælar en sú síðarnefnda hefur verið prentuð þrisvar sinnum.“

### Mikilvægt menningarhlutverk

Björn segir Lærdómsritin hafa þá þýðingu fyrir Íslendinga að halda uppi og úti fræðilegri umræðu á íslensku. „Enn fremur þarf íslenskan að vera í stöðugri endurnýjun og hluti af því felst í að takast á við að þýða nýja texta og gamla, af því tagi sem Lærdómsritin geyma. Það er ekki auðvelt verk en skilar miklu til þaka til tungumálsins, því ef Íslendingar ætla að halda áfram að vera nútímapjóð þá verðum við að geta orðað þær hugmyndir sem eru og hafa verið uppi. Þannig gegna Lærdómsritin jafnframt mikilvægu menningarhlutverki,“ segir Björn að lokum. [byrindisbjarna@frettabladid.is](mailto:byrindisbjarna@frettabladid.is)



17. ÁGÚST - KL. 20:00 - LAUS SÆTI

18. ÁGÚST - KL. 20:00 - LAUS SÆTI

24. ÁGÚST - KL. 20:00 - LAUS SÆTI

25. ÁGÚST - KL. 20:00 - LAUS SÆTI

Móðasalan er í síma 568 8000  
www.botgasaleichur.is  
www.motuhallur.is/footloose

Vantar þig síma?



Vodafone live!

**Nokia 6230i**

Tilboðsverð: 24.900 kr.

Verð áður: 28.900 kr.

Vodafone live!

Partí í poka!



Með sérhannaða vasa fyrir farsíma og MP3 spilara. Bæði tækin geta tengst innbyggðum hátölurum bakpokans.

Verð fyrir Og1 viðskiptavini

7.900 kr.

Verð fyrir eigendur Vodafone live! síma

9.900 kr.

Almennt verð

12.900 kr.

Án handa!



20% afsláttur

af öllum handfrjálsum búnaði

og  
vodafone

Heyrumst!



# Tvífarar fræga fólksins á Íslandi

Nú geta netverjar skemmt sér yfir forriti sem sérhæfir sig í að finna tvífarar. Hægt er að mata forritið með mynd af hverjum sem er og fá úr skorið hvaða stjörnu úti í heimi maður líkist, en forritið reiknar út andlitsföllin og ber þau saman við fræga fólk. Greinilegt er að ekki er tekið tillit til litarafsts, hárlitar og aldurs, því frumniðurstöður Fréttablaðsins eru nokkuð skrautlegar. Bubbi breytist í François Mitterand, fyrrverandi Frakklandsforseta, og Logi Bergmann Eiðsson er tvífari Anthony Hopkins, en forritið virðist vera glöggara á kvenmannsandlit. Auðvelt er að rugla forritið með því að gefa upp nokkrar myndir af viðkomandi og fá mismunandi niðurstöður og gerir það leikinn enn skemmtilegri. Hægt er að nálgast tvífaraforritið á myheritage.com.



**ÁSDÍS RÁN GUNNARS-DÓTTIR**  
Ásdís er samkvæmt forritinu tvífari Gwen Stefani.



**BUBBI**  
Þó Bubbi sé ekkert unglamb lengur er hann heldur yngri en François Mitterand, sem lést 1996.



**LOGI BERGMANN EIÐSSON**  
Logi líkist töffaranum Anthony Hopkins, en er þó aðeins meiri skólastrákur í samanburði við mannættina úr Silence of the lambs.



**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR**  
Unnur og Miranda Otto sem lék Eowyn í Lord of the Rings eru með svipaða andlitsbyggingu, en Unnur er samt gerólik Miröndu enda með dökkt hár og væna brúnku.



**ELÍSABET DAVÍÐSDÓTTIR**  
Falleasta fyrirsæta landsins er tvífari Mischu Barton úr The OC, en hún er einmitt þekkt fyrir mikinn sjarma og fegurð.



## TJALDÚTSALA

CANTERA 6

**20.000 kr.**  
**AFSLÁTTUR**

**+ 2 stólar og borð**  
6 manna pöðufrítt tjald



SALA 4

**20.000 kr.**  
**AFSLÁTTUR**

**+ 2 dýnur og skjóltjald**  
4 manna tjald



CASCADE 2

**8.995 kr.**  
**TILBOÐ**

**+ Pottasett**  
2 manna tjald



**50%**

**AFSLÁTTUR**

**Á LÍNUSKAUTUM**



**Nýja SKÁTABUÐIN**  
**FERÐAVERSLUN**  
Faxafen 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727

## Í te hjá Thom Yorke

UMFJÖLLUN

[TÓNLIST]

Aðdragandinn að þessari fyrstu sólóplötu Thom Yorke, söngvara Radiohead, var svolítið undarlegur. Fyrr á þessu ári fengum við þær fréttir að hljómsveitin væri við það að klára nýja plötu og útgáfudagurinn væri innan seilingar. Flestum kom því á óvart þegar tilkynning barst þess efnis að búið væri að fresta Radioheadplötunni en söngvarinn Thom Yorke ætlaði í staðinn að gefa út sólóplötu.

Það hefur svo sem ekki verið neitt leyndarmál að seinni ár hafa menn innan Radiohead verið nokkuð ósammála um það hvaða stefnu sveitin eigi að taka. Thom og Jonny Greenwood fannst Kid A ekki nægilega tilraunakennd og vildu sökkva sér dýpra í tilraunabrunnin á meðan gítarleikarinn risavaxni Ed O'Brien hefur viljað halda fastar í rokkkrætur sveitarinnar. Það ætti því ekki að koma neinum á óvart að sólóplata Thom Yorke skuli öll vera í sama stíl og lagið Idioteque af áður nefndu meistarastykki Radiohead.

Platan hljómar öll eins og Thom hafi verið í kjallaranum heima hjá sér að fíkta í nýja trommuheilanum sínum og hljóðgerflum og svo raulað ofan á. Lagasmíðarnar eru svo þannig að ef platan væri ekki gefin út undir nafni Thom þá væri engin leið að vita að þetta væri ekki Radiohead. Töluverðrar naumhyggju gætir í útsetningum og fáir hlutir í gangi, oft bara tvær hljómborðslínur, hljóðlátir tölvu-taktar og sveimandi raddir eða annars konar stafræn hljóðfæri. Thom gerir engar tilraunir til að semja grípandi popplög. Hann hefur kannski ákveðið að skilja það verkefni eftir í höndunum á hljómsveitinni sinni sem þýðir þó ekki að hér séu ekki frambærileg lög. Öll mjög keimlúk en eitt og eitt festist betur í manni en annað. Til



**THOM YORKE: THE ERASER**

Niðurstaða: Fyrsta sólóplata Thom Yorke kemur lítið sem ekkert á óvart en er engu að síður vandað og fallegt verk sem vinnur á við hverja hlustun. Englasöngur yfir lágstemmdum krúttlegum tóktum við sveimandi hljómborð og gítarlinur.

dæmis lögin Harrowdown hill, Black Swan auk hins frábæra titillags The Eraser.

Platan kemur varla á óvart. Ég vissi svo sem alveg við hverju ég ætti að búast frá Thom. Ég átti hins vegar ekki von á því að platan yrði svo mikið á jaðrinum að margar hlustanir þyrfti til að melta hana. Við fyrstu tvö rennslin rennur ýmislegt saman en kannski er það vegna þess að hún er svona lágstemmd. Ég er vanari því að heyra Thom syngja ofan á beittari takta eða við urrandi gítarspil. Hann hefur aldrei hljómað jafn afslappaður og öruggur og hér.

Tilfinningin af plötunni er eins og manni hafi verið boðið í te hjá Thom. Í fyrstu verður maður svolítið órólegur og veit ekki alveg hvernig maður á að vera. Svo þegar hann kemur loksins með tebakkann úr eldhúsinu og sest niður kemur í ljós að þetta er gæðablóð og hinn besti gestgjafi. Þetta er því bara spurning um að sökkva aðeins niður í sófann, hlusta á það sem Thom Yorke hefur að segja því þó þetta hljómi örlítið kunnuglega þá leynast þarna fróðleiksmolar sem þið viljið ekki missa af.

Birgir Örn Steinarrson



# sparaðu með nettó

## ódyrari innkaup



**999** kr/kg

Sænskar kjúklingabringur 1 kg.



stykkjaverð  
99 kr/stk

3 saman  
í pakka

**298** kr/ks

Napoli pizzur 3 í pakka



nettó  
gegn verðbólgu

**2 fyrir 1**

Grandsafi



750gr.

**199** kr/pk

Coop danskt Kornflex 750gr.



**159** kr/pk

Coop danskt Special K 500gr.



fimm  
kíló

**399** kr/pk

Universallþvottarefni 5kg.



einn  
líter

**79** kr/ltr.

Booster taumýkir 1ltr.



hálfur  
líter

**59** kr/stk

Dix uppþvottalögur 500 ml.



nýr ítalskur  
kaffidrykkur

**99** kr/pk

Natumi Macchiato



sparaðu  
með nettó

**99** kr/pk

Marshmallow störfoki



tveir  
lítrar

**79** kr/stk

Pepsi Light 2 ltr.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



**Nýtt í bíó**

Velkomin til Silent Hill  
Við áttum von á þér!

**16**

Magnaður spennutryllir eftir höfund "Pulp Fiction"  
**SILENT HILL**  
Með frábærum úrvalsleikurum eins og Sean Bean, Deborah Kara Unger og Rachna Mitchell

Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

**OVER THE HEDGE**

**ALEX RIDER STORMBREAKER**

**12**

Blóðstríðið er hæfið!  
Magnaður Sci-Fi spennutryllir!  
**MILLA JOVOVICH ULTRAVIOLET**

**stick it**

**CLICK**

**BENCHWARMERS**

**DA VINCI CODE**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

**Burgerbíó** Sími 462 3500

SILENT HILL kl. 8 og 10.40 B.L. 16 ÁRA  
SYND Í LÚXUS kl. 8 og 10.40  
ULTRAVIOLET kl. 4.50 og 8 B.L. 12 ÁRA  
OVER THE HEDGE ISL. TAL kl. 3 og 5  
OVER THE HEDGE ENSKT TAL kl. 3, 5, 7 og 9  
SYND Í LÚXUS kl. 3 og 5  
STICK IT kl. 3, 5.30, 8 og 10.20  
CLICK kl. 10.10 B.L. 10 ÁRA  
RAUÐHETTA ISL. TAL kl. 3

SILENT HILL kl. 5.20, 8 og 10.40 B.L. 16 ÁRA  
STORMBREAKER kl. 6 og 8  
THE BENCHWARMERS kl. 8 og 10 B.L. 10 ÁRA  
CLICK kl. 5.30, 8 og 10.10 B.L. 10 ÁRA  
DA VINCI CODE kl. 5 og 10 B.L. 14 ÁRA

SILENT HILL kl. 8 og 10.20 B.L. 16 ÁRA  
STORMBREAKER kl. 6, 8 og 10  
STICK IT kl. 6

**400 kr. í bíó!**  
Eldir á allar myndir í Regnboginum unntar með rauðu

Dolby SDDS Digital Surround EX BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

ÞÓ EIT ALDRÍ OF UNDR TIL AD BEYJA  
HÖRKI SPENNUMYNDI ANDA JAMN  
**ALEX RIDER STORMBREAKER**

Þou etla að nú  
áttur hverfinu...  
meinn bita á  
eind!

**OVER THE HEDGE**

Synd kl. 4, 6, 8 og 10

Synd kl. 4 og 6 ISL. TAL

SVANALEGASTA HRÖLLVEKJA ÁRSINS  
ATTA FÓRNARLÖMB  
EININ GEDSJUKUR  
FÖLDAMORNINGI  
HVER MUN LIFA  
NÓTTINA AF  
**FAST & FURIOUS  
TOKYO DRIFT**

Synd kl. 8 og 10 B.L. 12

**SEE DEVIL**  
ALLS EKKI FYRIR VÍDKVEMA

Synd kl. 8 og 10 B.L. 16

**CLICK**

Synd kl. 4 og 6

www.laugarasbio.is



SCARLETT JOHANSSON Þessi unga leikkona er nýja andlit íþróttavörumerkisins Reebok og mun hún einnig hanna sína eigin línu sem kemur í verlanir í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Scarlett andlit Reebok

Leikkona unga, Scarlett Johansson, hefur skrifað undir milljóna samning við íþróttavörumerkið Reebok. Johansson mun koma fram í auglýsingum fyrir merkið og einnig hefur hún samþykkt að hanna eigin íþróttavörulínu sem verður byggð á gamaldags íþróttafötum. Forsvarsmenn Reebok eru mjög ánægðir með þennan samning og segja að Scarlett sé heims-

þekkt fyrir góðan fatasmekk og að hún sé innblástur fyrir ungar konur. Nýja línan hennar Scarlett mun koma í verlanir vorið 2007. Reebok er þar með að feta í fótspor annarra íþróttamerkja á borð við Adidas og Puma sem hafa fengið heimsþekktu einstaklinga eins og Stellan McCartney og Alexander McQueen til liðs við sig.

## Sættast í Letterman

Spjallþáttastjórnandinn David Letterman hefur boðið þeim stallystrum Paris Hilton og Nicole Richie að vera gestir í þættinum hans, saman.

Stúlkurnar eru búnar að vera óvinkonur í tvö ár og hafa þær báðar neitað að tala um hver var valdurinn að óvinsemd þeirra. Richie og Hilton leika báðar í sjónvarpsþáttunum „Simple Life“ en tókuliðið á fullt í fangi með að láta þær tvær ekki hittast á meðan á tókum stendur. Letterman hefur boðist til þess að vera friðarstíll milli stallanna en þær eiga ennþá eftir að gefa honum svar.



Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Paris og Richie voru óaðskiljanlegar en svo kom eitthvað mikið upp á og hafa þær verið óvinkonur í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Lance Bass samkynhneigður

N-Sync meðlimurinn fyrrverandi, Lance Bass, er kominn út úr skápnunum. „Ég var í þessari rosavinsælu hljómsveit og vissi að frami fjögurra annarra stráka væri í mínum höndum. Ég vissi að ef ég hegðaði mér einhvern tímann eins og hommi eða ljóstraði því upp að ég væri samkynhneigður myndi það setja allt úr skorðum,“ sagði Lance, sem faldi kynhneigð sína fyrir vinum og vandamönnum þar til nýlega. Söngvarinn er nú 27 ára en N-Sync gerði allt vitlaust fyrir tíu árum og er Justin Timberlake sá hljómsveitarmélimur sem hefur náð mestum frama í tónlistarbransanum. Bass hefur reynt fyrir sér sem leikari, framleiðandi og í geimflugi eftir að N-Sync hætti árið 2002. Bass er nú að vinna að framhaldsþættir með Fatone úr N-Sync en í þeim mun Bass leika homma. Hann er nú með leikaranum og módelinu Reichen Lehmkuhl sem er þekktur fyrir að hafa sigrað í Amazing Race raunveruleika-



LANCE BASS OG JOEY FATONE Félagarnir úr N-Sync vinna nú saman að framhaldsþáttum.

þættinum. „Ég skammast mín ekki, það er það eina sem ég vil segja,“ sagði Bass í viðtali við

People. „Ég er frjálsari og hamingjusamari en nokkurn tímann. Ég er bara hamingjusamur.“



PATTI SMITH Tónleikar söngkonunnar á Íslandi í fyrra fengu frábæra dóma.

## Patti kemur aftur

Patti Smith mun halda tónleika á Íslandi 5. september í Háskólabíói og verða þeir með öðru sniði en tónleikar rokkgöðjunnar fyrir ári síðan á Nasa. Tónleikarnir í Háskólabíói verða órafmagnaðir og einnig mun Smith fara með vel valin ljóð en hún hefur vakið mikla athygli erlendis fyrir „spoken word“. Patti Smith er eitt af stóru nöfnunum í roksöggunni

og ferill hennar spannar þrjátíu ár, en hún er bæði rokkari, ljóðskáld, leikari og ljósmyndari. Með Patti kemur tónlistarmáðurinn Lenny Kaye. Miðasala hefst í byrjun ágúst á www.miði.is og í verslunum Skifunnar í Reykjavík og BT á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum. Um 900 miðar verða í boði og selt verður í númeruð sæti á tveimur svæðum.

## Norðmenn grenna sig með kaffi

Í Noregi er nú komin á markað ný kaffitegund sem á að virka grennandi. Norska þjóðin hefur eins og sú íslenska verið að fitna svo þetta eru gleðitíðindi fyrir þá kaffiunnendur sem vel mega við því að missa nokkur kíló. Kaffitegund þessi heitir CoffeeSLENDER og segja framleiðendur að í kaffibauninni leynist efni sem nýta meg til að stýra blóðsykrinum og minnka líkamsþyngdina. Undrakaffi þetta er líka selt í töfluformi en mönnum er ráðlagt að drekka þrjá bolla af kaffinu á dag eigi það að gera eitthvað gagn.



MEGRUNARKAFFI Kaffidrykkjumenn geta nú huggað sig við það að kaffið eigi eftir að gera þá léttari.



**SAMBÍÓIN** FRÁ WALT DISNEY OG JERRY BRUCKHEIMER  
KEMUR MEGASMELLUR ÁRSINS!

JOHNNY DEPP ORLANDO BLOOM KEIRA KNIGHTLEY

**PIRATES OF THE CARIBBEAN**  
DEAD MAN'S CHEST

7.9/10 Samfélagsdómur SHREK & MADAGASCAR

**OVER THE HEDGE**

**SUPERMAN RETURNS**

**the break-up**

**THE LAKE HOUSE**

**ALFABAKKA**

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2-3-5-6-8-9-10-30-11 B.I. 12  
 PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 VIP KL. 6-9  
 OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 2-4-6 LEYFD  
 OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 8-10-30 LEYFD  
 SUPERMAN RETURNS KL. 2-5-8-11 B.I. 10  
 SUPERMAN RETURNS VIP KL. 3  
 THE BREAK UP KL. 8 LEYFD  
 BÍLAR *isl. tal* KL. 3-5:30 LEYFD

**KRINGLUNNI**

\*PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 2:15-5:15- 8:15-10-11:15 B.I. 12  
 DIGITAL POWERSÝNING KL. 11:15  
 \*OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 2-4-6 LEYFD  
 \*OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 6-8-11:15 LEYFD  
 \*SUPERMAN RETURNS KL. 3-8-15 B.I. 10

**KEFLAVÍK**

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 7-10 B.I. 12  
 OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 8 LEYFD  
 SUPERMAN RETURNS KL. 10 B.I. 10

**AKUREYRI**

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 6-9 B.I. 12  
 OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 6 LEYFD  
 OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 8 LEYFD  
 SUPERMAN RETURNS KL. 10 B.I. 10

**HÁSKÓLABÍÓ S:** 530-1919

SAMBÍÓIN SIMI: 575-8900 www.sambioin.is

# Lohan með hvítt hjarta á hendinni

Lindsay Lohan og elskhugi hennar Harry Morton hafa fengið sér ný húðflúr. Leikkonan úr Mean Girls heimsótti húðflúrstofu í Vestur-Hollywood síðla kvölds, eftir að hafa setið að sumbli á skemmtistað, og og lét húðflúra hvítt hjarta á milli þumals og vísingurs. Morton á víst að hafa fengið sér svipað húðflúr á ónefndum stað.

Hvíta hjartað er ekki fyrsta húðflúrið sem hin tvítuga Lohan fær sér. Hún hafði áður fengið orðið „breathe“ á hægri rist og stjörnu á þá vinstri.

Rauðhærða kvendið er einnig með ítölsku setninguna La Belle Vita (hið ljúfa líf) húðflúraða á bakið.

Lohan er nýkomin af spítala en hún var lögð inn á miðvikudaginn var eftir að hún féll í yfirlíð við tókur á myndinni „Georgia Rule“. Talskona Lohan sagði að veðrið hefði leikið leikkonuna svo illa en sumir miðlar vilja meina að hún hafi verið á útstælsi með Morton kvöldið áður og hafi því verið orðin orkulaus.



**LINDSAY LOHAN**  
Rauðhærða leikkonan er komin með enn eitt húðflúrið.



**KVENNALJÓMI** Rooger Moore sést hér umkringdur fallegu kvenfólki eins og sönnum njósnurum hennar hátignar sæmir.

FRÉTTABLAÐIÐ/APPHOTOS



**PAUL OG REX** Gítarinn hefur mikið gildi fyrir sögu Bítlanna en hann leiddi til þess að John Lennon gekk til liðs við The Quarrymen.

# Ómetanlegur gítar

Gítarinn sem Paul McCartney lærði sín fyrstu gítargrip á verður seldur á uppboði í hinu goðsagna-kennda upptökuveri Bítlanna, Abbey Road Studios, en talið er að hann verði seldur fyrir meira en hundrað þúsund pund sem samsvarað þrettán milljónum íslenskra króna.

Gítarinn hefur mikið gildi fyrir sögu Bítlanna því sagan segir að það hafi verið í gegnum gripinn sem Paul fékk góðvin sinn, John Lennon, til að ganga til

liðs við hljómsveitina The Quarrymen árið 1957 en hún varð seinna upphafið að vinsælustu og áhrifamestu hljómsveit heims, Bítlunum.

Með gítarinum fylgir handskrif- að bréf frá Paul þar sem stendur að umrætt hljóðfæri sé gítarinn sem hann lærði fyrst á og hafi í fyrstu verið í eigu góðvinnar hans, Ian James, en það var einmitt James sem kenndi John Lennon nokkur grip til viðbótar við það sem Bítillinn sáluði kunnri þegar.

# Þokkagyðjur Bond

Bíómyndirnar um njósnara hennar hátignar, James Bond, njóta mikilla vinsælda áhorfenda og er kvikmyndanna alltaf beðið með eftirvæntingu. Í nóvember verður 25. kvikmyndin um James Bond frumsýnd og ber hún nafnið Casino Royale. Af því tilefni ákvað kvikmyndatimaritið Empire Magazine að halda kosningu meðal lesenda sinn um hvaða leikkona væri flottust af öllum þeim kvennafans sem hefur umvafið njósnarann gegnum tíðina.

Kvenkyns persónur hafa nefnilega alltaf haft mikið að segja í James Bond myndunum og venjulega eru tvær aðal- konur í hverri mynd, ein sæt og góð og önnur illmenni sem tælir njósnara hennar hátignar og kemur honum fyrir kattarnef.

**FYRSTA SÆTID**  
Ursula Andress vakti mjög mikla athygli í kvikmyndinni Dr. No en þetta var í fyrsta skiptið í sögunni sem einhver kom fram í kvikmynd í bikini einu klæða.



**ANNAN SÆTID**  
Famke Jansen var valinn í annað sætið en hún lék með Pierce Brosnan í myndinni Goldeneye.

Það kemur ekki mörgum á óvart að það var þokkagyðjan Ursula Andress sem vann þessa kosningu enda sem fáir geta gleymt atriðinu fræga þegar hún stígur upp úr sjónum í bikini einum klæða í myndinni Dr. No. Annað sætið hlaut Famke Jansen fyrir

**ÞRIÐJA SÆTID**  
Jane Seymour var náttúrulega falleg í myndinni Live and Let Die.

frammistöðu sína í Goldeneye með Pierce Brosnan og hin fagra Jane Seymour hrepti þriðja sætið en hún lék í myndinni Live and Let Die. Fegurðardísinn Halle Berry vermdi fjórða sætið en hún lék myndinni Die Another Day sem tekin var upp að að hluta hér á landi. Fimmta sætið samkvæmt lesendum tímaritsins fór svo til Lois Chile en hún lék í myndinni Moonraker með Rooger Moore í hlutverki James Bond frá árinu 1979.



**FJÓRDA SÆTID**  
Halle Berry var flott í myndinni Die Another Day.



**FIMMSTA SÆTID**  
Nafn Lois Chiles hefur lítið borið á góma síðan hún lék í Bond-myndinni Moonraker með Rooger Moore en þar sló hún í gegn.





## Heiðar Davíð öflugur

Kylfingurinn úr Mosfellsbæ, Heiðar Davíð Bragason, lék vel á móti í sænsku mótaröðinni sem fór fram í Eistlandi um helgina. Heiðar lék í gær á 67 höggum, fimm undir pari vallarins, og var samtals sjö undir pari að mótnu loknu. Varð hann í 11.-13. sæti og átta höggum á eftir efsta manni.

**sport**  
sport@frettabladid.is

SÖNGVARI BELLE & SEBASTIAN: SPILAÐI MEÐ UMF BORGARFIRÐI EYSTRÍ Á LAUGARDAG

## Nokkuð liðtækur knattspyrnumaður

Það var mikið um dýrðir á Borgarfirði eystrí um helgina í tengslum við tónleika Emilíönu Torrini og skosku hljómsveitarinnar Belle & Sebastian í Bræðslunni á laugardagskvöldið. Íbúafjöldi bæjarins margfaldaðist um helgina og knattspyrnulið bæjarins, UMF Borgarfjörður, fékk óvæntan liðsstyrk í leik sínum gegn Hetti B í hinni svokölluðu Malarvinnslubikarkeppni.

„Hann var með lausan samning og við tókum hann á staðnum,“ sagði Ásgrímur Ingi Arngrímsson, formaður UMF, í samtali við Fréttablaðið, um Stuart Murdoch, aðalsöngvara Belle & Sebastian, sem spilaði með liðinu í gær. „Hann reyndist vera liðtækur leikmaður,“ bætti hann við

en var ekki jafn ánægður með annan leikmann sem þeir fengu úr fylgdarliði hljómsveitarinnar. „Nei, hann stóð ekki undir væntingum,“ sagði hann og hló.

Höttur B fór þrátt fyrir þetta með öruggan sigur af hólm, samtals 9-5, en leikið var í bikarkeppni ÚFA. „Þetta er utandeildarkeppni sem hefur verið á dagskrá hér fyrir austan í fjóldamörgum ár.“

Ásgrímur segir að óvenju margir áhorfendur hafi verið á leiknum án þess að hafa verið að fylgjast nákvæmlega með hversu margir komu. „En það var fleira sem trekkti að, til að

mynda var Njáll Eiðsson þjálfari með í liðinu og var enginn á vellinum í betra formi en hann, sem er nú 48 ára gamall. Svo var einnig gestþjálfari sem sá um að halda ræðu í hálfleik og endurskipulagði leik liðsins,“ sagði Ásgrímur og átti þar við Guðlaug Baldursson, þjálfara ÍBV, en bæði hann og Njáll eru gamlir Borgfirðingar.

„Þetta var mikil hátíðarstemning og ekki skemmdu tónleikarnir um kvöldið fyrir, þeir voru hreint frábærir.“



## > Birgir og Ólöf neðarlega

Atvinnukylfingarnir Birgir Leifur Hafþórsson og Ólöf María Jónsdóttir luku keppni á mótum sínum í gær. Birgir Leifur á Askorenda-móti í Wales en Ólöf María Jónsdóttir slapp naumlega í gegnum niðurskurðinn á næstisíðasta degi mótsins en í gær lék hún, eins og Birgir, á fjórum yfir pari og samtals tólf yfir. Varð hún í 31.-34. sæti.



## HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

28 29 30 31 1 2 3

### Mánudagur

#### LEIKIR

19.15 Tveir leikir í Landsbankadeild karla þegar Fylkir mætir KR og Valur tekur á móti ÍBV.

20.00 Keflavík og Grindavík mætast í Landsbankadeild karla.

#### SJÓNVARP

16.25 Helgarsportíð á RÚV.

16.40 Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum á RÚV.

19.45 Keflavík-Grindavík á Sýn.

22.00 Landsbankamörkin á Sýn.

23.10 Fótboltakvöld á RÚV.



HELGI SIGURÐSSON Hefur skorað mikið að undanfögnu.

Markakóngur 1. deildar:

## Lið vildu fá Helga lánaðan

**FÓTBOLTI** Fleiri en eitt lið í Landsbankadeildinni gerðu tilraun til að fá Helga Sigurðsson, sóknarmann Fram, lánaðan út tímabilið. Framarar eru með örugga forystu í 1. deildinni og staðfesti Ásgeir Elíasson, þjálfari Fram, að nokkur lið hefðu sýnt áhuga á að fá Helga að láni seinni hluta tímabilsins. Helgi kom heim úr atvinnumenskunn fyrir tímabilið og er hann markahæstur í 1. deildinni með átta mörk. Ásgeir sagði þó að það væri alveg ljóst að Helgi myndi spila í búningi Fram út þetta tímabil.

- egm

ÍR-ingar eru að safna liði:

## Jón fyllir skarð bróður síns

**HANDBOLTI** Handknattleiksdeild ÍR er þessa dagana að ganga frá leikmannamálum sínum fyrir næsta vetur en liðið mun spila í úrvalsdeildinni. Línumaðurinn Jón Heiðar Gunnarsson skrifaði um helgina undir samning við ÍR en hann kemur til félagsins úr röðum HK. Honum er ætlað að fylla skarð bróður síns, Karls Jóhanns Gunnarssonar, sem er farinn til Danmerkur ásamt Hafsteini Ingasyni og Tryggva Haraldssyni.

Miklar breytingar verða því á leikmannahópi ÍR en liðið hefur fengið þá Hjörleif Þórðarson frá FH og hornamanninn Ólaf Sigurðsson frá KA. Auk þess hefur Brynjar Steinsson snúið aftur frá Danmörku.

- egm

## Hef ekki sagt mitt síðasta

Ágúst Gylfason hefur ekkert spilað með KR-ingum í sumar vegna þráláttra meiðsla. Hann var næstum genginn til liðs við annað félag nú fyrir skömmu en KR þarf á öllum sínum mönnum að halda á lokasprettinum.

**FÓTBOLTI** „Menn voru aðallega að hlera mig þar sem ég var ekkert búinn að vera að spila í sumar,“ sagði Ágúst Gylfason aðspurður um fyrirspurnir annarra liða í hans garð en hann er samningsbundinn KR-ingum út sumarið. „En það var ekki vegna getuleysis heldur vegna þeirra meiðsla sem hafa verið að hrjá mig í allt sumar,“ sagði hann í léttum dúr. „Þetta hafa í raun verið 4-5 meiðsli og ein löng sorgarsaga. Nú síðast átti ég að fá að spreyta mig gegn ÍBV en ég meiddist í upphituninni og gat því ekki verið með. Þetta var fyrir viku síðan og er ég enn frá vegna þessara meiðsla.“

Ágúst finnur nú fyrir meiðslum í mjóbaki en að öðru leyti er hann í góðu standi. Hann var að vísu í hópnum hjá KR í fyrsta leik sumarsins en síðan þá hefur hvert óhappið rekið annað. Hefur hann meðal annars gengist undir kvíðslitsaðgerð í sumar.

„Ég fékk til að mynda frí til að fara með fjölskyldunni til Spánar í sumar og náði mér ágætlega þar en svo kom þetta upp nú síðast. Það hefði verið gott að geta notað mig í leiknum gegn Fylki þar sem við erum fálíðaðir á miðjunni vegna leikbanna og meiðsla,“ sagði Ágúst. Indriði Sigurðsson gekk um helgina til liðs við KR en hann verður ekki orðinn gjaldgengur fyrr en á morgun en KR mætir Fylkismönnum í kvöld.

Ágúst segir að KR-ingar hafi ekki verið reiðubúnir að sleppa sér nú um mitt sumar þar sem liðið þyrfti á öllum sínum mönnum



ÁGÚST GYLFASSON Hefur ekkert náð að spila í sumar vegna meiðsla en vonast til að geta verið með KR á lokasprettinum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ

um að halda á lokasprettinum. „Staðan er einfaldlega þannig að KR er í þriðja neðsta sæti deildarinnar og við þurfum alla sem við höfum. Sérstaklega þekki ég botnbaráttuna vel og ekki verra að hafa einhvern með reynslu þar. Það er nefnilega oft sem góðir knattspyrnumenn ná ekki að takast vel á við þrýstinginn sem fylgir því að vera í fallslag. Þar skiptir reynslan miklu máli.“

Samningur Ágústss við KR rennur út í haust og er óvíst hvað tekur við. En eitt er víst að hann ætlar að halda áfram. „Ég er ekki tilbúinn til að hætta alveg strax. Menn hafa verið að athuga að fá mig í þjálfun en maður getur alltaf þjálfað, þess vegna langt fram á

eftirlaunaaldur. En ég ætla að reyna allt sem ég get til að halda áfram sem leikmaður og tel mig eiga fullt erindi í efstu deild í 2-3 ár til viðbótar. Meiðslin geta vitanlega stoppað mann eins og þau hafa gert í sumar en ég ætla að láta reyna á þetta.“

Ágúst hefur aldrei orðið Íslandsmeistari með meistara-flokki en þrívís bikarmeistari, ávallt með Val. „Það hefur auðvitað alltaf verið draumurinn að verða Íslandsmeistari og ekki útséð um það enn. En hvað þetta tímabil varðar ætla ég nú að sjá til hvort ég lagist ekki í bakinu fljótlega og komi sterkur inn, til dæmis í bikarúrslitaleikinn,“ sagði hann og hló.

eirirur.asgeirsson@frettabladid.is

Ásgeir Elíasson, þjálfari Fram sem er í toppsæti 1. deildar, spáir í leiki kvöldsins í Landsbankadeild karla:

## Spáir jafntefli í Suðurnesjaslagnum

**FÓTBOLTI** Tólfstu umferð Landsbankadeildarinnar lýkur í kvöld en þá fara fram þrjár athyglisverðir leikir. Fréttablaðið fékk Ásgeir Elíasson, þjálfara Fram, til að spá fyrir um úrslit þessara leikja en Framarar eru langefstir í fyrstu deildinni og fátt sem getur komið í veg fyrir það að þeir spili í Landsbankadeildinni á næsta ári.

Á Laugardalsvellið mætast Valur og ÍBV í kvöld klukkan 19.15. Valsmenn hafa ekki tapað deildarleik síðan í fimmtu umferð en hafa reyndar verið mjög duglegir við að gera jafntefli. „Ég sá Eyjamenn ekki gegn KR en skilst að þeir hafi spilað alveg ágætlega í þeim leik. Þeir munu berjast fyrir lífi sínu og er mikilvægt fyrir þá að fara að ná inn fleiri stigum. Ég held samt að Valsmenn muni ná að vinna þennan leik, þeir eru á heimavelli og ná naumum sigri,“ sagði Ásgeir.

ÍBV er í neðsta sæti deildarinnar en það verður þó að horfa til þess að aðeins sex stig eru upp í annað sætið. Valsmenn gerðu góða ferð til Vestmannaeyja í þriðju umferð og unnu 3-0 útisigur. Sam-

kvæmt því ættu þeir að taka þennan leik í kvöld en þeir verða þó án Garðars Gunnlaugssonar sem er kominn til Svþjóðar en hann skoraði tvö mörk í Eyjum.

Á sama tíma mætast Reykjavíkurlíðin Fylkir og KR í Árbænum. „Fylkismenn töpuðu á KR-vellinum í fyrri umferðinni og voru hundsvektir eftir þann leik, töldu sig hafa verið betra liðið í leiknum. Ég held að þeir muni núna ná að koma fram hefndum og vinni á heimavelli sínum,“ sagði Ásgeir en KR vann 1-0 í Vesturbænum þar sem Tryggvi Bjarnason skoraði eina markið. Þetta verður tíundi deildarleikur Fylkis og KR á Fylkivelli, heimamenn hafa sigrað í fjórum leikjum, tvisvar hafa félagin gert jafntefli en KR hefur sigrað þrisvar.

Klukkan 20 verður síðan athyglisverður grannaslagur þegar Keflavík tekur á móti Grindavík en leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Sýn. Þetta verður ellefti leikur liðanna á Keflavíkuvelli í efstu deild. Keflavík hefur unnið fjóra leiki, þrjár hafa endað með jafntefli og



REYKJAVÍKURSLAGUR Hér eigast Páll Einarsson og Gunnlaugur Jónsson við í fyrri viðureign Fylkis og KR í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Grindavík hefur unnið þrjá leiki. „Þetta verður hörkuslagur eins og alltaf þegar þessi tvö lið mætast. Það er erfitt að spá fyrir um úrslitin í þessum leik og ég hallast því

bara að jafntefli,“ sagði Ásgeir Elíasson, en leikur liðanna í Grindavík fyrr í sumar endaði með 1-1 jafntefli.

- egm



U-18 lið Íslands í körfu:

## Í 11. sæti á EM eftir tap í gær

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta skipað leikmönnum áttján ára og yngri lauk í gær keppni í B-deild Evrópumótsins sem fór fram á Ítalíu. Liðið lék í lokaleik sínum gegn Írum og tapaði, 71-63, og féll því niður í 11. sæti keppinnar. María Ben Erlingsdóttir var stigahæst í íslenska liðinu með 22 stig en Helena Sværissdóttir kom næst með sautján.

- esá

Hjálmar Þórarinnsson:

## Til Álasunds á reynslu

**FÓTBOLTI** Hjálmar Þórarinnsson, leikmaður Hearts í Skotlandi, mun í dag eða á morgun halda til Álasunds í Noregi þar sem hann verður til reynslu hjá norska 1. deildarfélaginu þar að sögn Ólafs Garðarssonar umboðsmanns hans. Hjálmar var fyrir skömmu til reynslu hjá AIK í Stokkhólmi en félagið kaus að semja ekki við hann þá. Hjálmar fékk að vita fyrr í sumar að hann væri ekki hluti af framtíðaráætlunum þjálfara liðsins. Með Álasundi leikur Keflvíkurlingurinn Haraldur Freyr Guðmundsson.

- esá





RÉTT MISSTU AF GULLINU Ólafur Margeirsson (lengst til hægri) og félagar hans í A-sveit Breiðabliks máttu þola afar naumt tap fyrir sveit FH í 4 x 400 metra boðhlaupi karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum lauk á Laugardalsvelli í gær:

## Silja fékk fern gullverðlaun

**FRJÁLSAR** Hlaupakonan öfluga úr FH, Silja Úlfarsdóttir, fékk flest gullverðlaun í einstaklingsgreinum á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum sem haldið var í 80. sinn á Laugardalsvelli um helgina. Silja varð fyrst í 100, 200 og 400 metra hlaupum kvenna sem og 400 metra grindahlaupi kvenna.

Stjarna mótsins í karlaflokki var þó án efa Sveinn Elíasson sem vann til þrenna gullverðlauna á mótinu. Sveinn setti tvö drengjamat á mótinu, annað þeirra í gær en hann hljóp á 21,99 sekúndum í 200 metra hlaupi karla. Hann er þrátt fyrir þetta á yngri ári í drengjaflokknum og á sannarlega framtíðina fyrir sér.

### STIGAHÆSTU LIÐIN Á MEISTARAMÓTI ÍSLANDS

| KARLAFLOKKUR:  |          |
|----------------|----------|
| 1. FH          | 161 STIG |
| 2. BREIÐABLIK  | 69 STIG  |
| 3. ÍR          | 51 STIG  |
| 4. HSP         | 48 STIG  |
| 5. FJÖLNIR     | 28 STIG  |
| KVENNAFLOKKUR: |          |
| 1. ÍR          | 84 STIG  |
| 2. FH          | 73 STIG  |
| 3. BREIÐABLIK  | 64 STIG  |
| 4. FJÖLNIR     | 40 STIG  |
| 5. UMF SELFÖSS | 32 STIG  |
| SAMTALS:       |          |
| 1. FH          | 234 STIG |
| 2. ÍR          | 135 STIG |
| 3. BREIÐABLIK  | 133 STIG |

Ekkert Íslandsmet var þó sett á mótinu en í karlaflokki hefur nýtt Íslandsmet ekki litið dagsins ljós í átta ár. Sú sem komst næst því að bæta Íslandsmetið í sinni grein var Aðalheiður María Vigfúsdóttir úr Breiðabliki í sleggjukasti en hún kastaði 47,66 metra og var 0,6 metrum frá metinu. Eitt met var þó slegið í kvennaflokki er sveit Breiðabliks setti met í flokki 19-20 ára stúlkna er hún hljóp 4 x 400 metra boðhlaup á 3:58,68 mínútum.

Egill Eiðsson framkvæmdastjóri var hæstánægður með framkvæmd mótsins. „Við fengum frábært veður báða keppnisdaga og það náðist góður árangur í mörgum greinum. Það var mikið um að bæta besta árangur ársins og þá voru nokkur mótmet sett.“

FH-ingar voru með mikla yfirburði í stigakeppni karla á mótinu en það kom nokkuð á óvart að ÍR vann í kvennaflokki. FH vann þó í samlagðri keppni. „Árangur FH kom ekkert á óvart en ÍR-ingar hafa verið að vinna vel í sínu unglingsstarfi og við erum komin með breiðan flokk góðra keppenda.“

Nú á sunnudag hefst keppni á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum en í þetta sinn verður keppt í München í Þýskalandi. Metþáttaka er á mótinu en alls eru 1.370 keppendur frá 48 löndum skráðir til leiks. Íslendingar munu eiga þrjá keppendur á mótinu.

- esá

### SIGURVEGARAR Á MEISTARAMÓTI ÍSLANDS Í GÆR

|                                      |           |
|--------------------------------------|-----------|
| <b>200 METRA HLAUP KARLA:</b>        |           |
| SVEINN ELÍASSON, FJÖLNIR             | 21,99 SEK |
| <b>800 METRA HLAUP KARLA:</b>        |           |
| BJÖRN MARGEIRSSON, FH:1              | 56,16 MÍN |
| <b>5000 METRA HLAUP KARLA:</b>       |           |
| KÁRI ST. KARLSSON, BRBLK.14:         | 55,82 M   |
| <b>400 METRA GRINDAHLAUP KARLA:</b>  |           |
| BJÖRN VÍKINGSSON, FH                 | 52,87 SEK |
| <b>PRÍSTÖKK KARLA:</b>               |           |
| JÓNAS H. HALLGRÍMSSON, FH            | 13,98 M   |
| <b>STANGARSTÖKK KARLA:</b>           |           |
| JÓN ARNAR MAGNÚSSON, FH              | 4,00 M    |
| <b>KÚLUVARP KARLA:</b>               |           |
| ÓÐINN ÞORSTEINSSON, FH               | 16,98 M   |
| <b>KRINGLUKAST KARLA:</b>            |           |
| ÓÐINN ÞORSTEINSSON, FH               | 50,16 M   |
| <b>4 X 400 METRA BOÐHLAUP KARLA:</b> |           |
| SVEIT FH3:                           | 26,12 M   |
| <b>200 METRA HLAUP KVENNA:</b>       |           |
| SILJA ÚLFARSDÓTTIR, FH               | 25,33 SEK |
| <b>800 METRA HLAUP KVENNA:</b>       |           |
| STEFANÍA HÁKONARD., FJÖLNIR2:        | 18,35 M   |
| <b>3000 METRA HLAUP KVENNA:</b>      |           |
| ÍRIS ANNA SKÚLAD., FJÖLNIR10:        | 25,16 M   |
| <b>400 METRA GRINDAHLAUP KVENNA:</b> |           |
| SILJA ÚLFARSDÓTTIR, FH               | 64,41 SEK |
| <b>HÁSTÖKK KVENNA:</b>               |           |
| DAGRÚN ÞORSTEINSD., ÁRMANNI          | 1,65 M    |
| <b>PRÍSTÖKK KVENNA:</b>              |           |
| JÓHANNA INGADÓTTIR, ÍR               | 11,55 M   |
| <b>KRINGLUKAST KVENNA:</b>           |           |
| ÁSDIS HJÁLMSDÓTTIR, ÁRMANNI          | 46,83 M   |
| <b>KÚLUVARP KVENNA:</b>              |           |
| ÁSDIS HJÁLMSDÓTTIR, ÁRMANNI          | 13,10 M   |

Óspennandi keppni í Þýskalandi gær en í heildarkeppninni eykst spennan:

## Schumacher saxar á Alonso

**FORMÚLA 1** Michael Schumacher gerði sér lítið fyrir í gær og vann sinn þriðja sigur í röð í Formúlu 1. Hann vann öruggan sigur á heimavelli á Hockenheim-brautinni í Þýskalandi og var með forystuna frá upphafi til enda keppinnar. Felipe Massa, liðsfélagi hans hjá Ferrari, varð annar, en auk þeirra var Kimi Raikkönen á verðlaunapalli en hann hafnaði í þriðja sæti á McLaren-bíl sínum.

Með þessum sigri náði Schumacher heldur betur að saxa á forskot heimsmeistarans Fernandos Alonso sem varð fimmti í keppninni í gær. Schumacher er núna aðeins ellefu stigum á eftir Alonso í heildarstigakeppni öku-manna en sex mót eru eftir. Næsta keppni verður eftir viku en þá verður keyrt í Ungverjalandi.

Raikkönen var á ráspól í gær en lenti snemma í basli og missti Schumacher langt á undan sér. Keppnin í gær var því ekki ýkja spennandi en Alonso hefur nú hundrað stig í heildarkeppni öku-manna, Schumacher er með 89 og svo kemur Massa með fimmtíu. Staðan í heildarkeppni bílasmiða er þannig að Renault hefur 149 stig, Ferrari 139 og svo er McLaren í því þriðja með 77 stig en langur vegur er niður í Honda sem er í fjórða sætinu.

„Í síðustu þremur keppnum erum við bara einfaldlega búnir



GLEÐI Michael Schumacher og Felipe Massa voru kampakátir með árangur gærdagsins. NORDICPHOTOS/AFP

að vera skrefi á undan öllum öðrum og vonandi náum við að halda því þannig eins lengi og hægt er. Tölur eru alltaf mikilvæggar en í mínum huga er talan ellefu sú mikilvægasta í dag. Það

er forskot Alonso sem ég þarf að ná að vinna upp,“ sagði Schumacher sem er greinilega harðákveðinn í að gera allt sem hann getur til að endurheimta heimsmeistaratitil sinn.

- egm





Á ÆFINGU Jermain Defoe er hér á æfingu með enska landsliðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Lampard gagnrýnir Eriksson:

## Mistök að velja ekki Defoe

**FÓTBOLTI** Frank Lampard hefur gagnrýnt Sven-Göran Eriksson opinberlega fyrir að velja ekki sóknarmanninn Jermain Defoe í leikmannahóp enska landsliðsins fyrir HM. Eriksson tók aðeins fjóra sóknarmenn með sér til Þýskalands, þar á meðal Theo Walcott sem hafði aldrei spilað leik í efstu deild.

„Það hefði gefið okkur meiri möguleika ef Jermain hefði líka komið með, ég spilaði með honum hjá West Ham og þekki hæfileika hans. Það voru mistök hjá Eriksson að velja hann ekki,“ sagði Lampard. Wayne Rooney og Michael Owen áttu báðir við meidsli að stríða fyrir mótið og því voru Peter Crouch og Walcott einu sóknarmennirnir sem voru alveg heilir. - egm

Charlton mætti Valencia:

## Hermann á sínum stað

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson lék í stöðu miðvarðar en Charlton mætti Valencia í æfingaleik seint á laugardagskvöldið á Spáni. Valencia hafði sigur, 3-1, með mörkum Fernandos Morientes, Baraja og Silva en Gonzalo Sorondo skoraði eina mark Charlton. Hermann hefur verið orðaður við nokkur lið á Englandi undanfarið en hann á eitt ár eftir af samningi sínum við Charlton.

Ian Dowie, nýráðinn stjóri Charlton, hefur undanfarið látið Hermann leika í stöðu vinstri bakvarðar en á laugardagskvöldið var hann mættur í sína gömlu leikstöðu. - esá

Evrópumót U-19 landsliða:

## Spánverjar tóku bikarinn

**FÓTBOLTI** Evrópumeistaramóti U-19 landsliða lauk í Póllandi um helgina og stóðu Spánverjar uppi sem sigurvegarar með því að leggja Skotland að velli 2-1 í úrslitaleik. Kristinn Jakobsson dæmdi úrslitaleikinn og gerði það vel. Sóknarmaðurinn Bueno skoraði bæði mörk Spánverja. - egm



HEIMPRÁ Reyes er orðaður við Real Madrid. NORDICPHOTOS/AFP

Leikmannamál Arsenal:

## Reyes þjáist af heimþrá

**FÓTBOLTI** Jose Antonio Reyes, leikmaður Arsenal, vill halda heim til Spánar en hann hefur ekki fundið sig í London. Þessi 22 ára leikmaður var keyptur á rúmar tíu milljónir punda frá Sevilla í janúar 2004 en hann hefur nú verið orðaður við stórlíðið Real Madrid.

„Ég hef ekki náð að venjast lífinu í Englandi og það væri draumur að komast til Real Madrid. Ég hef alls ekkert á móti Arsenal sem er frábært félag og ég hef fengið mikinn stuðning þaðan. Ástæðurnar fyrir því að ég vil fara eru aðrar,“ sagði Reyes. - egm

# Mark Sigurvins tryggði FH sigur gegn Skagamönnum

FH-ingar komust í gær í tólf stiga forystu á toppi Landsbankadeildar karla eftir eins marks sigur á ÍA. Þetta var áttundi tapleikur Skagamanna á tímabilinu en Daði Lárusson varði vítaspyrnu Hjartar Hjartarsonar í síðari hálfleik.

**FÓTBOLTI** Aðeins eitt mark var skorað á Skaganum í gær þegar ÍA og FH mættust en það skoraði Sigurvin Ólafsson í fyrri hálfleik. Skagamenn fengu reyndar kjörið tækifæri til að jafna metin í þeim síðari þegar þeir fengu vítaspyrnu en hún fór forgörðum og því voru það gestirnir úr Hafnarfirði sem gátu brosað breitt á tónleikum Sigur Rósar seinna um kvöldið.

Skagamenn spiluðu hörkuvel á upphafskafila leiksins en um miðbik fyrri hálfleiks fjarðaði spilamennskan skyndilega út. Ellert Jón Björnsson skapaði oft á tíðum usla á hægri kantinum og átti hann fyrsta skot leiksins sem Daði Lárusson varði. Stuttu seinna fékk Tryggvi Guðmundsson dauðafæri en Bjarki Guðmundsson lokaði markinu vel og náði að verja. Það var svo á 38. mínútu sem eina mark leiksins kom en þá urðu heimamönnum á mistök í vörninni, Andre Lindbaek renndi bolt-



SIGURMARKINU FAGNAÐ FH-ingar fagna marki Sigurvins Ólafssonar en Hafþór Ægir Vilhjálmsson er niðurlútur að sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

anum út á Sigurvin sem skoraði með hörkuskoti í hornið.

FH-ingar voru komnir með undirtökin á miðjunni þar sem Sigurvin, Baldur Bett og Matthías Vilhjálmsson voru í aðalhlutverki. Snemma í seinni hálfleik áttu þó Skagamenn flotta sókn þegar Hafþór Ægir Vilhjálmsson átti frábæra sendingu á Ellert Jón sem renndi boltanum á Þórð Guðjónsson en skot hans fór yfir markið. Á 68. mínútu átti Þórður frábæra sendingu á Ellert Jón sem skaut yfir markið en Hermann Albertsson braut á honum og var réttilega dæmd vítaspyrna. Á punktinum fór Hjörtur Hjartarson en vítabaninn Daði Lárusson varði spyrnu hans.

Eftir þetta virtist allur vindur úr heimamönnum og FH-ingar voru líklegri til að bæta við á loka-kaflanum en Skagamenn að jafna. Sanngjarn sigur og eru Íslandsmeistararnir komnir með tólf stiga forskot en Skagamenn töpuðu þarna sínum áttunda deildar-

leik í sumar. „Þetta var erfiður leikur, Akranesvöllur er alltaf vígvöllur sama hvernig liðsins hefur verið. Þeir spila sóknarbolta og taka áhættu og því er sterkt hjá okkur að halda hreinu á móti þeim. Þeir gáfu okkur lítið svæði en við spiluðum bara okkar bolta, Skagamenn spila skemmtilegan fótbolta og gaman að mæta þeim,“ sagði Sigurvin Ólafsson, markaskorari FH.

„Það var gaman að ná að skora, ég gerði það líka í fyrri leiknum gegn þeim. Verst að við spilum ekki oftar við ÍA. Við höfum lent í miklum hremmingum upp á síðkastið og því sérstaklega mikilvægt að ná að vinna þennan leik, við sýndum það að við erum komnir til baka. Við höfum misst máttarstólpa í meidsli en alltaf náum við að setja saman lið og erum vonandi komnir í gang núna aftur,“ sagði Sigurvin eftir þennan góða sigur. - esá



HART BARIST Leikmenn FH og ÍA gáfu ekkert eftir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

Helena Árnadóttir og Sigmundur Einar Másson urðu Íslandsmeistarar í golfi:

## Tveir nýir meistarar krýndir

**GOLF** Þegar Íslandsmótinu í högg-leik lauk í gær á Urriðavelli voru tveir nýir Íslandsmeistarar krýndir í greininni. Sigmundur Einar Másson, GKG, hafði verið með forystuna strax frá fyrsta degi og vann svo karlaflokkinn með miklum yfirburðum. Helena Árnadóttir, GR, þurfti að þreyta bráðabana við Ragnhildi Sigurðardóttur og hafði betur.

Hvort um kynslóðaskipti sé að ræða skal ef til vill ósagt látið en það skal tekið fram að margir atvinnukylfingar Íslands tóku ekki þátt, svo sem Birgir Leifur Hafþórsson, Heiðar Davíð Bragason og Ólöf María Jónsdóttir.

Sigur Sigmundur var engu að síður mjög glæsilegur og vann hann með átta högga mun á þá Úlfar Jónsson, Auðunn Einarsson og Birgi Má Vigfússon en sá síðastnefndi vann í umspili um 2. sætið á mótinu. Úlfar náði reyndar að minnka forystuna í fjögur högg eftir að hafa fengið tvo fugla, á 13.



SIGRINUM FAGNAÐ Sigmundur fagnar eftir að hafa sett síðasta þúttið niður. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



MEISTARARNIR Helena Árnadóttir og Sigmundur Einar Másson með sigurlaunin eftir mótið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

og 14. braut, en hann náði ekki að fylgja því eftir og sigur Sigmundar var aldrei í hættu.

„Þetta er búið að vera erfitt en loksins er þetta búið og ég gerði það sem ég ætlaði mér að gera,“ sagði Sigmundur Einar, kampakátur eftir mótið. „Dagurinn í dag var mjög skemmtilegur en svolítið erfitt að halda einbeitingunni. En eftir að ég náði fugli á 17. braut þá gat ég leyft mér að anda aðeins léttar. Ég vissi að Úlfar var nálægt mér á tímabili en ég hugsaði sem minnst um það og hélt mér við mitt leikskipulag.“

Sigmundur Einar hafði ásamt þjálfara sínum lagt línurnar fyrir mótið á ákveðinn máta og var hann viss um að það hefði skilað sér sigrinum.

Helena var einnig hæstánægð

með sigurinn en hún og Ragnhildur voru einnig jafnar áður en keppni hófst í gær. Snemma dags var Helena búin að dragast þremur höggum aftur úr Ragnhildi en náði að jafna metin fyrir rest og hafði svo sigur í þriggja holu bráðabana.

„Það þýðir ekkert að gefast upp þó að á móti blási. Ég náði að halda rónni í dag og það var það sem skipti máli,“ sagði Helena.

Nína Björk Geirsdóttir úr GKG var einungis einu höggi á eftir Helenu og Ragnhildi og Tinna Jóhannsdóttir, GK, fylgdi svo einu höggi á eftir Nínu. Þessar fjórar voru í sérflökki hjá konunum en sem fyrr segir hafði Sigmundur fáheyryða yfirburði í karlaflokki. - esá



Akranesvöllur, áhorf.: 1300 Garðar Örn Hinriksson (6)

0-1 Sigurvin Ólafsson (38.)

TÖLFRÆÐIN

|                      |                         |
|----------------------|-------------------------|
| Skot (á mark)        | 7-8 (2-3)               |
| Varin skot           | Bjarki Freyr 2 - Daði 2 |
| Horn                 | 3-6                     |
| Aukaspjyrnur fengnar | 1-5                     |
| Rangstöður           | 13-16                   |

| ÍA 4-5-1            | FH 4-3-3              |
|---------------------|-----------------------|
| Bjarki Freyr 7      | Daði Lár. 8           |
| Kári Steinn 5       | Guðmundur 7           |
| Árni Thor 7         | Ármann Smári 7        |
| Heimir E. 6         | Ásgeir Gunnar 6       |
| Pálmi H. 6          | Hermann A. 5          |
| Ellert Jón 8        | Baldur Bett 7         |
| Igor Pesic 6        | *Sigurvin 8           |
| (52. Andri J. 6)    | Matthías 8            |
| Þórður G. 7         | Tryggvi G. 6          |
| Jón Vilhelm 4       | Ólafur Páll 5         |
| (52. Dean Martin -) | (71. Atli Guðnason -) |
| (65. Guðjón H. 6)   | Lindbaek 6            |
| Hafþór Ægir 5       | (81. Allan Dyring -)  |
| Hjörtur 5           | *Maður leiksins       |

STADAN Í LANDSBANKAEILDINN:

|               |    |   |   |   |       |    |
|---------------|----|---|---|---|-------|----|
| 1. FH         | 12 | 9 | 2 | 1 | 21-7  | 29 |
| 2. FYLKIR     | 11 | 5 | 2 | 4 | 14-13 | 17 |
| 3. VALUR      | 11 | 4 | 4 | 3 | 15-13 | 16 |
| 4. BREIÐABLIK | 12 | 5 | 2 | 5 | 19-23 | 16 |
| 5. KEFLAVÍK   | 11 | 4 | 3 | 4 | 20-12 | 15 |
| 6. VÍKINGUR   | 12 | 4 | 3 | 5 | 14-11 | 15 |
| 7. GRINDAVÍK  | 11 | 3 | 5 | 3 | 16-13 | 14 |
| 8. KR         | 11 | 4 | 1 | 6 | 10-22 | 13 |
| 9. ÍA         | 12 | 4 | 0 | 8 | 15-21 | 12 |
| 10. ÍBV       | 11 | 3 | 2 | 6 | 11-20 | 11 |



JUSTIN GATLIN Féll á lyfjaprófi í vetur. NORDIC PHOTOS/AFP

Justin Gatlin:

## Fær ef til vill lífstíðarbann

**FRJÁLSAR** Svo gæti farið að heims- og ólympíumeistarinn í hundrað metra hlaupi karla, Bandaríkja- maðurinn Justin Gatlin, verði dæmdur í lífstíðarbann frá keppni í frjálsum íþróttum. Á laugardaginn sagði hann frá því að í apríl síðastliðnum hefði hann fallið á lyfjaprófi og í gær var greint frá því að B-sýni hans hefði einnig reynst jákvætt fyrir karlhormóninu testósteróni.

Árið 2001 féll Gatlin einnig á lyfjaprófi og reyndist þá vera amfetamín í sýni hans. Samkvæmt öllu ætti hann því að vera dæmdur í lífstíðarbann. - esá

Íslendingar í Evrópu:

## Ólafur lét verja frá sér víti

**FÓTBOLTI** Ólafur Örn Bjarnason lét markvörð Fredrikstad verja frá sér víti í leik með Brann í gær. Það kom þó ekki að sök þar sem Brann vann leikinn, 3-1, og hélt þar með forystu sinni á toppi deildarinnar. Ólafur og Kristján Örn Sigurðsson léku allan leikinn fyrir Brann rétt eins og Veigar Páll Gunnarsson í Stabæk en hann og félagar hans töpuðu, 3-1, fyrir Sandefjord. Birkir Bjarnason sat á varamannabekk Viking sem vann Ham-Kam, 2-1.

Í Svíþjóð vann toppliði Hammarby 3-0 sigur á Häcken. Pétur Marteinsson og Gunnar Þór Gunnarsson voru sem fyrr í byrjunarliði Hammarby en Pétur fór af velli á 58. mínútu. Jóhann Guðmundsson var ekki í hópi GAIS sem tapaði 3-0 fyrir Elfsborg.

Bjarni Ólafur Eiríksson og Hörður Sveinsson léku báðir allan leikinn fyrir Silkeborg sem tapaði fyrir Nordsjælland, 1-0, en þetta var þriðja tap liðsins í jafn mörgum leikjum í upphafi dönsku leiktíðarinnar. Í Belgíu hófst tímabilið um helgina og kom Rústan Kristinsson inn á sem varamaður á 75. mínútu í 2-1 sigurleik Lokeren á Standard Liege en hann var nærri búinn að leggja upp mark. - esá





# VAKNAÐU VEL

Heimir og Sirrý vekja Íslendinga með fréttatengdum dægurmálþætti.  
Ísland í bítíð á NFS og Stöð 2 alla virka daga frá 7 - 9.



digital ísland



Breiðband Símans



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„You're wearing the uniform of the depressed: Sweatpants and a raincoat.“

Svar: Andy úr kvikmyndinni Dog Park frá árinu 1998.

# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: VALGEIR RAGNARSSON HORFIR Á ÍSLENSKA ÞÁTTAGERÐ

## Kóngur um stund fyrirferðarmikill

Nú þegar þættir á borð við Lost og Prison Break eru í sumarfrí fær íslensk þáttagerð ágætt svigrúm til þess að njóta sín. Ég vil ekki ganga svo langt að segja að henni takist að fylla alveg upp í skarðið sem þungavigtarþættirnir hafa skilið eftir sig, en hún hefur þó margt til síns ágætis. Kóngur um stund í umsjá Brynju Þorgeirsdóttur er til dæmis býsna skemmtilegur þáttur. Það verður reyndar að segjast að upphafskynningin, sem sýnir Brynju hoppa gellulega um á eftir einhverju hrossi með myndatökulið á eftir sér, er afsþyrnu slæm. Mér finnst þessi upphafskynning ekki gefa rétta mynd af þættinum því þegar ég sá hana fyrst átti ég frekar von á því að þátturinn snérist um Brynju en ekki hesta. Sem betur fer gerir Brynja þetta vel og er lítið í því að ota sínum tota að óþörfu. Viðmælendur hennar fá að njóta sín vel og oftast er mjög létt yfir þeim. Þátturinn gerir hestamennsku nokkuð

spennandi. Sjóvarpsstöðin Sýn endursýnir svo þættina frá því í fyrra og verð ég að segja að mér finnst það dálítið einkennilegt framtak.

Sprengja þessa sumars átti án ef að vera þátturinn Pípóla sem sjónvarpsstöðin Sirkus hefur gert mikið í að auglýsa. Þær Elín og Sigurbjörg eru rosalega flippaðar og vissulega geta þær verið dálítið myndnar og sætar. Að flestu leyti eru þær þó fastar í bullandi meðalmennsku. Kannski er ekki sérstaklega við þær að sakast því ég veit ekki um marga sem geta þótt vera löggur og gert það rosalega myndi. Hugmyndin að baki þáttunum er einfaldlega frekar þunn. Þær stöllu væru örugglega frábærar í Götuleikhúsinu.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá ná tvær tvítugar stelpur að leika sér með myndavél og hestapáttur ekki að fylla upp í skarðið sem háspennuþættirnir hafa skilið eftir sig. Ég sé að minnsta kosti ekki fram á að ég muni horfa á Pípóla þættina sem ég missi af á VefTV inni á Vísir.is.



KÓNGUR UM STUND Brynja Þorgeirsdóttir stýrir ágætis hestapætti á Ríkissjónvarpinu. Sýn mætti alveg sleppa því að endursýna þá frá því í fyrra.



▶ 20.40  
**Gaman**

THAT 70'S SHOW




▶ 20.50  
**Drama**

RELATED




▶ 20.30  
**Gaman**

JAKE IN PROGRESS



▶ 20.30  
**Drama**

THE O.C.



▶ 21.10  
**Fréttaskýringar**

60 MINUTES

### SKJÓVARPIÐ



### SIRKUS TV

### SKJÁREINN



16.25 Helgarsportíð 16.40 Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (12:26) 18.06 Bú! (24:26) 18.16 Lubbi læknir (22:52)

18.30 Vistaskipti (10:26)  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljós  
20.05 Kóngur um stund (8:12) Hestamenn eru þekktir fyrir að vera lífsglatt og uppátækjasamt fólk – og við fáum að kynna mörngum þeirra. Um dagskrárgerð sjá Brynja Þorgeirsdóttir og Konráð Pálmason. Textað á síðu 888 í Textavarp.  
▶ 20.40 Svona var það (6:22) (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð.  
21.05 Villti folinn í Klettafjöllum (Cloud: Wild Stallion of the Rockies)  
22.00 Tiufréttir  
22.25 Glæpahneigð (3:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvait lögreglumanna.

23.10 Fótboltakvöld 23.25 Út og suður 23.50 Kastljós 0.20 Dagskrárlök

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah (81:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Grey's Anatomy (5:9)  
12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Oliver Beene 13.55 Miss Lettie and Me 15.25 You Are What You Eat 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður  
19.00 Ísland í dag  
19.40 The Simpsons (3:22) (Simpsons-fjölskyldan)  
20.05 Extreme Makeover: Home Edition (2:25) (Hús í andlitslyftingu)  
▶ 20.50 Related (6:18) (Systarbönd) Nýr gamansamur dramapáttur úr smíðju framleiðenda Vina og Beðmála í borginni.  
21.35 Huff (8:13) Hank Azaria leikur Dr. Craig Huffstodt, geðlækni sem jafnan er kallaður Huff. Bönnuð börnum.  
22.35 The Perez Family (Perez-fjölskyldan) Viðfræg rómantísk gamanmynd sem fjallar um ástir og örlög kúbverskra flóttamanna. Aðalhlutverk: Anjelica Huston, Alfred Molina, Marisa Tomei.

0.25 Medium (B. börnum) 1.10 NCIS (B. börnum) 1.55 Normal (Bönnuð börnum) 3.50 The Era of Vampire (Stranglega bönnuð börnum) 5.15 Fréttir og Ísland í dag 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍV

18.30 Fréttir NFS  
19.00 Ísland í dag  
19.30 Fashion Television (e)  
20.00 Seinfeld (7:22) (The Barber)  
▶ 20.30 Jake in Progress (11:13) (Check, Please) Bandarískur grínþáttur um ung- an og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York.  
21.00 Falcon Beach (9:27) (Blame Game) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð.  
21.50 Smallville (12:22)  
22.40 Killer Instinct (9:13) (e) (Shake Rattle & Roll) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. B. börnum.

23.30 Stacked (7:13) (e) 23.55 My Name is Earl (e) 0.20 Rescue Me (13:13) (e) 1.05 Seinfeld (7:22)

19.00 Beverly Hills 90210  
19.45 Melrose Place  
▶ 20.30 The O.C. Ryan og Volchok sættast, Sandy er valin maður ársins og Marissa fer í heimavistarskólann og hittir Kaitlin.  
21.30 The Contender Leitinn er hafin að næstu hnefaleikastjórn! Vinsælasta þáttaröð SkjáEins síðast liðins sumars er hafin á ný.  
22.30 C.S.I. – lokapáttur Bandarískur þættir um stórf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Í lok þessarar seríu sitja CSI félagarnir yfir föllnum félaga og þurfa að taka erfiða ákvörðun um framtíð hans. Einnig þarf hópurinn að rannsaka líf manns sem finnst afhausaður.

23.25 Jay Leno 0.05 C.S.I.: New York (e) 0.55 Beverly Hills 90210 (e) 1.40 Melrose Place (e) 2.25 Östðvandi tónlist

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttarfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádeg- ið – fréttavíðtal 13.00 Sportíð 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður  
18.30 Kvöldfréttir  
19.00 Ísland í dag  
19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, eins konar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða.  
20.00 Fréttayfirlit  
20.20 Brot úr fréttavakt  
21.00 Fréttir  
▶ 21.10 60 Minutes  
22.00 Fréttir Fréttir og veður  
22.30 Peningarnir okkar Ingólfur H. Ingólfsson hefur verið með vinsæl innsög á Fréttavaktinni undanfarna mánuði.

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

### STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Foyle's War 3 (Bönnuð börnum) 8.00 Emil og grísinn 10.00 Hair 12.05 Mona Lisa Smile 14.00 Emil og grísinn 16.00 Hair 18.05 Mona Lisa Smile 20.00 Foyle's War 3 (Stríðsvöllur Foyle's 3) Sakamálamynd. Christopher Foyle er rannsóknarlögreglumaður í Hastings á Suður-Englandi í seinni heimsstyrjöldinni. Hann vildi ólmur ganga í herinn en yfirmenn hans settu honum stólinn fyrir dynnar. 2002. Bönnuð börnum. 22.00 Once

Upon a Time in Mexico (e) (Einu sinni í Mexíkó) Sannsögulegur spennuhasartryllir þar sem græðgi og hefnd eru í fyrirrúmi. Eiturlyfjakóngurinn Barillo áformar að steypa ríkisstjórninni í Mexíkó og taka völdin. En það eru mörg ljón í veginum. 2003. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 In America (Bönnuð börnum) 2.00 Pendulum 4.00 Once Upon a Time in Mexico (e) (Str. bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

11.30 Extreme Close-Up 12.00 E! News Weekend 13.00 THS Lionel & Nicole Richie 14.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 15.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 16.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 17.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 18.00 E! News Weekend 19.00 THS Rod & Kimberly Stewart 20.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 21.00 Sexiest Celebrity Blondes 22.00 Dr. 90210 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 THS Rod & Kimberly Stewart 1.00 101 Best Kept Hollywood Secrets

### AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



# Hobby

MEST SELDU  
HJÓLHÝSI Í HEIMI.

**HOBBY 560 EXCELSIOR OG  
560 UFE PRESTIGE**

**TIL AFGREIÐSLU STRAX,  
HLAÐINN AUKABÚNAÐI  
AÐ VERÐMÆTI 400.000.**



**EINNIG EIGUM  
VIÐ TIL  
AFGREIÐSLU  
STRAX HIN  
VINSÆLU  
KOJUHÚS.**

**HOBBYHÚSIÐ • Sími 517 7040 • Dugguvogi 12 • www.hobbyhusid.is**

NETSALAN EHF.



**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

Kóngur um stund

Sjónvarpið kl. 20.10

**Náttúrufegurð og fjörug stemning**

Í kvöld verður sýnt frá hestaferð með Íshestum um Suður-Þingeyjarsýslu. Gestir í ferðinni eru Agnes Bragadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, Ari Edwald, forstjóri 365, Unnur Steinsson, sjónvarpskona með meiru, Pálmi Gestsson leikari, Magnús Kjartansson tónlistarmaður, ásamt framkvæmdastjóra Íshesta, Einari Bollasyni. Áhorfendur fá að sjá stórkostlega náttúrufegurð í Bárðardal, við Goðafoss og Skjálfanda, ásamt fjörugri stemningu meðal gestanna sem sýna á sér nýjar hliðar sem áhorfendur hafa aldrei orðið vitni að.



**Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 2 | 3 | 6 | 8 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 | 4 | 8 | 3 |
| 7 | 4 | 3 | 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 9 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 2 | 1 | 3 | 7 | 8 |
| 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 7 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 2 | 4 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   | 3 |   |   | 6 | 9 |   |   |   |
| 1 |   |   |   | 8 |   |   |   |   |
| 6 | 9 | 4 |   | 2 |   |   |   |   |
| 9 |   |   | 4 |   |   |   |   |   |
|   |   | 3 | 2 |   | 5 | 4 |   |   |
|   |   |   |   |   | 7 |   |   | 3 |
|   |   |   |   | 4 |   | 7 | 1 | 2 |
|   |   |   |   | 7 |   |   |   | 6 |
|   |   | 8 | 3 |   |   |   | 4 |   |

BYLGJAN, HAGKAUP OG FJÖLSKYLDAN SKEMMTA SÉR SAMAN Í GALTALÆK UM VERSLUNARMANNAHELGINA

# GALTALÆKUR

## SUMARGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR



FJÖLSKYLDUHÁTIÐ Í VÍMULAUSU UMHVERFI

**MÍÐASALA Í FULLUM GANGI**

**SUMARGLEÐIN - STUDMENN  
SKÍMÓ - PAPARNIR - NYLON  
SNORRI SNORRASON  
INGÓ IDOL - BRÍET SUNNA  
FLUGELDASÝNING - VARÐELDUR OG  
SÖNGVARAKEPPNI**

**BYLGJAN**  
20 ÁRA

Galtalækur - þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að tjalda!



DAGSKRÁIN OG VEÐRIÐ HEFUR ALDREI LITIÐ EINS VEL ÚT  
MÍÐASALA Í HAGKAUPUM

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

**19.45**  
Fótbolti  
KEFLAVÍK - GRINDAVÍK



13.50 Íslandsmótið í golfi 2006 18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

- 18.30 Gillette Sportpakinn (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.
- 19.00 Veitt með vinum (Elliðaár) Ný þáttaröð þar sem rennt er fyrir fisk í ám og vötnum landsins. Hér er gefin góð sýn á hið dæmigerða íslenska veiðisumar.
- 19.45 Landsbankadeildin 2006 (Keflavík - Grindavík) Bein útsending frá leik í Landsbankadeildinni.
- 22.00 Landsbankamörkin 2006 Öll mörkin, tilþrífín, umdeildu atvikin og allt það markverðasta úr leikjum umferðarinnar í Landsbankadeildinni.
- 22.30 HM 2006 (Þýskaland - Ítalía) Upptaka frá fyrri undanúrslitaleiknum á HM í Þýskalandi.

0.50 4 4 2 1.50 Landsbankadeildin 2006

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20

Hádegisfréttir 13.00 Sakamálaaleikritið 13.15 Á sumarvegi 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Á Ólafsvöku 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn

19.00 Á sumarvegi 19.40 Laufskálinn 20.20 Kvöldtónar 21.00 Framtíð lýðræðis 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Tónlistarhornið 23.00 Á slóðum Mozarts 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.24 Auglýsingar 18.25

Spegillinn 19.30 Á vellinum 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

**BYLGJAN** FM 98,9

7.00 Ísland í bitið 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

**ADRAR STÖÐVAR**

- FM 90,9 TALSTÖÐIN
- FM 99,4 ÚTVARP SAGA
- FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
- FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
- FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bitið í bænum
- FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



# Sjónvarpskönnunin hafin á Vísi.is

Fréttablaðið birti nú um helgina hverjir væru tilnefndir sem eftirminnilegustu sjónvarpsmenn landsins og hvert væru eftirminnilegustu atvikin í íslensku sjónvarpi. Í dag verður hleypt af stokkunum kosningu á síðinni [www.visir.is](http://www.visir.is) þar sem þjóðinni gefst kostur á að segja sitt álit. Niðurstöðurnar verða birtar í laugardagsblaðinu eftir viku en tilefnið var að fjörutíu ár eru liðin síðan Ríkissjónvarpið fór fyrst í loftið og tuttugu ár síðan Stöð 2 birtist fyrst á skjám landsmanna. Báðar þessar stöðvar eiga það reyndar sameiginlegt að byrjunin fór heldur brösu-

lega af stað. Prufuútsending RÚV fór óvart í loftið degi áður en upphaflega var gert ráð fyrir og eins og margir muna var Stöð 2 hljóðlaus í fyrsta skipti. Fimmtán valinkunnir einstaklingar sátu í dómnefndinni og gáfu þeir allir álit nafnlaust.



Ragnarsson, Bryndís Schram, Gísli Marteinn Baldursson, Magnús Bjarnfredsson, Hermann Gunnarsson og Ólafur Ragnar Grímsson eru þau sex sem eru tilnefnd sem eftirminnilegasti sjónvarpsmaður Íslands.

Atvikin þegar Bubbi Morthens gefur fingurinn í áramótapætti árið 1980, Skeiðarárhlaupið 1996, þegar Gísli á Uppsölum birtist í fyrsta skipti, þegar Hemmi Gunn týnist í beinni útsendingu og þegar stjórnninni slitið á Stöð 2 árið 1988 koma öll til greina sem eftirminnilegasta atvikið í íslensku sjónvarpi.

**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**  
Er einn þeirra sem er tilnefndur sem eftirminnilegasti sjónvarpsmaður landsins.



**BUBBI SÝNIR FINGURINN** Bubbi Morthens lét sitt ekki eftir liggja í áramótapætti sjónvarpsins árið 1980 og sýndi þjóðinni fingurinn.  
FRÉTTABLAÐIÐ/RÚV



## HRÓSIÐ

... fær Dorrit Moussaieff sem verður íslenskur ríkisborgari í dag.

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

## LÁRÉTT

2 teikning af ferli 6 hljóta 8 fiskur 9 suss 11 hætta 12 seytila 14 lúkar 16 í röð 17 niður 18 ennþá 20 guð 21 velta.

## LÓÐRÉTT

1 ákaflega 3 slá 4 veit allt 5 hamfletta 7 áleitinn 10 rá 13 tangi 15 hástétt 16 húðpoki 19 núna.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 ofur, 3 rá, 4 alvitur, 5 aðal, 6 hes, 19 ni. LÁRÉTT: 2 graf, 6 fát, 8 áll, 9 uss, 11 vát, 12 rælni, 14 kæta, 16 hi, 17 súð, 18 enn, 20 ra, 21 snúna.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Kínverskur
- 2 Grundarfirði
- 3 Grænland

EYGLÓ MARGRÉT LÁRUSDÓTTIR: SELUR HÖNNUN SÍNA Í KRONKRON

# Saumaði búning fyrir poppdívuna Madonna

„Maður þarf virkilega að vilja hanna fót til þess að geta komist af í þessum fallvalta bransa sem tískuheimurinn er,“ segir Eygló Margrét Lárusdóttir fatahönnuður. Hún er nýbyrjuð að selja hönnun sína undir nafninu EYGLÓ í búðinni Kronkron á horni Laugavegs og Vitastígs.

Eygló er útskrifuð úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands og eftir námið þar hélt hún beint út til Los Angeles þar sem hún var í læri hjá hinum virta hönnuði Jeremy Scott. „Það var alveg frábært að komast út strax eftir útskrift og þá slapp ég til allrar hamingju við valkvíðann sem fylgir því að vera búinn með námið sitt og vita ekkert hvað má á að taka sér fyrir hendur. Þetta var mjög lærdómsríkur tími og ég kynntist fullt af skemmtilegu fólki.“ Eygló vann hjá Scott í þrjá mánuði og gerðist hún meðal annars svo fræg að sauma búning fyrir Madonna, „Ég veit ekki hvort hún sé búin að klæðast honum einhverntímann en mér var sagt að hún væri mjög ánægð með hann og ég sá mynd af henni í búningnum. Það var mjög skemmtilegt upplifun,“ segir Eygló og hlær.



**GULLITADUR KJÓLL**  
Hér er glæsilegur kjóll úr smíðu Eyglóar.

Eygló hannar fötin sín í litlu vinnuherbergi á heimili sínu og segir að það sé nú stundum mjög þröngt en sættir sig þó við vinnuástöðuna enn sem komið er. Hún viðurkennir að fatahönnun sé mikið hark og að þetta sé mjög erfitt. „Þetta er



**EYGLÓ MARGRÉT LÁRUSDÓTTIR** Ungur og upprennandi fatahönnuður sem var í læri hjá snillingnum Jeremy Scott og selur nú fatnað sinn í Kronkron undir merkinu EYGLÓ.  
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

eiginlega bara spurning um að duga eða drepast þegar kemur að fatahönnun og ég held að ég þrái þetta nógu mikið til þess að geta harkað þetta í þó nokkurn tíma í viðbót. Það þýðir ekkert að gera þetta fyrir peninga enda þeir síðar.“ Eygló reynir að eyða sem mestum tíma í saumaskap og hönnun en vinnur með í ljósmyndaravarsluninni Hans Petersen.

Eygló kaupir öll efnin í gegnum netið eða hér heima og segist vera byrjuð að leggja mikinn metnað í gæðafni. Margir af kjólunum og flikunum sem eru til

ölu í Kronkron eru úr 100% silki. Nýja línan hennar Eyglóar ber keim af útskriftarverkefni hennar en hún segist þó vera búin að róast mikið og hún sé ekki eins flippuð og hún var einu sinni. „Línan mín einkennist af kvenleika og einfaldleika. Flíkurnar eru fyrir fólk sem vill klæðast bæði hversdags og fínt. Ég held að það sé parturinn af því að eldast sem hönnuður. Þá fer maður að meta vandaðan saumaskap og gæðafni betur, en það einkennir mína hönnun,“ segir Eygló.

[alfrun@frettabladid.is](mailto:alfrun@frettabladid.is)

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Verið er að klippa kvikmyndina Kalda slóð sem Saga Film framleiðir en Björn Brynjólfur Björnsson leikstýrir. Þau Þröstur Leó Gunnarsson og Elva Ósk Ólafsdóttir leika aðalhlutverkinn en hún segir frá harðsvíruðum blaðamanni sem heldur upp að hálendisvirkjun og rannsakar þar dularfullt morð. Áætlað er að frumsýna myndina um jóln og því er ljóst að íslenskir krimmaaðdáendur fá sitthvað fyrir sinn snúð þegar söl fer að lækka á lofti því Mýrin hans Baltasars Kormáks verður einnig frumsýnd um svipað leyti. Verið er að leita eftir tónskáldi fyrir kvikmyndatónlistina í Kaldrí slóð og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður tilkynnt eftir helgi hver hreppir hnossið. Nokkrir valinkunnir tónlistarmenn hafa að undanförmu reynt fyrir sér í þessari tegund tónlistar og má þar nefna Jóhann G. Jóhannsson, sem gerði tónlistina fyrir

Blóðbönd, og Mugison, sem samdi hina mögnuðu tónlist fyrir A Little Trip to Heaven og er nú á fullu við að klára tónlistina við Mýrina.



Miklar getgátur og sögusagnir eru uppi um það hverjir standi að baki Orðinu á götunni, [ordid.blog.is](http://ordid.blog.is), vinsælli blogg síðu um stjórnmál og fjölmiðla. Nafn Andrésar Jónssonar, almanna-tengils og frambjóðanda í prófkjöri Samfylkingarinnar, er gjarnan nefnt í sömu andrá og blogg síðan en vitað er að fleiri koma að skrifunum. Einn þeirra sem talið er að skrifi reglulega inn á Orðið er Jakob Hrafnsson, forystumaður meðal ungra framsóknarmanna og bróðir Björns Inga Hrafnssonar borgarfulltrúa. Ef rétt reynist á Andrés þar góðan bandamann enda er Jakob vel tengdur inn í stjórnmálalíf.



# Milt veður um verslunarmannahelgina

„Það eru nýdottnar inn spár fyrir þessa mestu ferðahelgi sumarsins,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, gjarnan kallaður Siggí stormur, veðurfræðingur fréttastofu NFS. Hann segir að það séu komnar reiknaðar tölvuspár sem spá mildu veðri um verslunarmannahelgina með hita á milli 12 til 20 stiga. „Það verður þó ekki sólríkt en skýjað með köflum,“ segir Sigurður og bætir því við að það sé flókt á úrkomuspám en blástur úr suðri sem þýðir að það verði heitt og gott veður.

Sigurður segir að oft hafi verið verri spá en núna fyrir verslunarmannahelgina og geta því tjaldferðalangar og útihátíðarsinnar haldið út á land án þess að óttast kaldar og blautar nætur og eltingarleiki á eftir tjaldinu í miklu roki. „Þessa spá ber samt að varast og gæti hún breyst en þó leggur hún línurnar fyrir næstu helgi,“ segir Sigurður að lokum.

**SIGGÍ STORMUR** Spár mildu og almennt góðu veðri um verslunarmannahelgina.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Upplýsingar í síma 590 2525  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 281, 283 og 284

**Lotto**

Vinningstölur laugardaginn 29.7.2006

2 11 14 26 33

Bónus tala 25

Jókertölur vikunnar

Jóker 7 2 0 5 1

VÍKINGA  
**LOTTO** Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 26.7.2006

Aðaltölur 7 25 37 40 44 46

Bónustölur Ófurlata 6 39 2

Jókertölur vikunnar 1 0 1 1 1

Birt með lýnara um prentbúur



# MORRISSEY

Í LAUGARDALSHÖLL 12. ÁGÚST 2006



Miðasala stendur yfir í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og á [midi.is](http://midi.is)



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



### BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

## Friðsamleg sambúð

Hann: Búenas días, senjór. Afgreiðslumaðurinn: Hola. Hann (við hana): Hvað eru aftur handklæði á spænsku? Hún: Það veit ég ekki. Biddu bara um „towels“. Hann: Tiene távelas por el chambre numero díesesiete? Afgreiðslumaðurinn: How many towels do you need? Hann: Tres eða kannski cuatros. Afgreiðslumaðurinn: Four towels, apartment seventeen, is it? Hann: Sí, muchas gracias. Afgreiðslumaðurinn: Don't mention it. Hann: You speak very good English. You must have excellent schools here in Mallorca. Afgreiðslumaðurinn: I wouldn't know, sir, I'm from Birmingham, I've only been here since May.

**BAÐSTRÖNDIN** hérna í Cala d'Or á Majorcu er hrifandi dæmi um friðsamlega sambúð þjóða. Fólksfjöldinn á ströndinni er svipaður og á fjölsóttu útihátíð um verslunarmannahelgi á Íslandi. Yfir alla fólksmargðina gnæfir einn lífvörður sem situr í háseti og fylgist með að enginn drukknir. Sumum vagma bárunar í svefn þar sem þeir liggja á vindsængum og þá ber lífvörðurinn ábyrgð á því að þeir vakni aftur í sama landi og þeir lögðu frá, en ekki einhvers staðar á ströndum Blálands, berrassaðir, peninga- og passalausir. Síðan ég kom hingað hef ég aðeins séð einn lögregluþjón, sem leið eftir götunni hálfsofandi á gamalli vespu.

**FÓLKID** kemur hingað í leit að sólskini og friði og hver og einn gerir ekki tilkall til meira landrýmis en hægt er að þekja með einu baðhandklæði. Verði manni á að sparka sandi yfir nýsmurðan sóldýrkanda nægir að snúa lófunum vandræðalega að viðkomandi og segja: Verzeihung, sorry, scusi, pardon! Og viðkomandi brosir af ótakmörkuðu umburðarlyndi og segir: Is hókey, no problema!

**Í FRÍÐSÆLDINNI** hér er erfitt að skilja að handan Miðjarðarhafsins, snertispöl héðan, eru samskipti fólks með öðrum hætti. Ég var að lesa í ensku blaði grein um ungan ísraelskan mann sem fer á fætur og drifur sig í vinnuna, sem felst í því að fljúga orustuþotu inn fyrir landamæri Líbanons og varpa sprengjum. Svo flýgur hann heim. Og ef hann hefur hraðan á nær hann að komast á ströndina í sólbað með konu sinni og dætrum fyrir kvöldmat. Manneskjurnar eru skrýtnar.

NISSAN PATHFINDER

## SUMARTILBOÐ NISSAN

### BORGÐU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS

# 500.000 KR.

# VERÐLÆKKUN!

Það hefur líklega aldrei verið hagstæðara að kaupa sér alvöru jeppa. Nissan Pathfinder blandar skemmtilega saman krafti fjallajappa eins og þeir gerast bestir og lipurð flottustu götubíla. Útkoman hefur slegið eftirminnilega í gegn enda er sama hvaða samanburð þú gerir, Pathfinder hefur vinninginn!

Líttu inn og berðu hetjuna augum!

Nissan Pathfinder SE sjálfskiptur  
Verð aðeins **4.590.000 kr.**

Verð áður ~~5.000.000 kr.~~

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.

|                         |                                      |   |
|-------------------------|--------------------------------------|---|
| <b>Ingvar Helgason</b>  | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 |
| Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376                    | Akureyri 464 7942                           |
|                         | Höfn í Hornafirði 478 1990           | Njardvík 421 8808                           |
|                         |                                      | Reyðarfirði 474 1453                        |

## FANGAÐU AUGNABLIKID

... með **OLYMPUS**



Frábær myndavél!

OLYMPUS mju720SW

Tilvalin í útivistina!

Einstök hönnun · Stál hús · Þolir fall úr allt að 1.5 metra hæð · Þolir þrýsting sem jafnast á við 3 metra dýpi · BrightCapture Technology sem auðveldar skoðun mynda og að taka myndir án flass í lítilli birtu. 7.1 milljón pixlar 2.5" LCD skjár · 3 x optikal aðdráttur (38-114mm) · 24 tókustillingar Verð kr. 36.900

**OLYMPUS**

FÆST EINNIG Í:

★ FRÍHÖFNINI

Flugstöð Leifis Eiríkssonar

★ ÁRVIRKJANUM

Eyrarvegi 52, Selfossi, s: 480 1160

★ PIXLAR

Suðurlandsb 52, Reykja, s: 588 3700

★ GEISLA

Flötum 29, Vestm.eyjum, s: 481 3333

★ MODEL

Stílholti 16-18, Akranesi, s: 431 3333

★ BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS

Garðsbraut 9, Húsavík, s: 464 1234

**ORMSSON**

SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800

SMÁRALIND · Sími 530 2900

KEFLAVÍK · Sími 421 1535

AKUREYRI · Sími 461 5000

SJÁ NÁNAR: www.ormsson.is